Melanff

Stutt ágrip

af

Logmanzins Páls Vídalíns

Glóserunum

yfir

Forn-yrdi Lagbókar

Islendínga,

samandregit og inngefit

til

þeß Islenzka Lærdómslista Felags

af

Th. S. Liliendal.

Landsbók. n. 5

Prentat í Kaupmannahöfn af
Jóhann Rúdólph Thiele
árit 1782.

Vidleitnin er hvørium bodin.

Formáli.

Sannindi eru þat, sem eigi verdr ímóti mællt, at mikit hefir því íslenzka túngumáli hnignandi farit, sídan þat stód í blóma sínum á hinni 11. 12. og 13. elld, og jafnvel sídarr á tímum, svo at almennúngr á vorum dögum, med naumindum fær skilit rit þau, er á greindri tíd samin vóru, allrasízt þat er skráð var í enum svo nefndu hærri vísindum. Orsökin til þessa mun án efa vera sú, at þá løgdu menn smámsaman frá sér þá gømlu gódu list, er forfedurnir trúliga idkudu, at færa í rit allzkonar bækur, med því og at óhægindi mørg bægdu mønnum frá slíku starfi; þó verdr eigi neitat, at nockra hríd eptir þetta útløgdu menn bædi af ødrum túngum á sitt mál, og líka skrifudu upp hmislig gód fræði, og svo lengi sú idn varadi, misti túngumálit enn þá eigi svo mikg af fegurd sinni; en þegar lystin til þessa siatnadi, og hinir Þýdversku tóku at æfa kaupskap í landinu, fór

túngunni ávallt hrørnandi dag frá degi, og þetta lagadiz eigi, heldr miklu framar vexnadi þat, nær Dänir tóku at ser einka-høndlun um land allt, því hvørtveggi þessar þiódir, er eigi gátu talat annat, enn þeirra móðurmál, gáfu lanzfólkinu efni og tækifæri til at smída ser hmisliz ordskripi, og ókenda talsháttu, er hvargi áttu heima í hinni hreinu og óbøgudu Norrænu; nú með því at málit er á þenna hátt svo nærta misg umbreytt, þá er eigi at undra, þótt Islenzkir á vorri øld skili eigi rit þau, er í letr vóru færd á enni þrettándu; ná medr þeim hit serligazta reikna løg þau, eptir hvørium lanzlýdr allr á at laga gisrdir sínar, en þat er løgbók sú, er Magnús Noregs-kóngr Lagabætir sendi oß Islendingum árit 1280, með Jóni Løgmanni, og kallaz fyri þá skulld almenniliga Jónsbók; hefir hún nú uppí rúm 500 ár gilldt fyri løg í landinu, og gilldir enn í dag, nema í tilliti til málasókna, þá fylgiz Christiáns fimta Norzku løgum; semuleidis eiga og norzkuløg at brúkaz, eptir Kóngsbrefinu af 19da Februarii 1734 í manndráps-málum og þiófnadar, nefniliga frá 6 til 12 kap. 6. bókar incl., og sá 17. kap. í enni sømu nær allr; svo megu og dómendur hafa þau til eptirsiónar í þeim málum, sem eigi eru vissari løg fyrir, eptir greindu Kóngsbrefi; einnig eru með Kóngsbrefinu af 17. Februarii 1769 færdar inn í landit þær norzku arfatekur, þat er at segia mezti partr

2. kap.

2. kap. í 5. bók Norzkulaga; má því almúgi eigi leida sér í hug, at Norzkulög öll, sem gengin eru á prent í Hrappsey árit 1780, séu, edr hafi nockurn tíma verit lögtekin fyrir Island, at undanteknum þeim greinum þeirra, er nú vóru taldar, heldr á í edru at fylgia Jónsbókar fyrirmælum, og hinum síðari rettarbótum, og skipunum kónganna. En þat má jafnframt klaga, at meztr þorri almennings skilr eigi, ne hefir um lángan tíma skilit tieda lögbók, hvat margir vitrir og lögspakir menn fyri laungu séd hafa, og nockrir af þeim leitaz vid, at ráda þará nockra bót, ámedal hvorra eg vil serílagi nefna sál. lögmannnin Pál Vídalín, sem med sínum commentariis eda Glóserunum yfir þúngskilin fornyrdi lögbókar vorrar hefir giört sig ódaudligan, og hefir hanum einkanliga til þess gengit vanskilníngr bókarinnar medal almennings, þótt hann hafi og leidzt til at rita um ordin sumhvor, vegna þess, at misg vóru afbökut í hinum prentudu lögbókum, er útkomu frá Hólum, á hans dögum; en þat er skadi stór, at þessar glóseranir eru í allt of fárra höndum, med því enginn hefir hingad til ráðiz í, at láta þær ganga á prent (utan þær einar, sem Hr. Conference-ráð J. Erichsen hefir á Donsku gefit oss ágrip af, á ymsum stedum í Sýslumanns sál. Jóns Arnasonar Islenzka Rettargángi, og ritit um þá dönsku túngu, sem Conference-rádit giörvöllu snúit hefir á

látínu, bætt þat og aukit at miklu, við enda hinnar prentudu sögu af Gunnlaugi Ormstúngu og Skálld-Rafni; einnig Bref sál. lögmannsins de jure Patronatus Islandorum, er Sýslumadrinn M. Ketilson hefir á Dönsku snúit og prenta látit); enda hefir sá hálærdi madr, Páll Vídalín, eins og lögmadrinn Sveinn Sölvason í formálanum fyri Tiro juris rett adqvedr, framarr skrifat philologicè enn juridicè, og þetta hefir giört hanz lærda rit svo lángt, at þat kann eigi vel at nota almenníngi til brúkunar at skilia lögbókina. Þessara orsaka vegna, hefir eg tekit mer fyrir hendur, at giöra eitt stutt ágrip af svo mörgum Vídalíns fornyrdum úr vorri lögbók, er eg hefi getat yfirkomiz, og sett þau í rettri stafrófsröd til hægdar, svo at madr ætíd án fyrirhafnar geti fundit hvört vandskilit ord, er verda kann fyrir í lestri bókarinnar, og hefir eg einkanliga framfært þat, er til ordanna eginliga skilnings heyrir, vísaudi þeim sem meira eru lærdir, forvitnir, edr leggia meiri stund á fornalldar-rit, til Vídalíns Fornyrda sjálfra, hvar þau eru öll saman. Eg hefdi at sönnu giört eitt fullkomnara ágrip af þessum ordum, hefdi eg eigi ásett mer at rita verkling þennan, einkanliga fyri bændur og alþýdu, fyrir hvöria eg helld hann ánægiligan; þó hefir eg, ef einhvörir fleiri lesa villdu, reynt til at snúa á látínu ordunum sjálfum, og sumum af þeim líka á Dönsku, en

en bak vid þessa útleggingu sett þeirra skíring í móðurmáli, eptir því sem næzt hefi komiz, at Vidalíns meining vera mundi, og í þessu fylgt bædi stíl hanz og ordatiltæki, sem verda mátti. Eigi hefir eg í þetta safn sett annur af Vídalíns fornyrdum, enn þau ein, sem lögbókin helldr, hefir þó áseett (lofi Gud) at gióra eitt annat, ef þetta verdr álitit verdugt at lesaz, af þeim Fornyrdum úr Grágás, og ödrum fornum frædum, er hann og adrir hafa ritat um. Auk þessa má eg þó geta, at mörg kunna enn nú at vera forunyrdi lögbókar, er Páll lögmadr hefir umritit, er eigi hafa kunnat at koma heri, þar eg hefi eigi getat fengit þau at sinni, máske þau og seu undir lok liðin sumhvör; ne helldr er eg viß um, hvört hann er höfundr þeirra allra; hefir mer þeßvegna litiz, at láta þeßi síðstöldu bída at svo stöddu, og setia þau helldr í hit annat safnit, er á eptir skylldi koma; bidiandi vinsamliga einn og serhvern, er tök hefir á, at liðsinna mer í þessu, bædi med áviſanir um þat, hvör af ordunum hanz egin eru, sem og í því, at leysa mer at skrifa þau upp, er eigi hefi siálfr; Í þeßari grein hefir Hr. G. J. Thorkelín, sem á þat fullkomnazta Safn af Vídalíns fornyrdum, veitt mer stóra adstod, og verit svo gódr at liá mer hit sama, ámedan eg gierdi þetta ágrip, hvad eg hermed þácklátliga vidrkenni.

Þá er enn þeß at minnaz, at Felagsløgin banna, at laung rit af hverju tægi, seliz því til prentníngar; og þetta er orsøkin, hvarfyrir Felagit kann eigi at setia í þetta bindini meirr enn þridiúng þessa ritlings; en losun er á, at þat, sem er eptir, verdi sett í hin sídari, hvørt ár eptir annat, unz øllu er lokit.

Skammstafanir í þessum parti.

Þfb.	leziz	svo:	Þíngfararbálkr.
Krdb.	=	=	Kristindómsbálkr.
Kþsk.	=	=	Kóngspegnskyllda.
K E.	=	=	Kóngs Erfdir.
Mh.	=	=	Mannhelgi.
Kg.	=	=	Kvennagiptíngar.
At.	=	=	Arfatøkur.
Et.	=	=	Erfdatal.
Ffb.	=	=	Framfærslubálkr.
Lbr.	=	=	Landabrigdi.
Llb.	=	=	Lanzleigubálkr.
Rb.	=	=	Rekabálkr.
Fml.	=	=	Farmannaløg.
Þb.	=	=	Þiófabálkr.
Grg.	=	=	Grágás.
Vsl.	=	=	Vigslódi.
Omþ.	=	=	Omagaþáttr.
Hb.	=	=,	Hákonarbók.
Gþb.	=	=	Gulaþíngsbók.
Frþb.	=	=	Frostoþíngsbók.
Hsþb.	=	=	Heidsævisþíngsbók.

Kr R.

Kr R. leſiz ſvo: Kriſtinn Rettr.
Kr R Þ og K. = Kriſtinn Rettr Þorláks og Ketils.
N L. = = Norſkuløg.
D L. = = Dønſkuløg.
Nkß. = = Noregskóngaſøgur
Sturl. = = Sturlúnga.
Grſ. = = Grettisſaga.
Vglſ. = = Vígaglúmſſaga.

Fornyrdi Løgbókar.

A.

Abbadís Llb. 18. (abbatiſſa, Abbediſſe) er dregit af Abbas (ábóti), því hún var á ſama hátt fyri nunnum edr ſyſtrum í ſyſtra-klauſtrum, ſem ábóti yfir múnkum. Nunnu-klauſtur hafa verit 2 her á landi, á Kyrkiubæ og Reyniſtad. Abbadís er á Norrænu, hreinlífismeyia og ſkírlífis eckna húsmódir, edr Gudi helgadra eckna og meyia ſtiórnarmódir.

Abóti Llb. 18. (abbas, Abbed) formadr reglubundinna klauſturmanna, og conventu-brædra, ſem múnkar vóru kalladir hiá oß af monachis, ſvoſem þeir heita einlífis-menn; en abbas, af hverium ábóti er ſmídadr, er bagat eptir Ebreſku abba, ſvoſem væri hann fadir, foringi, yfirvalld, ſtiórnarmadr og forſiónarmadr múnkanna. Þau vóru klauſtur

hér á landi: Múnkaþverá, Þingeyrar, Helgafell, Videy og Þyckvibær í Alptaveri; en á Möðruvöllum og Skridu vóru Priórsklaustur.

Ábyrgd víða í bókinni (1, Obligatio rem aliqvo modo concreditam bene curandi, v. ut suam conservandi, v. etiam certo casu restituendi, An- og Til-svar; 2, periculum v. præstatio eventus) hefir þaraf nafn, at sá sem ábyrgiz, á at borga þat sem í hanz ábyrgd er, at því leiti sem hann þat ábyrgiz: en þó eginlig merking og ættaredli (etymon) glósunnar se audskilin, þá er þó hennar brúkun í lögunum eigi ávallt audskilin. Þær greinir er liósar eru, telr lögmadr Vídalín þessar: Et. 23. skal allt þat fe virda — ábyrgiaz at aungvu, en vardveita sem sitt fe. Et. 24. skal veria því fe — og geyma sem sins fiár, og ábyrgiaz at aungvu. Bádar þessar greinir skiliaz audvelldliga, þá saman eru bornar vid Þb. 15. hvar vardveizlan gierir fyzt einslags ábyrgd, og sídan bætir vid: nema hann segdi þat, þá er hann vidrók (geymslu fenu), at hann villdi at aungvu ábyrgiaz; og þar sem skilmáli sá er í lögum ágvedinn, þá er útslokin su tegund ábyrgdarinnar, sem annars væri í því fólgin, at hirda og vardveita sem sitt se, þat er hann vill vel vardveita; svo eru og liósar þessar greinir: Llb. 3. 23. Rb. 12. Lbr. 2. Fml. 25. 27.

En

En þær þúngskildu eru þær, er nú skal greina: Kb. 20. Et. 24. skal gardzbóndi hanz taka fe þat virdt, og ábyrgiaz sem sitt fe, og hafa gagn af þartil ꝛc. Þar segir Et. 23: skal bóndi — taka þat fe virdt og ábyrgiaz, svosem at ábyrgiaz sem sitt fe, væri at ábyrgiaz med øllu. Jt. Fml. 22. Nú leggia menn hiáfelag — þat skal hann ábyrgiaz sem sitt fe; þat sem eptir kemr í sama kap.: ef hann flytr edr færir annan veg (enn þeir skildu sin ímillum) þá ábyrgiz hann þat fe at øllu (eptir membranis: vid hvívetna) veitir þat at skilia, sídan þat eykr nockru vid hit fyrra, at þetta ábyrgiaz sem sitt fe, se hit sama sem Þb. 15. segir um geymsluse, skal sá er vidtekr, hirda og vardveita sem sitt fe, þat er hann vill vel vardveita, þviat sá kap. giorir vardveizlu eina grein ábyrgdarinnar, og svo at allt þetta liósara verdi, þá lesi menn Christiáns 5 Nl. 5-8-17 (*), því

(*) Artikulinn snúinn á íslenzkt mál hlióðar þannig: Taki nockurr annars manz gótz til geymslu og vøktunar, þá ber honum at geyma þat, eins og sitt egit gótz, en komi eldr í hús hanz, og brenni þat upp, edr þiófar steli því (gótzinu) í burtu, edr fariz þat ásamt med hanz egin fe, þá veri hann ákærulaus, en verdi hanz egin gótzi biargat, og þat sannaz, at hann hafdi tíma og tækifæri til at biarga því gótzi, er hanum var í vørzlur fengit, ásamt sínu egin, þá gialldi hann aptr þat sem hann hafdi til geymslu tekit.

því eptir þeß artíkula bodi megu ſkiliaz Et. 23. 24. ádr inufærdar þúngſkildu greinir. En Kb. 20. og Lbr. 2. ſem tala um efni, næzta því at øllu ſama bádir, þá er eigi ſvo at ſkilia, vegna þeß, er Lbr. ſegir: ábyrgiz at øllu; þat er og furdu athugaverdt, at ſitt fe ábyrgiz hverr madr ſvo, at þegar þat týniz, ſvo at eigi vallda því adrir, þá tekr ſá ſkadann allan, er ſitt fe miſti, og í þeirri hugleidíngu ſýniz þat næzt, at þat ſem einn ſkal ábyrgiaz ſem ſitt fe, ſkuli, ef þat ferzt, verda hanum ſvo til ſkada, ſem hann hefdi ſins egin fiár miſt, en hinum eigi er átti, því hann ſkylldi eiga ſitt óſkadat hiá þeim, er ábyrgiaz ſkylldi ſem ſitt fe. Víſt er þat, at greinin af Fml. 22. mun auugvann leida til þeß at dæma farmanninn til at borga hiáfelags innſtæduna, ef hann miſſir hana og ſitt egit á ſkip-broti, og at øllu þeſſu hugleiddu, meinaz at ordit, ábyrgiaz ſem ſitt fe, muni í flezt-øllum, edr øllum greinum eigi merkia at endrgiallda, helldr at hirda, hafa umhyggiu fyrir og vardveita med gætni, ſvoſem ſitt fe, þat er hann vill vel vardveita, ɔ: han ſkal borga þat fyrir øllum þeim ſkada, ſem hann getr af ſinu fe hrundit, og eigi framarr. Nú er enn Kb. 4. um þat, ſem uppbodit verdr í eindaga, ef engi er ſá þar, ſem vid fe vill taka, þá ſkal ſá ſegia feit úr ábyrgd ſinni, er lúka á — en ábyrgiz vid handvømmum ſínum. Her er tvenzlags ábyrgd talin, fyzt

á hann

á hann at ábyrgiaz vid ollu því, sem hann vard at giøra, medan þat var hanz egit se, svoleidis, at hann tók allan skadann, ef því vard nockut, hvort lamb-burdr edr kelfing, lúngnasótt edr reidarslag; vid afsøgnina fríaz hann frá þessari ábyrgd, og á nú vid því einu at ábyrgiaz, at handvømm hanz eigi valldi þeim óførum; má her fyrir handvømm skilia allt þat er menn siá af vølldum hanz, óvilia edr vanrækt ordit hafa. Nú er enn her at auki, at ábyrgd merkir vogun edr háska, er vidliggr, ef illa tekzt, þá vogat er í háskann, siá Nkß. (*), þá Oddr Ofeigsson sagdi vid skipverja sína: Ferd þessi er med nocqvarri ábyrgd. ít. Sturl. 3 b. 9 kap. Edd. cod. Reg. & Worm. um Hrugni heimkominn: og er hann hafdi skorat á Þór hólmgaungu, þóttuz jøtnar hafa mikit í ábyrgd ꝛc. samanber Vglf. 4.

Afáng Þb. 17. (mulcta) er rettr sá, edr bætur, sem sá er misgiørd lídr, skal fá (fánga) á óretti þeim, er gripir hanz eru brúkadir leyfislaust, hvat lióst er af Gþb. enni fornu Llb. 6. item af semu bók í Leysingsløgum sídazt.

Afángi Llb. 37. (manfio ad reficienda jumenta) á at greinaz frá áfáng Þb. 17. Kálf-

(*) Í Odds Ofeigssonar þætti eptir Flateyiarbók. col. membr. 813.

Kálfskinnabækur (membranæ) af Jónsbók, í þessum stad, og Grg. Lb. 37. lesa áefaungum edr áifaungum, og mun því dregit af æia ɔ: taka hvílld til at kasta mædinni, og blása henni frá ser, eptir aflokit erfidi, og hefir áfángi þaraf nafn, at í þeim hvílldarstødum fái (fángi) menn áe ɔ: æi, blástr mædinnar, edr æskiliga svølun þá er hvíldin færir.

Afarkostr Kb. 15. (atrox & iniqua conditio) er ofhardr kostr, því afar er hit sama sem ofr, um of; þýdir þat allopt hit sama sem yfrit ɔ: miog edr ærit miog. Er málfæri þetta med sama hætti, sem látínumenn kalla numerum infinitum pro magno (óvissa [óendanliga] tølu í stadinn fyrir mikla), er sía má af því, er Edda segir um rætur asks yggdrasils, at þær standi afar-breidt ɔ: þat se geysi lángt ímillum þeirra. Í Landnámu er þat alltídt um hmsa menn, at kalla þá afarmenni, og þat í gódri merkingu, en eigi þeim til nidrunar; med sama móti er enn í dagligu tali afar-reidr edr ofr-reidr, geysi-reidr, miog-reidr; somu ættar og náskyldt er adverbium æfa, svosem æfa-reidr ɔ: yfrit-reidr.

Afsifia ser Et. 28. (â se suisque hæredibus alienare in alterius dominium). Her í ordinu er tropus metaphoræ (yfirfærslu-tropr) dreginn af mægdum, er heita sifiar í gomlu máli;

máli; og er meiníngin, at hann ſkilr ſvo fyrir, at þeir gefnu gripir ſkuli þadan í frá eigi eiga ſkylldt vid hann, ne hanz frændur edr mága, og þeir eigi hafa til þeirra nockurn rett eda tilkall framar meirr.

Á hendur (ſegia ſök einum) Mh. 9. (intendere crimen alicui); þarí fer Ch. Oſterſen villt í ſinu gloſſario, því þeßi talshátt er allr hinn ſami og ſige hannem det paa á danſka túngu vorra tíma, og á íslenzku ſegia á hann; ſvo er og í Pfb. 6. dæmiz þeim á hendur, allt hit ſama og bókin ſegdi: dæmiz á hann.

Áhøfn Fml. 1. 13. 24. (ſarcina navi imponenda, Føring) merkir farar-eyri edr farm-púnga þann, ſem hvor madr hefir á ſkipi, ſem nú er í því danſka og norzka løgmáli Føring, er á fyrri elldum var eigi eins nidr-ſkipat ſem nú, þar ſem visſir reidarar leigia ſkip undir ſitt góz, en í gamallri tíd vorra forumanna, vóru háſetar allir edr ſleztallir kaupmenn, og áttu hvor um ſig hmſan hlut í ſkip-farminum, ſem þeir ætludu ſer til verz-lunar og ávaxta. Áhøfnin kann eigi at vera bundin vid víſt punda ne leſta tal, eins og Biørn á Skarzá meinar, því einn átti meira, en annarr munna, en þó het þat áhøfn, hvorſu lítill ſem farar-eyrir var, og ſkylldi hvor ſegia, hvat margra ſkip-punda- eda leſta-far hann leigi Fml. 7. 13. en ſtyrimadr ſegi til ſkip-

leigu

leigu o: hvat mikit skylldi kosta flutningr og skiprúm fyrir hvert skp. edr lest, en sá er til áhafnar sagdi, hefir undir eins ordit at greina þúnga vorunnar, og hvorshättar hún væri til rúmþurftar í skipinu, því ærinn þúnga og rúms munr er á klædum og járni, vadmálum og lysis- edr flot-tunnum; en þat sem í Fml. 24. stendr: Sessum má telia og áhøfnum, á svo at skiliaz, at í farteкiu skal greint vera, hvar í skipinu hvor skal hafa áhøfn sína.

Alagdir Fsb. 12. (iis indictum) þá má bodstefna þeim þing, er ádr eru álagdir fyri vottum o: þat er lagt á þá med vottum og bodinu, at þeir skuli þingvitum bæta á því þingi, sem bodit segir þeim til sidarr meirr, eins og stendr í Hákonarbók (*): Ørvar álagdar o: vid hvoriar logd er sekt, ef felldar verda.

Alin, medalmadr Llb. 7. 31. 32. 44. Rb. 2. 6. Kb. 5. 6. 26. (ulna, ωλενη, vir mediocris staturæ). Þat er adgætandi, at alinin hefir í fyrri tídum, og þá logbók giordiz, verit sjounda hlut styttri, enn Hamborgar alin (**), svoat þat eigi er at undra, þótt log-

bókin

(*) Hákonarbók hefir nafn af Hákoni kóngi Hákonarsyni, og heitir at odru nafni járnsída; gilldti hún í landinu 17 ár, eptir þat íslenzkir høfdu gengit undir Noregs konóng.

(**) Þessi alin geck í landinu, þá logmadr Vídalín skrifadi ritling þennan, og hefir alltaf gengit frá

bókin kalli þann medalmann Llb. 31., sem er hálfrar fiórdu álnar á hæd, þviat medalmanz vextrinn, sem er 3 álnir vorrar alldar, er þar reiknadr eptir enni fornu alin, og verdr hann þá eptir því gamla álnatali herum hálf-fiórda alin; hafa heraf nockrir rángliga dregit og meint, at medalmanz hædin hafi meiri verit í þær mundir, enn nú; en lögm. Vídalín hefir med gilldum rökum sýnt og sannat, hversu hegómlig se sú almúga villa, at vextr mannkynsins hafi til þurdar og rírdar gengit. 1) Hefdi mannkyninu jafnan aptr farit at vexti og atgiörfi, þá mætti þat á fám hundrut árum verda svo ónýtt, at eigi fengi þat vidhalldit, edr orkat at koma til leidar því, er heyrir til naudsynligrar velfarnanar mannanna, og lífsins vidurhalds, svosem siglingum milli landa, og húsa byggingum, med ödru fleira. 2) Eru þartil engin dæmi á ödrum skepnum, hvartki dýrum, fuglum, fiskum ne skridqvikindum jardar. 3) Er þat og til styrkingar þessari sögu, er David segir um alldr mannanna í sinni tíd Psálm. 90, 10. og daglig reynsla kennir, at eigi er manzalldrinn styttri nú almenniliga, enn þar greinir, og því skylldi líkamans vextr fyrri til þurdar ganga, enn alldrinn? 4) Her-

frá þeirri tíd, er Hamborgarar tóku at æfa þar kaupskap, og allt til þess hinn nýi tarti af 30. Maii 1776 aftók eina sömu, og skipadi í hennar stad at brúka þá dönsku edr sælenzku alin í öllum kaupskap.

til er og áþreifanligr vottr þat gamla valla-mál, sem at fornu og nýju hefir verit í fad-matali mælt, á þann hátt, at eyrisvøllr (10 ál. vellr, dagsláttа) væri 30 málfadmar í hvørt horn, d: alz 900 ferskeyttir málfadmar, og er hvør þeirra eptir hinni gømlu alin løgbókar $3\frac{1}{2}$ alin, en 3 álnir vorra tída. 5) Nidrbrýtr enn framar þessa fávísligu mein-íng um geysi-vext fornalldarmanna, þat er menn vita um legstadi og dys, einnig legurúm samt vopn og herklædi og annan búnat forn-manna, sem menn sed hafa á þessum døgum, edr hafa adra ánægianliga vissu um, med ødru fleira, er løgmadr Páll upptelr, en her er oflángt frá at skira (*).

Alin verdaura Kpsk. 1. Llb. 37. (ulna pretii) alin, þá hún merkir dýrleik edr verd hlutanna, er 2 fiskar edr 4 ß. Sp., edr $\frac{1}{2}$ ortug hin forna, og er þessi merking ords-ins þaraf komin, at á þeim tíma, løgbók giørdiz, og laungu fyrr, og nockrar stundir eptir

(*) Hvat her at framan er skrifat um vext manna, á at skiliaz um mannkynit yfir høfut, og er þat sialfsagt, at her megu undanskiliaz serdeilis til-felli, svosem ef einhvør lídr skort á atvinnu sinni í uppvextinum, þá kann þat eigi annat at vera, enn hann úrættiz at vexti og afli; á sama hátt kunna og skepnurnar at vantúngaz, þegar þær brestr ánægianligt og gott fódr, og verda því minni, og lakari at øllu, enn hinar sem þær eru afkomnar.

eptir þat, gilldti álnar lengd af vadmálinu eins mikit til dýrleika, svosem vottar Kb. 5. Statúta Gizorar Biskups um tíund 1096. og Grg. Llb. 2.

Allr dagr til stefnu Llb. 26. (totus dies [profestus] ad dicam v. causam indicandam & promulgandam) er, at dagr sá, sem á er stefnt, se allr friáls til løgsókna, en eigi nónhelgr, af helgi þeß eptirkomandi dagsins, sem í Páfadóminum tídkadiz bædi eykthelgi og nónhelgi, en þeß er at gæta, at her á eigi fyrir eykt at skiliaz sú, sem innilykr í sér 3 kluckutíma, og er sameginlig (communis) øllum áttundu hlutum dags og nætur, helldr þá, sem er serlig (peculiaris) og eginlig (propria) einnri klucku-stundu, frá því kluckan er hálfgengin fiogur, og til þeß hún er hálfgengin fim, at jafnnærri bádum nóni og midium aptni, sjá Grg. Llb. 5. og Kristinrettana. Hafa þessar leifar Páfadómsins med øllu uppgesit sinn anda, vid trúarbragdanna umbreyting Lutheri, svo at nú eru allir sýknir dagar rettir til stefnu, og annarra løgsókna, medan sól er uppi um sumar, en dagr um vetr, eptir Ffb. 10, nema fimtúdagrinn fyrir þann almennilega bænadag, at ógleymdum þeim tímum, sem eptir bodordi løgmálsins eru fráskildir því, at hallda megi rettargáng og þing edr dóma, hvørir þó eigi fyrirbióda, at lesa mønnum stefnur svo vel þá, sem ella.

Alægia Llb. 55. (equa coitum appetens) sjá blæsma.

Andvirki (1, fænum, 2, varia suppellex, 3, opus utile v. necessarium) merkir 1) í Llb. 34. hey manna, hvart helldr rakat edr órakat, flatt edr sætt á túni edr engium, edr í heygarda komit; samanber Grg. Lbr. 9. og Kr. R. Þ. og K. 2) Merkir þat í Kr. R. alzkonar verkfæri, búsgögn, umbúdir, reidskap, kláfa og króka, reip og klyfbera, og er þessi merking náskyld því, er Llb. 59. talar um andvirki manz í almenningi, en hvortveggi náir eins vel heima í Llb. 5. hvar eflaust meinaz med andvirki allir hagligir hlutir í daudum aurum, svovel skipauaust, fiskihiallr, veidiskáli og heygardar, sem selstödu-bygging, steckr og færiqvíar. 3) Merkir ordit í Grs. 33. þarflig verk edr naudsynia verk.

Arborinn Mh. 2. (adultus, majorennis) er sá sem kominn er til alz rettar (*), arfborinn

(*) An efa hefir skinnbók nockur af lögbókinni, er lesit hefir árborinn í stad þess þær prentudu lögbækur hallda arfborinn, gefit Lögmanni Vídalín efni til at glósera yfir þetta ord; og hefir Studiosus Jón Jónsson frá Urdum, gætinn madr, og vel at sér um marga hluti, gefit mer þá ávísnu, at lögmadrinn muni hafa viliat draga ordit af árum, svoat árborinn væri sá, er kominn væri til fullra ára, og fullkomins rettar til at standa sjálfr fyri málum sínum.

borinn (legitimus hæres), arfgengr, af friálsum forelldrum.

Arduruxi Kb. 6. (bos aratorius), ardr er dregit af erian, en at eria hefir sinn upprunn af αρραω (eg eria), af hverju Látínumenn hafa dregit sitt aro; svo er þá ardr-uxi, eriunaruxi, sá sem dregr plóg í akuryrkju, sem og kallaz akneyti. Er þess vel at gæta, at alzlags yrking jardar er í þeim fornu Noregslegum skilin undir því eina ordi ardrmáli. Annars merkir ardr ástundum ávext, þó per metonymiam efficientis pro effectu (fyrir umnefning hins verkanda fyrir verkunina), því yrkingin er orsok ávaxtarins.

Argafas Mh. 23. (fædi hominum ignavorum gestus) huglausra manna látædi, blaudra manna læti, því argr er eginliga blaudr, huglaus, duglaus, en fas og far er hit sama, því stafirnir skiptaz margfalldliga, og merkir yfirbragd edr látædi, framgaungu og háttu manna.

As á bordi (siá megi) Fml. 20. (pertica, qva pes veli extensus dirigitur [videri possit) o: siá skal, hversu borit er seglit fram edr aptr, og hvar ásinn nedan í seglskautinu liggr út, þegar beitt er, edr ásat út.

Aufundarbót Fml. 19. (satisfactio pro mala intentione) er audsætt at fullretti í peníuga søkum og aufundarbót er med øllu sama, svo og Fml. 18 (*).

Aulmusa Mh. 30. (eleemosyna, Almisse) er miskunarverk, gudsþackaverk, eins og danska glósan Almisse, og er á vora túngu bagat úr grízku máli ελεεμωδυνη (**).

Aundvegi Et. 18. Fsb. 10. (suprema dignitatis sedes, primis temporibus soli, postea vero foribus opposita) er sæti þat, sem andverdt edr aundvert hǫrfir, svosem nú er tídt, at fyrirsæti edr hǫfdingia hǫrsi edr siái til dyranna, sídan hinn forni sidr, er í fyrstunni brúkadiz á Nordrlǫndum, nidrlagdiz, þá er menn

(*) Þat er audsed, at ordit Aufundarbót er samansett af aufund og bót edr bótum ɔ: fiárútlátum, en aufund kann þá eigi í þessum stad at hafa sømu þýdingu sem nú tídkaz í dagligu tali, er þat tekzt fyrir invidiam ɔ: nær menn siá offiónum yfir annara velferd, helldr merkir þat her, sem audskilit er af tøldum kapítulum í Fsb. illvilia (malevolentiam s. malam intentionem), eins og stendr í Lokasennu: Sízt þú ásom aufund um gialldir.

(**) Ordit aulmusa brúkaz og í fornum frædum í hverfum skilníngi (translata significatione), fyri vesalmenni og þann sem þarf at bidia ser brauds og þiggia aulmusu. sia Olafs S. Tryggvasonar p. 186. og annarstadar.

menn høfdu veizluſtofur ſínar tvídyradar, og var lángpallr edr beckr eptir endilaungu gólfinu, var kóngshásæti á midium lángpalli, en drottníng ſat á vinſtri hønd, var þat kallat konóugs aundvegi, þótti þat ſæti vegligazt úti frá á hvørn veg, en óvegligazt þat næzt var dyrum, ſkylldi kóngr vera á þeim beck, er viſſi mót ſólu; annat aundvegi var á hinn óædra beck, gegnt kóngi, ſkylldi þar ſitia hinn æðſti rádgiafi, fyri konóngs ádryckiu. Þeſſum ſíd breytti Olafr kóngr Kyrri, og let giøra hápall, um þverar veizluſtofur, ſem nú urdu eindyradar, og ſetti konóngs hásæti á midian þverpall. kalladiz þat nú aundvegi fyri þá ſkuld, at þat var aundverdt dyrunum, en aundvegin fornu á lánghlidar-becknum af því, at þau viſſu mót ſólu, og aundvegi á óædra beck, vegna þeß þau høfdu mót kóngs hásæti (*).

Auregi Kg. 4. (inops) auregar nefnaz hiónin hér, ef þau eigu minna fe, enn til 3 hundrada, þá þau ſamankoma, en í Kb. 7. megu þeir eigi kallaz auregar allir, ſem eigi giøra tíund, helldr þeir einir, ſem ecki hafa

(*) Til at fá enn frekari ſkíríngu á því, hvørſu Aundvegunum hafi háttat verit, og hvar þau ſtadit hafi í ſet-ſtofunum, þá ſkodi menn málverkin yfir ſlíkar ſetſtofur (hypocaulta) í Gunnlaugs ſøgu Ormstúngu enni prentudu, hvar þetta allt er náqvæmliga fyri ſióuir ſett.

til skuldalúkningar, auk hversdagsklæda, at undanteknum þeim búsföstum aurega, sem konu og börn hefir at annaz og framfæra. Hefir auregi nafn af því, at hann er úr-eigi, úr-þeirra tölu, sem egu fe nockurt, eins og aur-saudi, saudlaus, ørbyrgd, ørbyrgdr, sem er úr byrgd, eigi er borginn, byrgr, ørendr, sem úr er önd. Örverpi segiz um suglana, sem eru úr varpi, effæta volucris, og per tropum einnig um mennina: kalli hvørium kemr at örverpi. Örœfi, fram úr œfi, Örœfisfiöll ɔ: svo laung yfir at fara, at meiri tíma kostar, enn manz-œfi, ít. óbygdir, sem aungvum manni er œfi sín í alandi (*).

Aurvarþing Mþ. 10. (forum telo indicatum, ad inquirendum de homicidiis & vulneribus gravioribus) hefir verit ransóknar-þing um víg og stór sár, á hverju dœma átti um víglýsing, segu hinz sára, sjónar-vitni og náttstad, sem allt heyrir til ransóknar og undirbúnings á eptirmálinu. Þat er augljóst af því er eptirkemr í þessum sama kap. at þat hefir lögtekin venia verit, at samdœgris og víg var

(*) Studiosus Jón Jónsson, sem ádr er getit, helldr, at madr kynni einsvel at draga þetta ord Örœfi af úr-hœfi (extra cultum & habitationem), svo at þat þýdi eiginliga þat land, sem eigi er hafst, brúkat ne byggt af neinum manni: allt eins og þat ord Audœfi er samansett af ordunum Audr og hœfi (habitio, quod habetur), sem myndat er af því at hafa (habere).

var unnit nálægt mannabyggdum, edr madr særdr stórum sárum, skylldi ør uppskera, og senda í byggdina til at safna mønnum; er því líkligt, at því væri ør skorin, at kalla menn á henna fund, at hún skylldi sýna þat um víg edr sár ætti samkoman at vera, og lids væri þørf til eptirfarar til at hepta og høndla veganda til ransóknar og lagadóms á málinu. Mátti þessa ør at daudum mønnum og aflimdum þeckia frá herør af því, at af einum manni mun borin hafa verit, en herør fór yfir land med sterkri fylgd. Hvat lángr þingfrestrinn verit hafi, d: 3 nætur, og hvar þingstad hafa skylldi, þat er augljóst af þessari grein Hákonarbókar í Mh. Aurvar eru þær þriár, er fe liggr við, ein aur at daudum manni, ønnur at sárum hinum meirum, þridia er madr er aflimadr, erfíngi skal aurvar skera samdægris, er hann lætr líf sitt, eda hinir skilríkuztu návistarmenn, ef eigi er erfingi vit, fyri vottum, og hafi þing þrínætt, þar sem víg er vegit, eda á grafarbacka, þá megu þeir dóm dæma. En hvat her kalliz hin meiri sár, sem þeßi 10. kap. Mh. í vorri løgbók skírir eigi gløggt frá, og þó er naudsynligt at vita, til at siá, hversu sárr madr megi ørvar upp-skera, þat lærum ver af Grágás, er hún segir Vsl. 7.: þau eru hin meiri sár, heilund og holund og mergund. Þat er heilund er rauf er á hausi til heila. hvart

sem hann er høggvinn edr ryfnadr edr brotinn. en þá er holund er blód má falla á hol úr sári. en þá er mergund ef bein er í sundr til mergiar þat sem mergr er í.

Auxarþærur Rb. 6. þorskr flattr álnar í auxarþærum (asellus resectus [& expansus] ulnam latus inter extremitates juguli s. per transversos humeros). Løgmadr Vídalín segiz heyrt hafa 2 kotúnga í Austfiørdum kalla saudar-skamrif Saudarþærur, sem kallaz sudr á landi steilur, en í Nordurlándi skamrif, og skylldu bógarnir vidfastir standa út eins og hendur á daudum kroppi, er Nordlenzkir kalla handakelling; af því ályktar hann, at svosem á krosinu heiti þærur þat, sem næzt er fyrir aptan hálsinn, þá þat er uppklofit og útstanda bógarnir, svo heiti þærur á slottum fiski, þunnilldisnefin, sem næzt eru fyrir aptan qverkarnar, og se þat kallat í auxarþærum, sem er útá bædi þunnilldisnefin. Hnacki fiskfins þar innfrá eru axlir hanz, en axlir á mennum heita auxar, og munn því mega hafa sama nafn á fiskinum.

Avæni KE. í 7. erfd. (res sperabilis) ɔ: sem von er á, ørvæni, úr von, banvænn, sá bana er von, ørvona er óvæna, úrvæna.

Barón

B.

Barón ÆE. 5. (Baro) er ein Frønsk og Italisk glósa, og er allt hit sama og lendr madr.

Bast Lib. 33. (vinculum, Bast) er band edr taug; þat er og þat sem nærst er undir berkinum á lifandi vidum (*).

Biálki Lib. 9. (trabs, tignus, δοκος, Bielke) er allt stór-tre í húsum, sem eigi stendr uppá endann, hvort sem þat liggr þvert um, edr lángs eptir, svo þat heita einsvel ásarnir, sillur, vaglar, vegglægiur, sem bitarnir.

Biórverplar Fml. 2. (vasa, quibus servatur & reconditur zythus & cerevisia, cadus) hafa verit ker eda tunnur til at geyma og flytia í øl og biór.

Biørgvin Kb. 26. (Bergæ, urbs Norvegiæ, â saxis præruptis circumjacentibus sic dicta) merkir borgina í Norvegi, þá sem nú er kollud Bergen, og er borgarinnar nafn dregit af biørgum þeim er um stadinn girda á þriá vegu. Þann kaupstad setti fyrst manna Olafr

(*) Þessi glósa finzt og í ødrum túngum, nefniliga Svenskv, Þýzku og Hollenzku sømu merkíngar og her at ofan er greint, og er bast dregit af at binda, sem hefir batt í fullkominni stund (tempore perfecto). sjá J. Ihres glossarium Svio-gothicum og J. G. Wachters gloss. Germanicum.

Olafr kóngr Kyrri son Haralls kóngs Hardráda, en ádr sýniz þar verit hafa bónda bær edr gardr og kyrkiu-stadr.

Biørgvinar aſkr mótmarkadr ibid. (Modiolus in foro Bergenſi ſignatus). Þetta mót er løgþingit, á hvorriu aſkrinn ſkal merkt vera: þann helldr Løgm. Vídalín tekit hafa fiórdúng, af því er fyrr ſtendr í þeſſum kap. Kvennaſkar eru IIII. í fiórdúngi. þar ſegir Frþb. í ſidzta kap. Kb.: þar er fyrſt aſkr og hálfr aſkr, bolli og hálf-bolli, juſta. og eru tvær juſtur í hálf-bolla, en tveir hálf-bollar í bolla, fiórir bollar í aſk. Vill þá bolli verda 5 merkur edr $2\frac{1}{2}$ pottr, hálf-bolli $2\frac{1}{2}$ merk d: 1 pottr og 1 peli, juſta $1\frac{1}{2}$ merk d: $\frac{1}{2}$ pottr og $\frac{1}{2}$ peli.

Bláſtur-jarn Kb. 5. (rude ferrum) er þat ſem fyrſt rennr ſaman í hnøtt edr hellu raudaſmidiunnar; ásmundar vóru fordum daga ſvoſem ſyndr, er tekit var frá raudaſmidiu misg hruſótt, reynduz opt vel til bits, ſumir vóru hnøttóttir, ſumir aflángir, en flotr á þeim fleztum, fáir minni enn liáſefni, fáir ſtærri enn tvø; annat var ſtánga-jarn, ſem taxtinn (*) nefnir; ſiá Fellu-járn.

Blæs-

(*) Her á at ſkiliaz Taxtinn af 1702, því ſá nýi nefnir eigi ſtángajárn.

Blæsma Lb. 55. (agna, capra prona in venerem). Þessi glósa segir náttúru-edli saudarins, þegar ásaudrinn edr geitin vilia fríósgaz, eins og álægia segiz um hrossit, ræda um sy, yrna um kú, breima um kettiun, og lóda um hundiun í líku tilfelli.

Bókarvitni Lb. 40. (testimonium juramento confirmatum) er vitni med bókar-eidi svarit, og at bóka søgu á þingi Mh. 9. er at sveria søguna med bókareidi, saga bókut er svarin saga, at virda vit bók, er at vinna eid at virdingu.

Boløxi Fml. 9. (Securis caudicalis v. lignaria) er vidar øxi høfd til at fella skógar-eikur, og skídi til elldividar, og hefir nafn af því, at hún fellir bol eikarinnar frá stofninum, sem er høfut skógar-eikurinnar, edr høfut-stofn. Slíkar axir vóru og at vopni hafdar, sem Svarfdæla 2 kap. og fleiri søgur votta.

Bryti Ffb. 10. (promus, condus) er dregit af at brióta þat er í sundr skal skipta, þadan er í dagligu máli at brytia fisk og kiøt; var þat brytanna verk, sem enn er kunnigt á Biskupsstólunum, at þeir skuli deila til þiónustufólksins þat, er búsins naudsyniar útheimta, og þeim var í hendur fengit af húsbóndanum, svo at þeir vóru rádsmenn yfir heimabúi,

og

og hefir sú stett her á landi verit meirr til sæmdar enn óvirdingar talin, sem sía er af þessum sama kap. A Kóngs gerdum, Hertuga, Erki-Biskupa og Jarla vóru slíkir ármenn kalladir.

Búlkabrún Fml. 17. 24. (supercilium oneris navalis) þat var kalladr búlki (*), þá farángr skipveria var hladinn saman fram og aptr á skipinu, svo at tæki upp af þilium, en brún hanz má her skiliaz kantrinn af búlkanum, og eginliga sá, er viþi inn til siglu.

C.

Chirographum Kb. 12. merkir eptir ordsins hliódan egin handskriftir, en eptir laganna meiníngu heitir þat á þessum stad bref þau, sem at ofan eru skorin í króka marga, svo at þegar þau aptr væru samansett, mætti lesa á bádum samsettum brefunum þetta ord Chirographum; mætir þá skard odda, og serhvor leggr bókstafanna sínum fráskornum parti (**), er þá byriat at skrifa á midiu bókfellinu,

(*) Nú er slíkt almenniliga kallat búnki.

(**) A þenna hátt eru enn á vorum dogum tilbúnir hinir Algieríska sió-þássar Kóngs vors, þó med þeim mismun, at ordit Chirographum stendr eigi á þeim, helldr í þess stad mynd eins herskips, sem á er preutud med stimpli, og eins skorin í króka marga.

fellinu, og hørfa brefin hvørt frá ødru á þennan hátt:



Þat giørum vid Dagfinnr Løgmadr í Gulaþíngsløgum, og Gunnar løgmadr í Þrændaløgum ꝛc.

Heita slík bref chartæ dentatæ af oddunum sem upp af þeim gánga, samanber C. 4. N. Kb. 11. og Ostersens glossar. udskaarne Skrift.

D.

Dock Llb. 35. (puteus, fovea) ef hroß er rekit í dock edr dý, segia þær gømlu trúverdu skinnbækur, en sú prentada løgbók: beck edr dý. og meinar bókin her gryfiur allar skadvænar, hvørt sem í þeim er vott edr þurt; er þat mieg eptir edli vorrar túngu, at ídka slíka upphafs stafanna ítrekan á þeim ordum, er næzt hvørt ødru standa edr allskamt ímilli, og er þat snilli stór og málsfegurd. Dý megu paludes heitä, en dock puteus edr fovea,

vea, hvørt sem er vot edr þur, hvørt heldr giørd af vatni edr manna høndum (*).

Drottinz-svikari Mh. 4. R. B. H. K. (Domini proditor, h. l. cui nulla fides). Þat má ráda af þessum kap. Mh. at fleiri seu her meintir med drottinz nafni enn kóngr alleinn, því bókin tekr þat til svo skilmerkiliga, at þau drottinz-svik, er ske mót kóngi, og med landrádum eru bløndut, útilyki erfingia frá arfinum; þat er víst, at drottnan sú á her heima, er þeirrar fornalldar menn høfdu yfir prælum sínum og ambáttum, og vóru

(*) Þessi glósa (Dock) mun án efa dregin vera af því Engilsaxíska ordi dican (at grafa), hvadan hit þýzka Deich og Teich (díki) er komit; þessa meiníngu styrkir og þat, at á Midalldurslátínu þýdir Doccia, Doga, Doha og Dugaria eina gryfiu, og á Italisku heitir díki enn í dag Doccia, hvat eigi er lángt frá þeirri meiníngu, sem á Islandi brúkud er, þá menn nefna docku lág grasivaxna, sem hvargi rennr merkiliga frá, og er í fyrstu ordin af því, er vatn hefir grafit sig nidr, en er þó sídan þur ordin og grasi gróin; sama uppruna er danska ordit Dukke, þat er at segia: Grøf ein giør med kunztu, hvari herskip og annur haf-skip eru endurbætt, tilbúin á þann hátt, at vatnit kann at leidaz í hana, þá skipin fara út og inn, en á medan smídit varir, er vatninu frábægt og leidt ígegnum stocka og stíflur í nockurn annan stad, og heitir þvílík grøf á Þýzku Ducke, hiá Svínum Docka, og á Enska Dock. sjá J. Ch. Adelungs Hochdeutsches Wörterbuch.

vóru þeir skap drottnar kalladir, sjá Grg. í Vsl. 57. Kr R. forna. Hsþb. 34. og Gþb. fornu; því í tíd Magnúsar Lagabætis vóru eigi prældómarnir alldeilis afteknir. Lánardrottinn tekr miklu vídarr, og grípr í ser alla þá, sem med einhverri yfirbodan hafa valld yfir ødrum. Eru øll svik vid slíka yfirbodara, drottinz-svik, sem líf þeirra, æru, virdíng edr embætti forráda, já og góz undan herrum sínum, ef þat skedr med ásettu rádi; svo er einn landseti drottinz-svikari, ef hann visvitandi lætr undan jørdu síns lánardrottins hesda lanz-nyt edr adra kosti. Þat er víst, at øll drottinssvik vid Kóng eru sannarligt æruleysi, og í fleztum ødrum tilfellum munu þau svo vera, hellzt ef svikin giøraz af ásettu rádi, til lífs- edr ærutións edr smánar edr fiárskada.

Dubl Þb. 18. (lúsus alearis, hazard-spil, Dobbel) af duplex tvøfalldr, en ordit merkir her tebling eda spilan, er tveir leika saman.

Dønsk túnga Et. 23. (lingva septemtrionalis, appellata Danica). Þat vottar Grg. Vsl. 37. at Dønsk túnga, sem og kallaz Norræna, se vor íslenzka túnga, er brúkud var, þá vor løgbók giørdiz árit 1280. og fyrr hjá Dønum, Nordmønnum og Svíum, og þeim er Orkneyiar, Hetland, Grænland og Færeyiar byggdu, þegnar Noregskonúngs,

og á Islandi; þó hefir hún alldri Orkneyízka, Hialltlenzka, Grænlenzka ne Færeyízka kollut verit, þótt hún hafi gengit á þessum løndum, eigi helldr Islenzka, fyrr enn sidarr á øldum, þá hún var svo umbreytt vordin hiá Dønum, Nordmønnum og Svíum, at þeir eigi skildu sitt forna móðurmál í vorum munni, sem þá høfdum þat einir eptir hreint og óbagat; skedi sú umbreyting túngunnar í Noregsríki hellzt merkiliga í tíd Eiríks kóngs af Pomeren. Hvat Gunnlaugssaga Ormstúngu sýniz at giøra hana vídlendari enn nú er sagt, þat hefir eigi stad í vorri løgbók, sem giørdiz meirr enn tveim hundrut árum eptir þat Vilhiálmr Bastardr vann England 1066. og færdi þar inn Vallanztúngu, og vid þat útslocknadi hin Danska túnga í Englandi, er Engilsaxar høfdu þar fyrst innfært, en Lodbrókar synir á fætur reist og eflt at nýiu. Á sama hátt var og Danska túngan útslockin, þá Vsl. var ritadr 1117. 1118, og því er þat af sama grundvelli øldúngis víst, at hann fráskilr Enska túngu frá Danskri.

E.

Einmánadar-samkoma. Llb. 54. (conventus ultimo hyemis menſe habitus) var eitt serdeilis vor-þing um ymisligar hrepps naudsyniar, einkum gardabót, halldit á einmánudi edr lánga-

føstu

festu, og var þat hin fyrsta gardlagsstefna, er nefndr kap. síðarr umgetr.

Erki-biskup K. E. 5. (Archi-Episcopus).

Eykr, víða í løgbókunni (equus jugalis v. clitellarius, jumentum). Eykir eru hestar littvandir, og meirr klyfia-hestar, enn reid megi þá prýda.

Eyrir víða í bókinni (h. l. significat 1, bona mobilia, 2, qvævis bona tam mobilia quam immobilia, 3, pretium sex ulnarum) hefir hnisligar merkingar. 1) Tekzt þat fyrir lausa-fe adskilit frá fasta-gózi Pfb. 5. KE. 5. Mh. 1. 2. 4. At. 28. Lb. 30. og Pb. 1. heradauki er farareyrir Pfb. 2. nockrum-sinnum nefndr alzkonar lausa-fe, þat er løg-rettumønnum gellzt til þeirra þingfarar. ít. Lbr. 1. 2. 9. 12. Pb. 23. sakeyrir. ibid. en virda þó til fullra aura, er þat likligt, at þessi sidztu ord merki verdaurahæd, og skuli í sakeyri leggia svo mikit, at jafnbodinn se hvørr eyrir 6 álnum vadmáls, sem at eru skip-adar svosem mælipradr løgaura Kb. 5. At þessum tveim sidztu greinum frátøldum, er í øllum hinum uppreiknudum løgmálsins ordum, þat sett andspænis edr gagnvart ødru land og lausir aurar, svo at glósan aurar edr eyrir merkir alltíd lausafe en eigi fasteignir. 2) Þá er enn at finna forlags-eyrir í sum-um greinum bókarinnar, þar er lausafe mein-

ar, en eigi fasteignir, svosem At. 21. hardliga halldinn af þeim forlags-eyri d: avextum 5 hundrada. 3) Merkir eyrir alzkonar eigur manna fastar og lausar, qvikar og daudar, svosem í At. 19. 20. 21. 22., svo er og rettskilinn forlags-eyrir Fsb. 1. 2. 7. 12. fast og laust góz, er af kann at gánga árlig renta, 12 álnir af hundradi. 4) Meinar vor løgbók, sem sidarr náqvæmligarr útskírt verdr í mørk, eyrir, ortug, ætíd 6 álna eyri silfurs talinn, í ollum sektar áqvædum, en þótt her á landi, og annarstadar væri tídkat fleira slags auratal, svo vóru hiá oss 3 álna aurar Sturl. 3. B. 29 kap. Hiá Nordmønnum og Svíum 9 álna eyrir. Til var og hiá Nordmønnum 10 álna eyrir, og loksins 12 álna edr silfurmetinn eyrir, er Eysteinn Erkibiskup útsníkti hiá Nordmønnum; sá var og hiá Svíum.

F.

Fals Fml. 2. (crimen falsi, falsum) er þá menn skýla illu undir gódu, svosem kopar undir gulli, en flærd er þá madr selr illt fyrir gott, samanber Járnsídu í kaupabálki.

Fátækr, Fátæki Fsb. 7. Mþ. 4. (pauper, pauperies) er dregit af því, at fátækir egu á fáum hlutum at taka, ef nockut vilia útretta, þat sem efni krefr og fe þarf til at kosta.

Fellu-

Fellujárn Kb. 5. (ferrum procuſum) er uppſmellt og at nýiu ſodin ásmundajárn, þau er med hinni ſídari ſmelltingu ſamanhlaupa fyrir ablinum í ſvo ſtóra járn-hnetti, ſem teyngur þartil gierdar fá yfirgaupnat, og ſídan eru med hamrinum ſlegnar í þær aflaungu ſteyngur, er menn allopt fá hiá kaupmønnum, en þó tídazt ſundrhøggnar í ſmá ſtycki, er almenníngr kallar járnmillti, og er þat Fellujárn, ſem løgbók nefnir, allt hit ſama ſem ſá Danſki tarti (af 1702) kallar Stangejern; høfum vær ennú leifar glóſunnar, þar vier køllum nidrfellujárn þat ſem í mørgum járnbrotum rennr ſaman í einn køck fyrir ablinum, og þareptir er ſlegit í teina á ſtedianum.

Fen Llb. 23. (palus, loca limo & aqvâ repleta) þat heita vatzbleytur, med ſlúinni grasrót yfir, og er ſvo ledian undir grasrótinni; líka þar ſem húdlauſir vatzkílar liggia, einnig pyttir diúpir, og litit gras ofan yfir. Stór fen eru díki.

Feſta eid, løg, fe (ſpondere juramentum, leges, pecuniam) o: lofa, heita, tilſegia, Mh. 23. Llb. 15. 16. 25. 26. 27. 52. Kb. 4. At feſta løg edr løgfeſta er at lofa løgum, og framfylgia máli ſínu at løgum. Llb. 30. feſta tylftareid o: lofa tylftareidi. Kg. 3. 5. konu er madr hefir ſer feſta (deſponſatam)

o: lofada edr handſellda (keypta); þadan er komit handſals-ol, feſtarmey, lofud mey, heitkona.

Fimt, Fimtarſtefna (Quinio, dica qvinque noctium) Llb. 1. 5. 13. 15. per conſeqvens etiam Llb. 10. 16. ſamanbornum vid 25. 26. 27. 52. 56. Rb. 3. ꝛc. Þat er audſætt af Kr. R. Arna Biſkups, at í Fimtinni ſkal eigi teliaz ſá dagr, ſem ſækiandinn birtir ſtefnuna, þeim er ſóktr er, en telia ſkal þann daginn, ſem er ſtefnu-þingdagrinn; og vid adrar ſtefnur fellr hinn ſami athugi; um 14 nátta ſtefnu í R. B. E. K. innfærdri í Kb. 3. ít. 7 nóttum fyri ſumar Lbr. 10. ſiǫund At. 18. og ſvo um hálfs mánadar, mánadar og tveggia mánada ſtefnur til løgmanz í Þfb. 9. til dæmis: þá ſtefnt var fimtar ſtefnu á laugardag, ſkylldi málit fara fram á fimtudaginn næzta, en ef ſtefnan var auglyſt á mánudag, þá ſkylldi málit dæma á næzta laugardag eptir. At freſtr þeirra ſtefna, er giǫraz inn-ſveitis, ſkylldi jafnan vera fimtar-ſtefna, þat ſiezt af fylgiandi løgbókarinnar greinum, nágvæmliga ſamanbornum og rettſkildum, nefniliga Þfb. 9. Mþ. 20. Llb. 1. 5. 15. 25. 26. 27. 32. 33. 52. 56. og Rb. 3. þó eru her frá teknar þær greinir, ſem ſerdeilis ágveda ſtefnufreſt annann, ſvoſem Llb. 39. þing þrínætt. At. 18. og Lbr. 10. ſiǫund. ít. R. B. E. K. um 14 nátta ſtefnu,

stefnu, í Kb. 3. Er þat heraf líóst, at bókin hafi herads-sóknum innan hrepps eigi ætlat annan regluligan stefnufrest, lengri edr skemri enn fimtarstefnur, því at stundar-stefnur Þfb. 9. í R. B. H. K. eru eigi reglu-ligar sóknir, en eigi má madr láta sig blinda af þeirri almennings meiningu, at stundar-stefna se sú, sem lesin er sam-stundis edr sama dags edr deginum ádr, því ordit stund merkir her nægan tíma, svosem þreifanlegt er af ordum kónganna: stefndr hafi nóga stund at koma at gøgnum og vitnum, í sama kap. Þfb. Annars rædr Løgmadr Vída-alín þat af Hb. í Mh. um Øxará þíng í sinum stad hvørt, og koma bádir til Fimt-ar-þings, at Fimtar-þingin hafi verit sífelld, (perpetua) at hvørri fimt, í hvørri viku, eins og nú eru utanlanz tilsettir tímar (stata tem-pora) í hvørri viku til þingdaga, bædi í borg-unum og á landinu. C 5. D. L. 1-3-5.

Fiørumadr Rb. 2. 3. 4. 5. (dominus littoris, den, som haver Strand-Rettigheden) og rekamadr í Rb. 2. 5. er alldeilis allt hit sama, sem audskilit er þar.

Fiøtradr Mh. 16. (catenatus v. com-pede strictus, lænket eller i Lænker). Her meinar Vídalín, at bundinn (vinctus) og fiøtradr se eigi med øllu hit sama, þar hann ætlar, at fiøtr merki serdeilis járnhopt á saungnum manni, og líka svo eginliga þau,

er af hleckium vóru, og sýniz fiǫtr hafa nafn af því, at í hǫnum eru sytiadir saman hleckirnir, svosem príóna- edr vefiar-sýt qvenna, og þadan er þat, at fiatrat heitir þat, sem er margbrugdit og læst med vafningi hvat í annat.

Flatt smídi Kb. 6. (opificium non sculptum v. non cælatum). Lǫgmadr Páll meinar, at þetta ord nái til alzkonar smídis, sem er slett og óvandat, bædi af tre hefludu, en eigi úthǫggnu, járni, látúni, kopar og jafnvel gulli og silfri, svosem kistur, skápar, matbord, búsgagn, skygud dryckiarhorn ógrafin, axir, páll, torf-skeri, og annat sleira.

Fóli Þb. 2. (res furtiva) merkir þiófstolit fe, og hefir nafn af at fela, þvíat þiófar vilia giarnan fela edr fólgit hafa, þat þeir stela.

Fordæduskapr Mh. 2. (Veneficium) þá med slíkt fóru, kǫlludu menn fordædur, Grs. 7. Biǫrn á Skarzá segir líkliga, at dregit se af því, at þeir med slíkt fara, hafi sinni dád fyrigiort, og at dád merki þar æru; þetta er sømu ættar og seidr, hvaraf menn vissu ørlǫg manna, og óordna hluti, svo og giǫrdu ǫdrum bana, óhamingiu edr vanheilindi, firrtu menn viti og afli. Slíku fylgir svo mikil ergi, at eigi þótti karlmǫnnum skammlaust med at fara, og því var sú íþrótt Gydiunum kend.

Forn-

Forneſkiuſkapr Mþ. 2. (Dæmonomania magia, Troldſkab) er galldr, ſem med þiátrú og afgudadyrkun er framinn og Sathans tilbeidſlu. Öll þau í þeſſum kap. Mþ. tilteknu galldraverk eru forneſkiuſkapr, ſamt eru þó eigi allar forneſkiuſkapar tegundir óbótamál; þat er víſt, at allar þær tegundir heidninnar, ſem her teliaz í Mþ. í þeim gømlu bókum: fordæduſkapr, ſpáfarir allar og útiſetur, at vekia upp trøll og fremia heidni med því, gillda lifsſtraff, eru allar óbótamál, og ſtórpóſtar forneſkiunnar; en ſá forneſkiuſkapr, ſem þær prentudu bækur haſa her inn aukit, fellr í ſinni merkingu í margar fleiri og ſmærri tegundir forneſkiunnar, er nú ſkal telia, og eigi gillda lifsſtraff í løgunum at fornu, ne ſidan Jónsbók innkom, nefniliga: ſigníngar og ſæríngar, yfirſaungvar, ſvoſem blódſtemmu-vers og tónſtefna, mælíngar at giera einn þióf uppvíſan, rúnariſtíngar og hraun vers, fiſki-rúnir og kotru-vers, daga útvalníngar og hiátrú á fugla flugi, hrafnafylgd og krúnki, og þeßkonar hiervilla, ſem nýia løgmálit kallar dáraſkap, Cf. Nl. 6-1-3.

Forn løgbók Mþ. 4. (codex legum vetuſtus) her má vera ſkilin Grágás.

Forverksmenn Pfb. 1. (operarii domeſtici) eru þeir er nú heita vinnumenn, ſem liöſt er af Grg. Omþ. 20. og ſøgunni af

Hrafnkeli Freys-goda 4 kap. Hetu þeir og svo, ødru nafni, þá løgbók giørdiz, í sumum forgømlum skinnbókum.

Fox (*) Kb. 11. (dolus malus, uhiemmelt), þará giørir Kb. 14. greida skirslu, hvat merkia skuli, sem er þat, er hinn átti ecki í, er seldi, og eigi ráð edr umbod yfir á neinn hátt; heraf er **Kaupfox** og **Vedfox** (falsa & fraudulenta venditio) Kb. 14. 22. Þat kallar Járnsida **Vedsløerd**.

Fridla, frilla, Et. í 3 ersd. Ffb. 1. og vídar (concubina); svo heita eginliga þær konur, sem einhvørr madr helldr vid eitt ár eda lengr, og at ødru nafni heita þær **fylgi-konur**, af því menn láta þær fylgia ser til frillulifis (sem mieg var tídt, þá løgbók giørdiz, mezt hiá stórmenni), og af því, at þvílik sambúd manna og qvenna var svo mørgum kunnig, þótti næztum óefanligt faderni barnanna, þá nádu þeßi **Frillubørn** til arfs eptir fødrinn í 6 ersd.

(*) Ætt og uppruna þessa vords má audvelldliga finna í ødrum túngum, nær madr leidir þat til Þýzka vordsins Fuchs (vulpes, refr), sem kallaz á Gauzku Fauh pl. Fauhons, á Frønsku Foh pl. Fohun, hiá Engilsøxum og Englum Fox, en á Hollenzku og Sarverska Voß; og er þeßi glósnunar ættleidsla nærzta líklig, þar menn vita, at refrinn er eitt med þeim slæguztu og prettóttuztu dýrum, svo náliga er eigi svikafullum manni lengra at jafna enn til hans.

6 erfd; svo kunna þeir og allir Frillubornir at heita sem laungetnir eru, og þó hvartki í hórdómi ne frændsemis spiøllum getnir, jafnvel þótt getnir verdi med lausakonu eda saurlífis skækiu, er einhvørr leggzt med einu sinni, fái hún getnat, ef madrinn gengzt vid samvistum þeirra, og faderni barnsins.

Fúlga í Ffb. 2. (solutio pecuniarum pro alimento), er þat medgiøf ómaga til framfæris, en í Llb. 50. og Kb. 15. 17. medgiøf fyri forsorgun qvikfiár. Glósan hefir sama upprunа- sem fóli, og er fúlga þadan dregin, at hún skal koma fyri þeß umsorgun, er fólgit edr falit var í eins vardveizlu.

Fulltída-menn Mh. 9. 10. Kb. 10. (majorennes, viri adultæ ætatis) heita þeir til vitnisburdar í Mh. 9. 10., og Kb. 10. til at sækia søk sína, og eptir Mh. 23. at gefa søk á sæmdum sínum, sem eru 15. vetra gamlir, og þadan af elldri. En til at gipta konur Kg. 1. játa erfdum undan ser. Et. 15. taka vid fiárhalldi sínu og qvonga sig Ffb. 4. heita þeir einir fulltídamenn, sem eru tvítugir edr elldri.

Fylki KE. 11. (Tractus regionis, provincia, tribus) var hit sama hiá Nordmønnum og herad hiá oß, þegar med heradi eru meint stóru þingin; þviat Fylkin hafa í Noregi verit

at

at fornu misjafnliga talin; stundum fleiri og smærri, en stundum færri og á stærri; vóru jarlar settir yfir hvert fylki af Haralldi Hárfagra, er dæma skylldu leg og lanzrett, og heimta sakeyri og lanzskulldir, og skylldu þeir hafa þridiúng skatta og skylldna til bords sér og kostnadar. Hafdi jarl hvørr undir sér 4 Hersa (lenda menn) edr fleiri, í þeim stóru og fiølbyggdu fylkium, og skylldi hvørr þeirra hafa 20 marka veizlu. Jarl hvørr skylldi fá kóngi í her 60 manna, en Hersir hvørr 20 menn. Fylki er annars dregit af fólki, en fólk heitir orusta, þar sem bariz er med fylktu lidi, alldregi færra enn med fernum 40 edr fimmsinnum 40, því fylkingin skylldi vera í lengdina 40 manz, en á þyktina fiór- eda fimmsett, og hetu þat fólk-orustur, er fylkin hádu.

Th. S. L.

Framhalld ágripsins af Lögmanz Páls Vídalíns Glóserunum yfir Fornyrdi Lögbókar Islendínga.

G.

Gagngialld Et. 19. (Usus-fructus, *spec.* bonorum uxoris, viri [bona] excedentium) edr ávaxta-gialld, svosem gagn og ávextir er enn nú hit sama í almennings tali; hat er ágódi af se hví sllu, er konan á framar enn til helminga vid bónda sinn. en til at skíra med rokum, hvort at se gagngialld hat, er bókin nefnir her, harf at hugleida margtídanm metnad giftingar manna, at heir kolludu há hit fyrsta jafnraedi, ef karlmadr átti tvo penínga á móti einum konunnar; og er sá metnadr hará

grundvallaðr, at þau skuli verða bæði jafn-rík, þegar hann hefir gefit henni tilgiofina. t. d. Maðr fær mey eðr konu þá, sem á 60 hundrut í heimanfylgiu, hann á til konu-mundar tvenn 60 hundrut. Ur þeim hundrat Hundrada gefr hann henni í tilgiof fiórðúng allann, þat er 30 hundr. Þá er máli hennar í hans garð ordinn 90 hundr. og hann á eptir 90, svo nú eru þau bæði jafn-rík. En hann hefir með tilgiofinni keypt sér til gagns og ágóða allann ávext hennar heimanfylgiu, en tekit í ábyrgð allt hennar fe, svo þat vex þaðan af hvarki ne þverrar, ámeðan hann á skuldlaust svá mikit, sem þessum 90 hundruðum nemr. Eptir þessum kaupmála á konan einkis gagngiallds von, ne helldr ef hún á minna fe; en eigi hún meira enn helming við bóndans fe, þá skal hann taka þat undir sín umráð, en hún sjálf eignaz alla þess ávextu, er henni greidaz, auk heimanfylgiu og tilgiafar, eptir bóndann liðinn, og þeir ávextir fiárins heita gagngiallð (*). Svo og, ef konunni tilfelli arfr, eptir þat búit var at gefa tilgiof, þá skylldi hann undir bóndans umsión standa, en konan eiga sjálf haus ávextu, þog þeir henni greið-

(*) Orðit er samansett af gagn og giallð. Gagn (utilitas, sem heitir á Enskn gain og Italisku guadagno, draga sumir af því Grisku orði *καινυμαι*, vinco, (á Fransku gagner), en aðrir líkligar af *γανος*, gaudium, gledi; því hvat á einhvørn hátt notar, því kætaz menn. Sjá Junii Lex. etymol. Angl.

greidaz, auk tilgiafar og heimanfylgiu, eptir bóndann látinn.

Gardar Fml. 8. (Russia) er allt hit sama og Gardaríki, og liggr hetta konúngsvelldi vid austanverdann innsta Botn, og svo sudr med austr-sídu Finna-fiardar, par sem nú heitir Rúßland, og er hinn vestari hluti af hvi, sem nær til austr-sióarins, svo at skipum má fara frá Eyrar-sundi. Má hat af søgunum ráda, at Aldeiguborg muni legit hafa austar og nordar, enn hat sem nú heitir Ingermanna-land, og muni hat há vera einn partr af hinu forna Garda-ríki (*). Konúnganna adsetr í hessu ríki var á fyrri elldum lángt frá sió, og het hat í Hólmgardi edr Hólmgørdum, en Aldeiguborg var vid sió, og ætlar Vídalín, at hángat mætti skipum fara, sía søguna af Olafi Kóngi Haralzsyni 238. Kap. Pár Kálfr Arnason og Einar Pambaskelfir fóru austr í Gardaríki, og komu um haustit í Aldeiguborg. Giørdu peir há menn upp til Hólmgarz ꝛc. Item 190. Kap. Magnus Olafsson byriadi

(*) Í peim elldstu tídum hefir Gardaríki elgi tekit meira um sig enn hat er nú kallaz Novogrod, allt til Finnafiardar og Ladogo-lagar, en hefir sídan smámsaman útvídkaz til Kiow og yfir Liefland, og jafnvel lengra, og nefndiz há af sørum piódum Rúßland, en hellt hia oß Nordr-búunum hinu gamla nafni Hólmgardr edr Gardaríki, sía Hr. Kammer-Herra P. J. Suhms Danmarkar Historíu prentada í Kaupmh. 1782. 1. Tom. P. 86-87.

ferd sína þegar eptir jólin austan úr Hólmgardi ofan til Aldeiguborgar, og bió þar skip sín. samanber Chronicon Sn. Sturlusonar, og Olafs Helga søgu 223. Kap.

Gardsbóndi Et. 24. (civis proprias aedes inhabitans) er sá sem í bý edr kaupstad heldr og á stórt hús, og heitir heimili hans gardr. en í heradi heitir þat stór jørd edr høfud-ból.

Gautland Fml. 8. (Gothia), svo heita tvo lanz-pláts í Svía-ríki, nefniliga Vestra Gautland, er liggr upp med Gaut-elfi fyri sunnan ána, og Eystra Gautland, sem liggr þar áfast vid. Vóru þau bædi Konúngsríki í gamalli tíd, og stundum sinn Kóngr yfir hverju, sem sjá má af søgunni af Ragnari Lodbrók og Hrólfi Kóngi Gautrekssyni, og var þá Svíþióð ríki fyri sig, sem lá undir Uppsala Konúng.

Gialldkeri Fsb. 6. (Quaestor v. exactor) er Rentu-meistari eda Bý-fógeti. Merking ordsins er svo, at hann á Kiør edr Kosti á gialldinu (*). Slíkir nafnbota menn voru ádr í kaupstødunum vid sióar síduna í Norvegi, sem sjá má í Biørgvínarløgum Kb. 6.

Gotland Fml. 8. (Gothlandia, insula) er umflotin ey í Eystra-sallti nær því midiu, sú er Danir

(*) Petta ord er af giallð, debitum, (á Þýzku geld, pecunia), og keri, kiøri, kæri, hvør bædi ord munu vera sama ætternis, og hit látínska quaero, heimti, sækir eptir.

Danir nú kalla Gulland, og komu þadan þau gódu Gullanz-bord, er til Islanz hafa færd verit. Sýnir løgbókin í þeßum stad augliósliga, at til Gotlanz hafa formenn vorir farit kaup-ferdir. Má þá eigi gleymaz at greina á milli þeßa Gotlands og Gautlanz í Svía-ríki, sem ádr er nefnt.

Gráskinn Ffb. 13. (pelles cineracei coloris) merkir grávøru af Finnmørk, sem sía má af Egils-søgu Skallagrímß. um Þórúlf Kvølldúlfsson, er hann hafdi af Haralldi Kóngi sýslu á Finnmørk. En í hvat miklu verdi þeßi grávara verit hafi, sýnir sagan augliósliga, en þó ser í lagi Noregs Kónga søgur, í Odds Ofeigssonar þætti, og má þaraf enn framar ráda, at lífs straff hafi vidlegit, ef grávaran var keypt í óleyfi Konóngs, og því er eigi at furda, þótt hún væri úti á Islandi svo dýrmæt, at eigi leyfdiz þeim at hafa hana til fódurs undir yfirhafnir, sem þó eiga 80 hundrut; en eigi bannar løgmálit at brúka til fódurs heimaverkada refa belgi, þótt gráir seu, eigi helldr kattar ne lambaskinn.

Grid, Gridmenn M. K. br. Pfb. 5. Mh. 19. (pax, pace publica et domestica gaudentes). At ordit grid (*) merki frid, þat

(*) Grid heitir á Engilsaxísku grith, Skotsku grete, Alamannísku griz, og hefir margvísligar merkíngar í gømlu máli, sem her yrdi oflángt røk til at færa.

segir oß Magnús Konóngr Mh. 1. Vor landi hvørr í Noregs Kóngs ríki skal fridheilagr vera vid annann. Og er þeßi glósunnar fyrsta og eginligazta merking í margtila (plurali numero). á her vid allstadar þat, er svo adgvedr, at madr skuli hafa lífs-grid og lima (vitae et membrorum incolumitatem), samanber Mh. 7. En ofan á þeßa almennuligu fridhelgi jókzt allopt helgi tímans og stadarins; og til þeß, at allir vita mættu þenna helgi-auka, var þat í venju leidt at lýsa gridum, og jókzt þá at helmingi bædi rettr Kóngs og Þingmanna, sía Þfb. 1. Mh. 19. og því máttu einnig sakadir menn á slíkum stad og tíma fridheilagir vera. Sú er ønnur merking ordsins grid í eintíla (sing. num.), at þat merkir heimili manz, er hann á um tiltekinn tíma heimilis-heilagt, svo þar skal á honum heimilis-helgi og rettr vera slíkr sem Mh. 19. fráskirir. Og sýnir þetta Grg. Llb. 2. 57. 59. 70. ɔc. sem og Eigilssaga Skallagr. s. Af þeßari merkingu ordsins er þat at heimlis-fastir menn, þeir er ecki eiga í búi, heita gridmenn Rb. 7. Og er þat audsætt af ádrtøllduм greinum, at gridmenn eigi merki vinnumenn bænda einúngis, helldr og líka þá er eiga løgheimili at bónda nockurs, hvørt hann á verk þeirra edr eigi.

H.

Hálsan og Hefiaskurdr Fml. 18. (Sinuatio [v. obliqvatio] et contractio velorum). Háls heitir

heitir á seglum skautit edr skaut-klóin hvør um sig, er nidrliggr í hornunum, og veniuliga er fest í skipinu. Þó til adgreiningar kalla siómenn eginliga háls, þat horn seglsins, er fram eptir skipinu er borit, og þar fest, en hitt kalla þeir skaut. Nú er at ráda af søgunum, at þeßar klær edr hánkar hafi á seglunum verit fleiri enn sá eini, hvørium eginn nedst á skaut-hornunum, og muni fyrir ofan hinar nedstu klærnar verit hafa adrir slíkir hánkar upp betr á segl-jødrunum, og líkligazt fleiri hverr upp af ødrum beggiameginn, eins og sjá má enn í dag á haf-skipa seglum; og se þat at hálsa seglit, eda minka sigling med hálsan, at láta lausar hinar nedstu klærnar, og læcka svo mikit seglit, at hinir efri hánkarnir seu nú bundnir nidr í skipit, þar sem ádr voru hinir, og giøri svo nyiann háls á seglinu nedan.

Hæfill edr hefill (*) heitir band þat, sem haft var til at hefia med seglit allt, eda nockut af því upp undir segl-rána; og þegar allt seglit var þannig hafit med hefflinum, hefir þat allt vid rána bundit verit, og urdu svo á seglinu stórir belgir, edr svosem boga-dregnir pokar á millum hefflanna, sem enn má dagliga sjá á skipum, þá segl eru bundin vid rárnar. Og í einum af

(*) Hefill kemr af at hefia (elevare), sem á Ensku kallaz heave, Engilsax. hebban, Alamanniska og Hollenzku heffen, Þýzku heben, Svenska hæfva, og Dønska hæve; sjá Ihre og Junii Lexica.

þeßum belgium milli heſlanna eda ſeglbandanna let Þráinn Sigfúsſon Krapp, er hann fól hann fyrir Hákoni Jarli, ſiá Niáls S. 89. Kap. Nú var þat eigi ætíd, at allt ſeglit væri bundit upp undir rána, ſvo at ſkipit rynni á tómum reidanum, og munu því innan edr utan á ſeglinu verit hafa tvær eda fleiri radir af lyckium eda haunkum um þvert ſeglit, hvarí heſtarnir hafa dregnir verit, til at hefia ſeglit meira edr minna upp undir ſeglrána. Gengr þá ofan af ſeglinu allt þat, ſem var fyrir ofan þeßa hánka, og fellr ſá hluti ſeglſins í flata lyckiu eda brot, ſem þrædt er upp vid rána med mióum ſnúrum. Þat kalla ſiómenn nú at rifta (rifa). ſer þá ſeglit vid vedrinu, eins og jafnmikit væri ſkorit ofan af því, og þetta nefniz Heſlaſkurdr, því hann gioriz á ſeglinu med heſlinum, minkar og þarmed ſiglingin, því þá hleypr mikill hluti vedurſins undir ſeglit.

Handgenginn Þfb. 2. (ſatelles v. miniſterio Regis addictus). Svo heita þeir menn, er nafnbætur þegit hafa af Konóngi, og þeir er halda len eda veizlur þær, ſem einhvør Kóngs þenuſta fylgir. og fyri ſæmdar þeirra ſakir ſkulu þeir hafa frelſi frá Løgrettu-nefnd.

Háſeti Fml. 5. (ſocius navalis, navita) merkir alla innanbords menn, nema Sthrimann.

Háſkerdingr Rb. 2. Llb. 7. (Squalus carcharias). At háſkerdingr og hákall ſe allr hinn ſami

sami fiskr, er medal annars audrádit af Sira Pet. Clausonar Norges Beskrivelse 25. Kap. 115. bls. hvar háskerdingr er greiniliga útmáladr med ollum hákalls merkium. Og er pat víst, at hákall hefir nafn af háum; því hann er vid hái, pat er vid keipana bundinn, og háskerdingr af því hann er vid háina edr keipana skerdtr, pat er med tilskornum gøtum, sem festin er igegnum dregin, bundinn og festr. Svo heitir og enn í dag ráskerdtr fiskr, sá sem er svo í flatníngunni skorinn, at hann er uppfestr á rár, og pær gánga igegnum fiskinn. Annars er eigi fortakandi, at háskerdingr heita kunni allr fliótandi dráttr, sem vid hái er bundinn; en med því slíkir eru á Islandi eigi svo tídir, nema hákall, pá hefir hann nád peßu nafni, og eigi munu rek til finnaz, at háskerdingr kalliz annar fiskr enn hákallinn.

Hauldr Llb. 18. (colonus odelicus v. bonis avitis praeditus). Svo segia Frp. og Gp. bækur Magnúsar K. Lagabætis Llb. 63. Sá er hauldr, er hann hefir ódal tekit at erfdum, bædi eptir fødur sinn og módur, pau er peirra forelldri hafa átt ádr, en eigi annara manna ódul í at telia. Peßi skíring er svo gód, at eigi parf umbóta. En hauldr skilzt Vídalín dregit af halldi; því honum hefir audnaz í halldi og hefd at hafa ódul pau, sem hans forelldrar og forelldra forelldrar halldit, átt og haft hafa, sjá Odal.

Haulkn, Holkn Llb. 3. 22. Rb. 8. (Salebrae) eru klettar, hraun-hellur, berg eda stórgrýtis hólar, þar sem hylr undir, svosem holt væri. Styniz af hóli edr hólki dregit, og náskyldt ordunum hólkr, hylki, sem svo nefnaz því at hol eru. Svo segir Sæmundar Edda í Hymis qvido: Hreingálcn hlumpo, en holkn puto, þ. e. hreindyrin hlupu svo hart, at hlómadi undir, en þaut eda glumdi í klettunum, en bulldi í jordunni, sjá enn framar Laxdælu 80. Kap. En til vitnis at fleira slags hellur enn elldbrunnin hraun hafi verit holkn kalladar, er nafuit á fiallvegi þeim, er liggr úr Hvolsdal í Saurbæ ofan í Bytru, at þat heitir Holknarheidi, og er vegr sá meztallr stór-grýti og hellur ósamfelldar, svo at hylr undir hesta fótum, sem á huldu gángi.

Haust Llb. 49. 50. (autumnus). Frá jafndægri er haust til þess sól sezt í eyktarstad segir Edda. en hvat eykt og eyktar-stadr se, þat hefir Vid. greiniliga synt þar sem talar um allr dagr til stefnu. Verdr her þá einúngis spursmáls verdt, hvort þeir er Llb. 49. og 50. Kap. talar um, skuli strax, er haustit gengr inn þann 23. Sept. eptir þeim nýia stil, edr á þess retta mánadar inngaungu degi fimtudaginn sjálfu jafndægrinu næztann, eignaz saudina? edr eigi, fyrr enn fram á þat lidr nockut? edr at þess nidrlagi, þá sól sezt í eyktarstad? Grg. segir med skírum ordum Lbr. 30. hann scal segia til fiárins og til marks á vor-þíngi

þriú

þriú vor, og reida þeim verd, er á. ef engi kemr eptir fyri vetr-nætur hinar þridiu, þá á sá auugva heimtíng til er feit átti. Þetta er sagt um fe þat, sem virdt hefir verit; en um hitt, sem eigi var virdt, segir í greindum Kap. Segia scal hann til, at þar er einkent fe, hvørt sem þat eru naut eda saudir, og svo til þeß, hvør einkunn á var, í Þíngbreckn á vor-þíngi, því er hann heyir sialfr, og láta verd uppi, ef eptir er komit. svo scal hann segia til þriú vor; en þá er at hausti kemr, eigniz feit at vetr-nóttum. Nú er þat víst, at þeßar greinir Grág. eru af henni innkomnar í vorn Llb. 50., og því leidir þaraf, at af henni eigum ver þeirra retta skilníng at læra. Auk þeßa kemr og til íhugunar tími sá, er vor Llb. 50. setr um hrúta og hafra: eigniz at allra heilagra messu. At hugleiddu øllu þeßu, verdr fe þetta þrenzlags. 1) Hrútar og hafrar. þá skal sá, er þeir komu til, eignaz á fyrsta hausts allra heilagra meßu, þó svo, at hann í næztu 2 ár lykr eiganda, ef tilkemr, verd þat er Llb. 49 ágvedr; en þat sem þeir hafa batnat og stigit til verdaura frá fyrstu allraheilagra meßu, er geymandans ágódi, en fariz þeir, er þat hans skadi, því hann hafdi leyfi at skera þá á fyrstu allra heilagra meßu, og vera svo skadlaus fyrir ábyrgd þeirra.

2) Fe þat sem virdt er í fyrstu viku þorra, ef eigandi kemr, þá skal sá, er feit hefir geymt,

borga

borga sem virdt var, en eignaz ágódann, sem þat batnat hefir.

3) Fe þat sem eigi er virdt, en þó lyst løgliga, fær eigandi med ábáta, sem af alldri vex, komi hann eptir, ádr 3 sumur eru úti, en hina ávextuna, ull, kid, kálfa og nyt eignaz geymandi, og hefir leyfi at ábyrgiaz feit at aungu, en vardveita sem sitt fe. En nær geymandi skuli á þridia hausti eignaz þá tvenna saudina, er N. 1 og 2 umtalar, þá synir rettazt, at sá sem feit hefir átt, skuli ná þeß andvirdi, ef hann kemr eptir hinn fyrra helming haustsins, en þadan í frá se geymandi eigi skyldr at lúka andvirdinu. samanber N. L. 5-4-13.

Hegna Þb. 11. (conſepire). Þat merkir til hagnadar at vardveita, svosem þat er umgirdt er med tre, eda torfi eda grióti.

Heidni Mþ. 2. (ethniciſmus) merkir allann átrúnad þann, sem eigi er annathvørt á þeim fyrirheitna Messia, edr hans opinberada vilia grundvalladr, og øll atferli átrúnadar sidanna (rituum religionis) sem til ákalls eda dyrkunar Godanna lúta med einhverju móti, hvørt sem þat er med blótum til Godanna (Eyrb. s. 2. og Vígagl. s. 9.), edr madr helgar þeim gripu sína (Rafnkels Freysg. s. 3.) eda land sitt (Landn. 5. p. 2. k.), med ødru fleiru. En ord þetta helldr Vídal. dregit se af heidi eda heidur (faem. gen.) hátt liggiandi plátzi eda hædum, er fiolldi fólks byggdi lengi fram eptir øldum, og kolludu

kölludu sig svo heidíngia, hædíngia edr hædarbúa (*).

Heimanfylgia Et. 19. (Prioritas dotis) gengr jafnt vid ómaga-eyri (bona pupilli), ef hvorttveggia stendr inni eptir daudann mann, svo at jafnt skerdiz fyri bádum, eckiu mannsins og ómaganum, eptir því sem tala rennr til, ef se endiz eigi til. En seu adrar skulldir ákomnar, frá því madrinn feck konuna, þá gengr eckiunnar heimanfylgia fyrir ollum odrum skulldaheimtum, og enn þá fær hún tilgiof sína, med hvorri gáfu ekta-madrinn á brullaupsdegi kaupir ágóda (usum-fructum) allann af heimanfylgiunni, svo at sá ágódi er æfinliga mannsins eigu, en tilgiofin konunar, hvort sem þau lifa saman lánga stund edr skamma; og þær konur, sem svo verda giptar, heita mála-konur, þat er kona svo gefin, at allt var mællt, þat er at skilia talat og ágvedit, hvat hún skylldi hafa eptir manninn látinn. Nú þegar þau afla barna saman, sem segir í Kg. 3. eigi á kona at synia bónda sínum felags 2c. Þá verdr fyrst Felag (Communio bonorum), þó med því skilyrdi,

(*) Þó at nockrir Ordbóka-ritarar samsinni Logmanninum í þeßa ords uppruna-leidslu, þá sýniz þó lánglíkligazt, at þat se komit af því Gríska εθνος, gens, allt eins og kristinn af af χριστος, og margt annat þvíumlíkt, sjá Junii Lex. og J. Olavii Gloss. ad Synt. de Baptismo.

yrði, at þat hióna sem meira lagði til felags, skal meira upptaka eda þess erfingiar. t. d. Abraham tekr sér konuna Sara, hún á 30 hundrut, en hann 20. nú deyr Abraham, þá tekr eckian Sara fyrst 10 hundrut af óskiptu, er hún lagði meira til felags, og síðan eru eptir jafnir høfud-stólar beggia, 20 hundrut á hvorja síðu. Nú þar sem eyðst hefir, svo at eit allt verði eigi meira enn 20 hundrut, þá se skipt til helminga, svo at hvers erfingiar fái 10 hundrut. en hafi þat vaxit, t. d. um 30 hundrud, þá skal konan, auk þeirra 10 hundrada, er hún lagði meira til Felags, taka fyrst 20 hundrut, og hans erfingiar eins mikit, síðan fá þeir tvo hluti afla edr 20 hundrud, en eckian Sara 10 hundr. edr þridiúng.

Heimskr Llb. 39. Nb. H. Hertoga, lege IV. et V. (1. stultus, 2. malignus.) er vidrleggiandlig glósa myndud af hinni undirstøduligu (vox adjectiva formata â substantivo) heima, eins og patronymica, Grizkr, Hebreskr, Egypzkr, ɔc. og ótalsølld um allar þiódir og hersd; svo er Austfirzkr, Sunnlenzkr, Vestfirzkr, Nordlenzkr. Svo meinar þá glósan heimskr eginliga þann, er í heima húsum er uppalinn, og aungva góda sidu numit hefir til máls ne gierda, nema þá einúngis, sem hann sá og heyrdi heima, óvíst hvorsu góda, og leysir sér þat vid framandi, sem hann var vanr at leysa sér heima vid hiú forelldra sinna, en eigi sómir sér vid betri menn á manna mótum, eins og ordsqvidrinn hliódar:

heimskr

heimskr er heima alit barn, þ. e. heima-sidu hefir heima alinn. Nú af því, at slíkir heima alldir menn, sem eigi hafa siet edr numit framandi manna sidu, eru allopt hvatvísir (petulantes), ordhákar (dicaces), ókurteisir (incomti), ofdiarfir (audaculi), og stundum gickslegir (remerarii) í ordum og giordum, sem opt hefir illt afleitt, þá er ordit heimskr komit í þá merkingu, at þat ætíd meinar óvitugann mann, og þar á ofan í lægunum morgunsinni illgiarnann, svo sem þat er kunnigt, at vanvizka og illgirni fylgiaz ad optar enn skylldi. Og hefir þessi tvofallda ordsins týding verit uppkomin laungu fyri tíd Magn. K. Lagabœtis, og er her til vitni þat, er Erlingr Skiálgsson sagdi vid systur-son sinn Asbiorn Selsbana, er hann svaradi uppá stóryrdi Asbiarnar: ør-ordr muntu heima frændi, Olafs Saga Helga 109 k. eptir membr.

Herad, vída í lægbókinni, (territorium, pagus) merkir: 1) Stórar og vídlendar bygdir, sem allar hverfa þó undir einn høfdingia, og voru þat ríki kollut á fyrri alldum, og þeir, er slíkum vídlendum hersdum áttu at ráda, voru í gamla daga hiá Svium kalladir Herads-kóngar. Eru þessi Stór-herød Svianna allt hit sama og Fylkin í Norvegi, nema at því leiti, at Fylkiskóngar voru aungvum skattgilldir. en í liking Fylkianna í Norvegi giordu vorir lanzmenn þinga-skiptin í Fiórdúngunum, þá er 3 stór þing urdu í hvørium, en 4 nordanlanz, og þau þing kallar Grág. herads-þing Vsl. 66.

66. Slik Stór-herod, sem heil þing merkia, þau sem nú eru Sysslur kollut, talar vor logbók um í Þfb. 9. og Kb. 9. 22. 2) Einn hrepp einúngis. Ffb. 10. Lib. 39. 47. 48. 49. og Þb. 6. 3) Svo mikit edr litit vídlendi, sem vatz-föll deilaz til, svo hvorgi þarf yfir fiöll edr hálsa at fara, hvort sem sú bygd er einn hreppr eda fleiri, sem þannig er med fiall-gordum frá odrum skilin, svosem logbók ágvedr Kb. 2. 6. Lbr. 3. 6., og svo á þat efalaust at skiliaz Mh. 6. 10. Lib. 12. Kb. 16. og Þb. 5. 23. Er þat liós vottr til þessarar sogu, at enn í dag heitir Kliótsdals-herad í Múla-syslu þeir 6 þing-stadir, en 10 kyrkiu-söknir, ef Jokuls-dalr er medtalinn, sem af allri bygdinni falla vötn í, einn veg at Herads-sondunum. Svo er og Skagafiordr allr eitt Herad, at því leiti, sem vötn falla öll í Jokulsá, sem nú er almenniliga kollud Herads-vötn. 4) Merkir ordit herad í Ffb. 2. Lib. 2. alzkonar lanzbygd, hvort sem hún er vídlend eda litil um sig, þegar hún er eigi borg eda kaupstadr, sem Frþb. vottar í landvarnarbálki: ef madr á hús í Kaupángi, en bú í heradi ꝛc. Hvat uppsprettuleidslu (derivatio) ordsins áhrærir, þá helldr Vídalín, at herad se samansett af ordunum her og ad, þ. e. hingat ad, til þessa stadar (*).

Hes

(*) Þótt Logmanzins ættleidsla þessa ords se vel sennilig, þá kynni þat eigi at sídr, sem margt annat í Islenzkunni at heimfæraz til Grísk-

unnar,

Hes í bandi Kb. 17. (palear ligamine strictum ɔ: ligamen paleari infixum). Hes er æsi á því skinni, sem nidr-sigr af bríngu nautsins, og hafa menn dregit þarí nidr-bandit til forna, og skotit renni-spitu í lyckiuna. Þat heitir løgband.

Hirdingi Llb. 40. (pastor, curator rei pecuariae) er hit sama og hirdir; þat er sá madr meintr, er hiardar skal gæta.

Horn horni, hófr hófi Llb. 43. (pecus pecudi [occurrat], equus equo). at horn mæti horni, kemr af því, at búsmali mæti búsmala í sel-høgunum. en hófr hófi, þat er hroß hroßi, svo at eigi skuli þarflaus hroßa fiølldi uppeta kiarna land-kostanna, og spilla mál-nytunni edr smala. Svo nefnir Grág. mikinn pening.

Hreppr vída í Ffb. og Llb. (tribus). Nafn hans er dregit af hlut-kesti edr hlutfalli því, sem Gudirnir letu þeim gømlu eptir trú þeirra hlotnaz, eda letu þá hreppa. má þat allvída í Landnámabók og vídar í søgum lesa, hvørnig fornmenn letu ser skyllt at breita eptir aundvegis súlum, og ødru, sem þeim vísadi heimilldar-toku.

Húdseckr Fml. 7. (saccus coriaceus). Þat merkir, at sá sem lagdi 12 secki í skip, skal láta

unnar, hvar χώρα þýdir regio, lanz-plátz, og χωρίον, rus, lanz-bygd; þarat auki merkir vidr-ordit χωρις lanz-bygda eda stadar adskilnad, sem vel nær heima hiá ordinu herad.

til svo mikit skinn, at þegar allir seckir í skipinu voru lagdir 12 í hvørn stad, þá verdi allr búlkinn hulinn og hirdtr fyri sió-drifi og vætu allri.

Hún fyrir hann Et. 22. (illa *pro* ille). en ef hún á ønnur børn þá hverfi þau til fødr-frænda sinna. svo lesa her fleztallar skinn-bækur. en þó segir Páll løgmadr, at Arni Magnúss. hafi lesit eina skinn-bók þá, er seti her hann (*), og synir þat eins vel hlutarins náttúra, sem og laganna eginn grundvøllr, at svo á at vera; því hvarfyri skylldi módir mega frá ser láta heldr þau sín børn felaus, er hún hafdi getit med ødrum manni, enn þau, sem med þeim sídazta voru getin? Því hvørttveggi eru þó hennar børn og felaus, svosem her greinir, þar sem hún á þó nockurt fe þeim til framfæris.

Hundrat Pfb. 2. og víðar (centum viginti). og á hvervetna at skiliaz þar med tólfrædt hundrut, svosem løgbókin sjálf ágvedr um fadma-talit í Llb. 31. 57. og Rb. 3. Nú er þat at fornu og nýiu øllum kunnugt, at hundrat í vorri túngu merkir, hvenær sem svo vidhorfir, viþa verdaura summu, sem 6 sinnum 20 álnir, eda 12 sinnum 10 álnir, og af þeßum 12 sinnum 10 álnum hefir þat nafn at heita tólfrædt, þegar þat talar um annara hluta tølu, og

(*) Til er og í Bok-safni Hr. Conferentzr. J. Eirikssonar skinnbók ein miog gomul, sem hefir hann fyrir hún á þeßum stad.

og meinar eigi viſſa verdaura hæd. einnig í verdaura merkingunni er tillags-ordit tólf rædt alldrei brúkat, þar allir vita, er túnguna kunna, at þar meinaz ætíd 6 sinnum 20, en alldrei tí-rædt hundrat eda 5 sinnum 20. Eins hefir þetta at fornu verit hiá Donum, Nordmønnum og Svíum, at þeir hafa optar talit tólfræd hundrut enn tíræd í sinni lidfiøllda tølu, sem audsætt er af Olafs-søgu Tryggva s. 1. Bók. 134. og 157. Kap. (*).

Hundr Mh. 24. Llb. 40. Þb. 1. (canis). Þat er almennings mál, at dýr-hundr se hundrat til verdaura, smala-hundr 10 aurum, dýr-kettr 5 aurum. Og Lúcas Debes segir, at í Færeyium seu fiárhundar metnir vid kýr. Verdr heraf audsætt, at stulldr þvílíkra gripa kann eigi hvinska at heita, helldr meinar her þá hunda og ketti, sem minni eru enn eyris virdi. en seu þeir eyris virdi edr meira, þá verda þeir metse reiknadir, eins og knífar og bellti (**).

(*) Ihre segir, at hundrat se á Engilsax. hund, Enskn hundred, Alam. hunt, Høll. hondred, og Þýzku hundert, og at málvitríngar, og þeir er gløggvi rsk umbreytíngar nákominna stafa, taki ordit hund fyrir hit sama, sem þá Gríska samstofu κον7 og látínska gint, t. d. í τριακον7α, triginta. En hvarfyrir er þat annat en hit Látínska centum? sem ordit er af ἑκα7όν.

(**) Hundr kallaz á Moesogautska hunds, Engils. og Þýzku hund, Enskn houud, Høll. hond, og

I.

Jálkr Llb. 35. (cantherius). Vidalín segir, at A. Magnússon hafi sagt sér, at í hans tíd hafi enn glósan Jelk verit brúkud í Norvegi, og merkti þar gelldtann hest; hvat samstemma er Christ. IV. Norsku-lögum, sem hinir Norsku lögmenn siálfir sett hafa á Dønsku út úr Frosta- Gula- og Heidzivia þings bókum, sem allar hafa þeßa sømu grein og þær Izlenzku Løg-bækur. Þar segia fyrrnefnd N. L. Llb. 33. bider hors hest-gielding ihiel, da betale, de hors hest aatte, gieldings hest igien ꝛc. Er því eigi efandi, at jálkr merki gelldtann hest. Þar at auki synir texti bókarinnar í þeßum Kapit. at þetta se satt, því hann giørir greinarmun á grødum hesti og jálki, og setr hvørn í móti ødrum. Til er og enn í Dønsku og Þýzku sama ordit Vallach, sem vid at umbreita V í J, verdr hit Islenzka jálkr.

Jarl K E. 5. 8. Llb. 18. (Dynasta, comes). Til at uppleita þeßarar heidurs nafnbótar uppruna, má fyrst athuga, hvílikt í ønd-verdu verit hafi embætti Jarlanna. en þará giørir Snorri Sturlus. skírslu, er hann segir um Haralld Hárfagra, þá hann fyrst hafdi unnit Prándheim, at hann hafi sett Jarl í hvørriu

og kemr øllum uppruna-rekiendum saman um, at ordit se dregit af, edr sømu ættar, sem hit Gríska κυων, og hit Látínska canis.

hverju Fylki, er dæma skylldi log og lanz-rett, og heimta sak-eyri. Jarl skylldi hafa þridiúng skatta og skylldna. Þat er ollum kunnugt, at Greisa nafn er hinn sami heidurs titill, sem Jarls nafn hiá Nordmønnum. en Greifi eda Graw á Þýzku meinar Vidalín, se komit af því Þýzka tillags-ordi Graw, sem heitir á vora túngu grár, gráhærdr; því svosem þat hafi verit í veniu leidt framan eptir ollum olldum, og hiá ollum þiódum, at taka til dómara gamla og reynda menn, og menn vita, at ellin færir med ser grálitinn eda hærurnar, svo hafi þessir dómarar kalladir verit, graw eda gráhærdir menn. Þótt nú einhverr yrdi, þá stundir lidu fram, settr til dómara embættis, sem eigi var gráhærdr, þá hefir þó vidhalldiz hit gamla nafnit, og ordit svo at embættis nafni. Og er her svo skírt, hvadan Greisa nafnbót se dregin, og svo embætti þeirra, sem var dómara embætti. Sumir voru Pfaltzgreifar (judices palatii), dómarar á hofinu og adsetri Furstanna, adrir Burg-grawen, dómarar í borginni. Pridiu Marchgrawen, dómarar vid yztu takmørk sinna herra ríkis umdæma, og fiórdu Land-grawen, dómarar á lanz-bygdinni. En eptir því sem þessir dómarar fengu ser unnit nád herra sinna med trúskap og hollri þiónustu, þá fór í vort valld þeirra, og fengu þeir um sídir Leni stór, hver og sum vóru gefin þeim til at vera ætteign og erfda-góz. Allt eins hefir þat med Jarlana gengit. Þeir voru dómarar, og urdu þarmed

Veizlur at fylgia, svo Jarlinn gæti halldit sig sæmiliga, og giort med trúskap sitt embætti. Voru her nordr í hinni Dønsku túngu, eins og annarstadar, til dómara settir vitugir menn og til ára komnir, og því segir Vídalin, at Jarl se dregit af alldrdómi, elli, erli (af árum dregit). Vita menn þeir heita á Enskn Erl, þat er at fornu verit hefir Earl, og er því vordit Jarl, þat er øldúngr, Senior, Senator. Svo høfum ver earn fyri járn, Eátmundr fyri Játmundr ꝛc. Þat er og athugaverdt, at umdæmi og embætti Jarlanna (at dæma og taka Kóngs þegnskylldu) þat heitir á eptir sýsla eda sýslan. sýslan heitir starf, erfidi. eliun heitir sama starf og erfidi. Svo kalladi Hornkloft Haralld Hárfagra eliun-fródann, þ. e. lærdann í starfsemi, reyndann og altamann í erfidi stiórnseminnar og forsiónar fyri landi og lýdum. en eliun eda erliun er af erill edr erli. Þat heitir enn í dag at erla, í starfi og umsión at vinna, svosem plagar árvekni gamallra manna, er fyrir ødrum forsión hafa. Þat lýtr og til styrkingar þessari segu, er stendr í Rígsþulu, um son Rígs, er nefndr var Jarl. hann giordiz starfs-madr og sýslu-madr hinn mezti um alla gagnvæna hluti. hann feck sér til konu Hersis dóttur þá, er Erna het, og var hún eins ern, sýslunarsem innan húss, sem eliunar madr. en Jarl var utan gards. af þessara hióna nøfnum er þat sýniligt, at Jarl se af erli og umsýslun dregit. litr svo allt hvat her at framan er

sagt

sagt í sömu ætt, at ordit Jarl se af erli og elli dregit, og forsiön þeirri, er af gamalmenni og elldúngum var at væuta, fyri lendum og lyd-um, lögum og retti (*).

Innanlanz Fml. 8. (in patria). Líkazt at þat merki bædi Norveg og Island, því Norvegr var um þær mundir hálft heimili formanna vorra.

Jól Pfb. 9. Mh. 19. (Festum Julense). Þótt þessi glósa se ollum monnum á þessum dog-um audskilin fyri Christi Fædingar hátíd, og þá alla 13 daga, sem henni eru hiá krist-num þiódum eignadir, þá er hún samt frá heidnum mönnum til vor komin, þeim er af hingatburdi Frelsarans eckert visu. Og dregr Vidalín allann efa af því, at Jól merki egin-liga alzkonar ríkugliga veizlu, þar sem nægd er sælgætis til matar og dryckiar (**). sannar Log-madrinn þat med margfolldum roksemdum, sem her yrdi oflángt upp at reikna, at hinir gomlu hafi kallat stór-veizlur sínar og samdryckiur hmizt jól og öl, fyri því at olit var medal þeirra hinn veniu-

(*) Ihre samsinnir Vidalín um uppruna þessa ords, sia og J. Olavii Gloss. ad Synt. de Bapt.

(**) Jól nefniz á Engils. gehul, og Enskn yeol, og samsinnir bædi Hickesius og J. Olavius l. c. Logmanni Páli í því, at ordit se í rann rettri allt hit sama sem öl (samdryckia edr veizla, eins og menn enn á dogum kalla Fest-ar-öl, Kaup-öl). En Ihre aptr-rekr bædi Worms og J. Magnússonar meiningu (er margir enn nú hafa á Islandi) um, at Jól hafi nafn fengit af Julio Caesare, hvat eigi er neina skinlaus getgáta.

veniuligazti sælgætis dryckr. Þó kølludu þeir blót-veizlurnar einkanliga jól, sem hinar stærstu og hátídliguztu; og með því mids-vetrar-blotit edr mids-vetrar-veizlan var hin ellzta, og árliga á vißum tíma halldin, þá festiz ser í lagi vid hana Jóla nafnit. en þetta mids-vetrar-blót var af Hákoni Adalsteins Fóstra fært á jóla tíma kristinna manna.

Itala búfiár í haga Lbr. 4. (Distributio pecudum proportionalis in pascua). Þar sculu menn ítaulu búfiár hafa í haga ꝛc. Tvær telr Vídalín orsakir til þeß, at hann minniz þeßarar greinar. Þá fyrstu, at þær prentudu bækur hafa þá grein, er eptirfylgir í þeßum Kap. og siálfa ítøluna innihelldr, herfiliga ránga og afbagada, þar þær lesa: hroß þrevett vid kú, og svo þótt elldra se, tvø hroß tvævetr og yngri vid kú. Þar hafa þær gømlu og gódu skinnbækur: Roß þrevett vid kýr tvær eda elldra, tvævett vid eina kú edr yngra, eigi scal fyl telia. Hvat ølldungis samhlióda er Grágás Lbr. Þ. 15., hvadan ítalan er í vora løgbók innkomin. Onnur orsøkin er sú, at þeßi regla er giørd fyri sumar-beit í búfiár høgum edr afrettar løndum, en vantar hina, sem úng hroß og haust-fiølølld skauti til hæfis í vetrar haga. Þá reglu setr Grágás Lbrþ. 44. Þar scal telia vid tvævett hroß og elldra tvø hroß vetrgømul. en fyl fiøgur. en annat fe sem í búland.

Th. S. L.

Framhalld ágripsins

af

Logmanz Páls Vídalíns

Glóserunum

yfir

Fornyrdi Løgbókar

Íslendinga.

K.

Kalldakol Llb. 2. (carbones exstincti v. pruna emortua). Uppruna rok ordsins eru þau, at þá verda kolin af elldi-vidnum kølld í elldstónni, er elldrinn slocknar, og heitir her kola nafni øll kulnud aska, hvoriu sem brennt hefir verit, hrísi, vidi, torfi edr tadi, eins og ver køllum allt þetta elldivid; er þó ordit í fyrstu

komit fra Norvegi, hvar vidr var eingaungu brúkadr til elldsneytis. En hversu þat í leguum merki, skírir bókin sjálf l. cit. þá er þat kalldakol, ef madr fer af jordu manz fyri fardaga, svo at eingi madr er eptir. Þær prentudu bækur segia: fyri nóttina helgu, og er þat af óadgætni þeirri, at þegar þessi Llb. 2 kap. sem eigi stód í vorri logbók med fyrsta, var í hana innfærdr úr þeim Norzku Gula- Frosta- og Heidsævis-þings legum eptir skipan R. B. E. K., þá gleymdu vorir lauds-menn at hagræda þessu eptir háttum landsins, og letu atridis-ordit (terminum) standa, eins og í Noregs legum stód, og því landi sambaud.

Kápa Fsb. 13. (toga) hefir sitt nafn af capio, eg yfirgríp(*).

Kaprún Fsb. 13. (cucullus) kemr af caput, høfud; þat hafa verit hettir stórir, sem gengu ofan at midti (**).

Kaup-

(*) Petta ord finst hiá morgum ordbóka-rituum í þeirri merkingu, at þat þýdi yfirhøfn, svo sem á Donsku og Pýzku kappe, Svensku kapa, Ensku Cap, Engilsaxísku og Italísku cappa, Lappleuzku kappod; á Grísku heitir σκέπη tegumentum (af σκέπω tego); og eru øll þessi ord án efa dregin af Hebreska ordinu chapha, tegere, operire.

(**) Kaprún er á Frønsku chape, chaperon, og merkir þar høfud-fat; og er, at vitni fleztra Ordbóka-ritara, sonnu ættar og uppruna, sem ordit kápa.

*Kaupmáli R. B. E. K. í Kg. 3 (pactum) er ummæli þau og skilorð, sem menn gióra í kaupum, hvat heldr þeir kaupa konur, og fe með þeim, edr kaupa þeir adra hluti, fastar eignir edr lausa-fe, samanber Niálss. 9. 13 (*).

Kelfr Kb. 6. (cnixa partum [d: vacca]; som har kælvet). Svo á at lesa, því svo stendr í ellum gódum og gomlum skinnbókum, en eigi kefir (**) sem er bogu-mæli; og merkir ordit kelfr á þessum stad, at kyrin hafi borit, því þat er vox activa (gieranligt ord), er her stendr; en skylldi þat vera at fá kálfinn, þá ætti þar at standa kelfzt edr kelfz, því þat er passivum (lidunar ord), at kyrin kelfiz og ærin lembiz.

Knapi Kdb. 3 (famulus (***), pediſſequus) á Þýzku knab, smá-sveinn, drengr, únglings-

 þenari,

(*) Þau ord, sem stiarna stendr fyri framan, ern eigi í neinu Safni af Vidalíns Forn-yrdum, svo tilviti; en þau eru her í stuttu máli innfærd eptir Logmanzins eginhandar uppkostum þeim, sem eg, auk margra annara, á at þacka Klaustrhalldaranum á Reinineßstad Sr. Halldóri Vídalín, sem hefir sent mer þau á næztlidnu sumri.

(**) Í þeim 3 Logbókum, sem prentadar eru á Hólum, 1580, 1707 og 1709 er ordit eigi aflagat; en í þeirri, sem prentut var á Núpafelli 1578, stendr þat rángstafat kefir, hvaraf Logm. Víd. mun hafa fengit tilefni at glósera yfir þetta ord.

(***) Ordit heitir á Engil-saxísku cnapa, og þýdir þar puer. en allteins og puer hiá Látínu-mönnum,

þenari, sem aga og hirtingum húsbónda síns er undirgefinn, skó-sveinn, skó-drengr, sjá Nkf. og søguna af Olafi K. Helga 65. kap.

Konúngr, Kóngr, víða í bókinni (Rex) er titill hátignar þeirrar, sem aungvann herra þeckir yfir sér, nema Gud einn. Hefir vísdómr Konúnganna sett á hátign sína miúklátann titil þenna, at hann skylldi vera undirsátunum ástúdligr meir enn ógnarligr, og sá dagligi titillinn undir eins med hátigninni færa nád Konúnganna, en ógnin því at eins framkoma, at med illgiørdum væri til þess unnit. en uppruna rok nafnsins eru þessi: at konr er gamallt norrænt ord, og altídt at fornu, at vísu allt fram á daga Olafs K. Kyrra 1090, ølldúngis sømu þýdíngar og madr; og er Masculinum (Karlkendt ord) frá ordinu, sem ver enn høfum í fæminino (því kvennkenda) kona;

um', og παις hiá Grickium, var í fyrstunni allders nafn, en feck sídan merkíngu eptir því, sem slíkir únglíngar tóku embætti edr þiónustu; eins hefir knapi fengit bádar merkíngarnar. Í vídustu merkíngu kallaz svo á þýzku hverr úngr karlmadr, en í óvídari, samt almennaligri þýdíngu, drengr hverr, þar til hann er 14 eda 15 vetra. enn framar kølludu þar svo úngir adals-menn, sem vóru: Schildtrager, Knecht, Edelknecht. en nú á tídum merkir þat hiá Piódverium þenara þann, sem hafdr er til hinna audvirdiliguztu heimilis verka. Eigi einúngis þessa vegna, sem nú er sagt, hefir eg útlagt knapi med Famulus, helldr og hins, at meiníng Løgbókarinnar á þessum stad, eins og Noregs Kónga Erfdu, krefr slíka þýdíngu, sem hverium mun audsýniligt.

kona; því svo hét at fornu konr, kona, eins og vinr, vina, og ótal fleiri. Vitni til þess, at konr hafi í þessari merkingu brúkat verit, leidir Páll Leigm. af Sæmundar eddu í Helga qvidu Hundings-bana: Spurdi Helgi Hiørleif at því: hefir þú kannat koni óneysa d: menn hneysulausa, røskva; og aptr í Helga qvidu Hundings-bana annari: hve þig kalla konir; þat sýna og Nkf. er Steinn Herdísarson segir um Olaf K. Kyrra, at hann se Hildínga kour, Regum vir. Nú þótt at ordit konr merki líka í voru máli son, afqvæmi manz eda frændur, þá er audsied, at þat á hvergi vid þessi dæmi, er nú voru talin; en nidrlagit (terminatio) úngr giørir í ordinu Konúngr aungva frekari merkingu, enn nidrlagit íngi í ordinu høfdíngi, Foríngi ꝛc., heldr bendir einúngis til einhverskonar afqvæmis skyldsemi, vensla og felagskapar vid þat, sem í ordinu framanverdu er innifalit, og medfærir eigi annat enn nándleik og felagskap, er Konúngrinn sem høfud á vid þegna sína, koni alla og konur, sem eru limir ríkis hans. Framar fellr her sá markverdi athugi, hvor Konúngr hafi sig fyrstr Konúng kalla láit, svo þat skylldi tignar-nafn vera; en Kroníka Snorra Sturlusonar, skrifud med Assessor Arna Magnússonar egin hendi, eptir ágætri skinnbók, segir herum skírliga: Módir Dyggva var Drótt, dóttir Danps Konúngs ríks þess er fyrst var Konúngr kalladr á Danska túngu. hans ættmenn høfdu jafn-

an síðan Konúngs nafn fyrir hit æðsta tignar nafn. Dyggvi var fyrst kallaðr sinna ættmanna. en áðr voru þeir Drottnar kallaðir, en konur þeirra Drottníngar, en Ynguí var kallaðr hvørr þeirra ættmanna alla æfi, en Ynglíngar allir saman. Dróttt Drottníng var systir Dans Konúngs hins Mikiláta, er Danmørk er viðkend. Og mun þat svo at skilia, at Danpr hafi verit ríkr Konúngr og mikils metinn, og hafi þetta tignar nafn tekit til mannástar, at hylla at sér fólkit, og undir sitt vallð, undan drambsømu metnaðar nafni Drottnanna, og viliat svo með þessum spaklætis titli láta kenna sig við allann lýð ríkisins (*).

Kostr

(*) Til enn frekari íhugunar um uppruna þessarar glósu, vil eg hérvið bæta því er skrifar *J. Ihre* in notis ad vetustum Catalogum Reg. Svio-Goth. p. IV. Upsaliæ 1755. hann segir svo: Eg kann eigi annat enn geta þess með fám orðum, hvat mer hefir í huga flogit, at *Cornelius Tacitus*, de moribus Germanorum, muni ǫðrum fremr hafa sýnt skírari uppruna rǫk þessa orðs, er hann segir: *Centeni* ex singulis pagis sunt, idque ipsum inter suos vocantur: & quod primo numerus fuit, jam nomen & honor est. Þá eg las þessi orð, datt mer í hug, at chun og hun þýddi í hinni fornu Alamanniskn og Gauzku túngu hundrads tǫlu, og því merkir sepiuncunna 700, og theothocunna 2000 í þeim Saliskn lǫgum. en seinlagi meina eg þat markverðugt, at *Notkerus* setr orðit hunno fyrir hundrads hǫfðíngia (Centurio-

Kostr Kb. 5. (conditio, qualitas) og svo kosti ꝛc. er audskilit, þegar madr at eins leggr eitt ordkorn til, svo at kosti; Sier þá hverr, at þetta segir: svo at kostum, sem tekit er, ɔ: sem skipat og greint er, eins og í Mþ. 16. Svo er mællt og stadfastliga tekit, sem med sameginligu alþingis-manna atqvædi er stadfest um gædi þess, og tónadar verkun alla, at giälldgengt heita skuli, þegar svo er tætt og þæft, sem alþingis-menn fyriskilia, samanb. Grg. Llb. 87.

Kúgilldi Kþsk. 1. Kb. 6. (pretium vaccæ æquivalens, valor vaccæ). Þat veit nú almenningr, at glósan merkir grip hundrads verdann, og hefir nafn af því, at sá gripr er jafngilldr vid kú, þá er hvartki skerdi verd ne leigu, svo sem mælir Kb. 18. En med því Logm. Vídalín segiz aungva Logbók sied hafa skrifada fyrir hin Lúth. Sidaskipti, sem áqvedi, hvat kyrin se dyr, og at hennar verd se hvergi í þeim fornu Logbókum greint med skirum ordum, þá minniz hann eigi helldr nockurrar

turione). Nú sýniz mer, sem *Tacitus* hafi haft tillit til ordsins hun, cun eda chun, er hann rettiliga segir, at í fyrstu hafi þat verit tólu nafn, en sídan ordit at heiduru titli. Og kynni máske þessa gátu at styrkia þat, er *Otfridus* Libr. III. c. 2. v. 5. & c. 3. v. 17. kallar hundrads hófdíngia kuníng; svo at þessi glósa, eptir sinni uppruna merkíngu, meini hann, er stióra ætti hundrat mønnum; samanber *Ihres* Lexic. Svio-Goth. *Schilters* Glossarium p. 178.

urrar greinar í Løgbókinni, hvaraf vafalauſt ráda megi, at kyrin ſkuli nema hundrads dyrleika, nema ef vera megi Kb. 15. þar ſem talar um leigu Málnytu- og Gelldfiár kúgilldis, hvaraf hann dregr þá ályktan, at þat ſem gefa ſkal 2 aura leigu, ſkal vera 20 aurum; nú ſkal málnytu- og gelldfiár kúgilldi hvørt gefa 2 aura leigu, og eins kyrin ſiálf, er hún þá 20 aurum eda á hundrad. Sannar þetta enn framar 1) Grg. Llb. 1. Madr ſkal eigi ſelia fe ſitt dyrra á leigu enn x aurar ſe leigdir til eyris til jafnleingdar, hvatki ſem fe er. 2) Statúta Gizorar Biſkups um tiundargiørd, er ſynir, at tiund er tiundi hluti ávaxtar þeß fiár alls, er leiga edr eigit gagn má afgánga, og verdr þá eyris tiund af 5 hundrudum, ſvo ſem nú er ſagt af þeim jøfnudi (proportion), at 12 álna ávextir gángi af hundradi. 3) Almennilig venia um taxta qvikfiár, ſem minna nemr enn kyrin, ſvo ſem er ær med lambi, en 6 ær eru henni jafnadar Kb. 6. 4) Et. 21. ſamanborinn vid Et. 22. um Innſtædu-eyri.

Kyrtill Ffb. 13. (tunica) er dregit af þraungr, litill, kortr (*).

Land-

(*) Á Dønſku heitir ordit Kiortel, Engil-ſax. gegyrlum og kertlam, Þýzku Kittel, Kúttel; og vilia bædi Vachter og Schilter heimfæra þat til Grízka ordſins χίτων, tunica, ſem eins vel getr ſtadiz og Løgmanſins meining.

L.

Landgenginn Kb. 6. (paſtus) er ſama og haga-genginn.

Landnám (violatio fundi, v. damnum fundo illatum), ſem upp og nidr ſtígr í Llb. 18. bædi eptir ſkadabót og nafnbótum, er í Grg. ſíſellt 6 aurar Lbrþ. 36. 37. eins og Fullretti.

Látur Rb. 9. (cubile phocarum). Ørvar-oddsſ. En er menn høfdu látraz (þat er lagſt til hvílldar) og allt var kyrt, ſtód Oddr upp. Látur ſkyniz af laut dregit, því þat er bæli edr hvíldarſtadr, þar ſem hvyltir eru og afdrep fyri (ſiáfargángi og) ſtórvidrum. Hſþb. þfb. 8. Nú ef madr ſtelr Slætrængi af jørdu manz. Þar ſegir Frþb. lætríngi (ɔ: Sel úr látri), en Jb. Sel. En Slætrængi er eigi annat enn Sel lætrængi, Selr lætrængi, Selr, ſem í látri liggr, ſvo hún leggr Sel úr Jb. og lætríng úr Frþb. ſaman í eitt ord, og kallar Slætrængia Sel lætrúgia; en því er undanfellt e, at þat er í ſiálfum framburdinum, ſem ver framberum eins, og ſetr þar ell, og því er eigi helldr l nema eitt, at þat í gømlu túngunni er framborit ſvo ſterkt, ſem þar væri ll. Og hafa menn uppá hvort-tveggia ótal dæmi í gømlu máli.

* Lausgirdir Þb. 6. (leviter cincti). Þá eigu þeir at gánga í Ull-ſkyrtum einum og lausgirdir inn: Skinn-bækur ſegia Skyrt-um en eigi Ull-ſkyrtum. Meinar Løgm. Vidalín,

at ordit Girdtr merki her girdtann sverdi, og þeir megi girdtir vera (ɔ: bera vopn), en lausgirdtir, þat er: eigi med svo fast spenntar giardir, at uppi mundi hallda fóla til at bera hann inn, en þó svo vopnadir, at fríir seu fyrir áráfum bónda, ef hann villdi mótstødu veita. Má og vera, at ull-skyrtur merki her eigi nærklædi, helldr alzkonar ullar klædnad, og eigi at undanskilia bryniu, pansara, bryn-treyiur og alzkonar harneskiur(*).

Lausn Pfb. 2. (Subterfugium per corruptionem pecuniariam). Þat syna Gpl. í Landvb. 8. um Leidsøgumenn, at þessi lausn er fe-múta, med hverri sá er nefndr var, kaupir sig frá Leidsøgumanz reisunni, af þeim, sem hann tilnefndi, og þat fyrirbydr Pfb. 2. at taka se í skeink af þeim, sem til løgrettu verda nefndir, til at gefa þá lausa frá þingreisunni edr løgrettu-manz embættinu.

Leid, Leidarþing Pfb. 7. (conventus æstivus ad indicanda acta fori generalis). Syslumenn skulu þing eiga á leidum, er þeir koma heim

(*) At sønnu synaz hinir ordbóka-ritarar, svosem Ihre, Vachter og Junius at vera á Logmanz-ins meiningu, at því leiti þeir útleggia girdr fyrir cinctum s. cingulo circumdatum; þó virdiz eigi at helldr þeirra meining fiarlæg, er hallda lausgirdir merki her svo, at þeir hafi eigi girdt peisuna edr ull-skyrtuna nidr í brækur ser, helldr látit hana lafa, svo eigi mættu þeir fóla þar undir bera.

heim af Øxarár þingi. Þat telr Løgm. Vídalín løgvillu vanvitringa á sinni øld, at skilia þeßa grein á þann hátt, at ordit Leid merki her reisuna Syslumanzins, þá sem hann fer til heimilis sins af Alþingi, og samsinnir þarí Birni á Skardsá, at slikt geti eigi stadiz, því bædi villdi þat giøra Syslumønnum óbæriliga bid, at láta gánga bod um hin stóru Þingin, svo sem Múla- Skaptafells- og Þorskafiardar-þing, og þar á ofan gieri Løgin rád fyrir í Kþsk. 2., at Syslumadr muni eigi jafnan sitia innan fiórdúngs, því sídr innan Syslu; Hann færir þeßvegna rok til þeß, at Leid og Leidarþíng hafi verit árligr mannfundr, á vißum stad, í hverri Syslu á landinu øllu, er hófst eins á øllum stødum, á drottinsdag þann, er laugardaginn næztann ádr vóru átta vikur til laugardagsins fyrsta í vetri; á hverri veniuligu og árligu samkomu Syslumenn skylldu þing eiga, og lysa øllum nýmælum. En røksemdir til þeß, at Leidin hafi eindøgud verit, og á vißum stad, dregr Løgmadrinn af Bandam. s. 5. og Sturl. 20. Sømuleidis af Grg. í Llb. 70. hvar hún nefnir Skapþíng (eindaga þing) 3 kyrr, vorþing og alþing og Leid, en þó einkanliga Kr. R. Þ. og K. 9 kap. og Grg. Llb. 62. samanbornum vid Grg. Lbr. 43. Þykir Løgm. Þáli likligazt, at sá hinn forni hátt Leidanna hafi nidr fallit, edr komiz í ólag med pestinni 1401. í tíd Eiriks Kóngs af Þómeren, edr máske med pestinni, er geck í landinu 1495-96 í tíd Hans Konúngs,

úngs, og hafi leifar hennar at eins vidhalldiz uálægt hinum retta tíma, meir af venju enn vißu allt fram á næztlidna øld.

* Lemstrar sár Mh. 21. (vulnera gravia). Pat eru lemstrar sár, er madr er síðan verr fær enn áðr 2e. Liós og audskilin eru þeßi bókarinnar ord, ef at eins verdr rett skilit ordit síðan, hvert þat skuli merkia alla æfi síðan, edr skuli þat skiliaz um þá stund, er hann, sem særdr edr lemstradr var, er eigi kominn til bata eptir sár eda lemstur; og úr því á at leysa (*).

Lendr Madr Kb. 1. (Baro, indigena, cui intra regionem sunt possessiones & prædia). Pat er dregit af því í fyrstunni, at þeir miklu menn, sem bygdu løndin, hafa ser miklar vídlendur tekit, og hefir svo nafnit halldiz vid þeßara manna afkomendur, sem halldit hafa uppi rausn Forfedra sinna (**).

Lest Fml. 7. 10. 13. (onus). Af øllum þeßum kapítulum saman bornum er þat lióst, at lestir þær, er í skipum eru taldar til farma, teliaz eptir púnga vørunnar at punda tali, og á þat at

(*) Þetta er ordrett eptir Løgm. Vídalíns eginhandar uppkasti, og er líkligazt, at hann áfætt hafi at bæta vid sínum athugunum um þetta efni, en hafi eigi af ordit.

(**) Eg er helldr á þeirri meiníngu, at lendir menn se dregit af leni, og eigi því her at skiliaz, a Rege præfecti territoriis, Konúngs lensmenn, umbods-menn.

at merkiaz Skp. 34 fiórdúngar og 12 merkur, því svo mikit var Skp. í ollum Norvegi í tíd Magnúsar K. Lagabætis; og líkligazt, at 12 Skp. þeirrar alldar, o: 415 Fdr. 4 mr. eda 51 vætt 7 Fdr. og 4 mr. hafi verit í hvorri lest. En vili menn siá ætterni þessarar glósu, þá er hún systir hinnar Þýzku Last, onus, þúngi, byrdi. Sama slegtis er þat ver köllum lest, klyfia hesta fleiri saman, eginliga 10, hafa þeir af því lestar nafn, at þeir bera þúngann (*).

Lidugr Llb. 29. (liber, insons). En sá se lidugr, er ómagann átti. Þar segia skinnbækur: en hann hlaupi lauss undan; þetta ord hann meinar ómagann, og at hann se laus undan ábyrgd verka sinna; en þat má skiliaz um ómaga þann, sem hungri er enn 15 vetra, en eigi þann, sem fyrir elli eda vanheilsu sakir er ómagi, nema elli-óra edr ódr se.

Líkami Krdb. 1. (corpus). Þar hafa hinar gomlu skinnbækur **Líkamr** (**).

Lóð

(*) Ordit kemr af at hlada (hvadan ver hofum hlass eda hlaz), onerare, gravare; og heitir hiá Hollenzkum last, Engil-soxnum lade, hlade og Enskum load. Hiá Grickium þýdir λαισὸς, onerosus, molestus.

(**) Þetta ord skrifaz og í gomlum skinnbókum líkhamr, og er samansett af lík, á Engil-sax. lic, Alamann. lih (corpus) og hamr, Engils. homa, Frankísku og Alam. ham (involucrum, tegmen), sem er sama uppruna og hit Engilsaxiska heimen, tegere, at hylia, skýla.

Lód Fsb. 11. Llb. 10. 26. 32. 33. (reditus s. usus-fructus fundi annuus o: terrestris) er eigi jørdin sjálf edr landit, helldr allr árs ávøxtr jardar, og hvat sem af henni er leigulida í heimilld sellt med byggíngunni, at frátøknum veidum af landi, sjó edr serskum vetnum, egg-veri, fuglveidi og þeßkonar, sem sjáanligt er af Frþ. og Hsþ. bb. Magnúsar K. Llb. 1 og 3.

Biørn á Skardsá segir, at Lód hafi nafn af Lódi, og at Lód se allt sem á Lódinu vex, en þá má þat eigi skiliaz um skóg ne hrís, því þat vex eigi árliga, helldr lauf þeß og feitiknappa einúngis (*).

Lúngnasótt Kb. 16. (morbus pulmonum). Undir því nafni skilst allt þat innan-meina kyn, sem eigi kann leigulidi vid at varda, og er þetta Synechdoche speciei pro genere.

Lyrittar Lbr. 3. (Lapides terminales, Skiæl-steene). Markstéina skal þar nidrsetia og grafa, sem þeir verda ásáttir, og leggia hiá þriá steina, og eru þeir kalladir lyrittar. Hedan er þat, sem stendr í Llb. 6. Beidi eg þig laga beidslu og Lyrittar o: beidi eg, at þú svarir laga svørum til málsins, og sýnir

(*) Líkligt er, at glósa þeßi se komin af hlutr, sors, á Donsku lød, lod, Pólzku lott, hiá Ulphilas hlauts, Engils. hlet, hlyt, hlot, Alam. loz, Enskum, Hollenzkum og Frønskum lot, en hiá þeßum sídstu merkir þat partitio.

mark-steinana (Lyrittin); og af þeßum þremr steinum heita eidvættin Lyrittar, þeir sem eru einn eda tveir á hvoria hønd; og af þeim Lyrittar eidr.

Biørn á Skardsá vill draga þetta ord af Læ, þat er: viel edr undirhyggia, og ripta, recuperare, svosem heti þeir Læ-riptar, undirhyggiu og viela brygdendur; en Løgm. Vídalín ætlar, at svosem her í Lbr. 3. se einkanliga talat um at skipta í sundr heilum hlutum, og menn viti, at Hlýrar eda Hlýr heita bædi á mønnum, skipum og mørgum ødrum hlutum, vángarnir kinnurnar, armarnir, kinnúngar, og nær ætlð helming hlutar þeß, sem at endilaungu klofinn láti í hvorn helming eins lim, edr part af enu heila, þá muni glósan, í tilliti til uppruna hennar, og fyrstu merkingar, samansett vera af hlýrar edr hlýr og hitta3, mæta3; og at steinar þeir, sem Løgmálit skipar nidr at setia, þar sem heilar jardir verda sundrskiptar, heiti Lyrittar, hlýra-hittar, helmingamóts-finnendur, helminga mótar, helminga mærendur, þeir er vitna skuli um alldr og æfi, hvar hlýrar hitta3, edr helmingar mæta3.

Løg, víða í bókinni (Leges). Øllum er kunnugt, at glósan merkir þau Guds bod eda manna, sem til þeß eru giørd, at eptir þeim skuli menn laga líferni sitt og framferdir vid Gud og menn; hafa þau nafn af løgun, því þau

þau skulu stiórnan lands og lýda í lagi halda, vera form til at mynda og laga þar eptir framferdir og felagskap þann, er eins Konúngs þegnar, edr eins lands lýdr eiga saman. Því heita þau løg, at þau laga felagskapinn, og halda honum í løgum þeirri, sem þau skipa, eins og tre þau 2, sem annat er íhvelft, en annat med ávølum svelp, samansett og felld, laga blad á horn-spónum, og heita því Spóna løg, at þeirra løgum er á spón-bladinu; svo skal og løgum Laganna vera á athøfnum manna og misverka bótum (*).

M.

Mál Llb. 34. (tempus definitum mulgendi pecora) fyri qvøld og morgun (**).

* Máldagi Kg. 1. (conditio, conventio, pactum) er eigi annat enn skil-ord, sem audrádit er af Llb. 45. Kb. 16. og Grg. í Fest. P. 59. ɔc.

Í upphafi Kb. 12. heitir þat skil-ord, sem sídar í kapítulanum heitir skil-dagi, og í R. B. H. K. heitir þat skil-máli, en í Kg. 1. Mál-dagi, svo at allar þessar glósur, skil-ord, skil-dagi, skil-máli, mál-dagi eru sama; svo heitir

(*) Løg kemr af eg legg, pono, hvadan lag og at laga er dregit.

(**) Petta ord hefir madr enn nú sømu meiníngar í því Danska túngumáli.

heitir eins Kaupmáli, Festar-mál, mundar-mál allt hit sama, af því svo er skilit fyrir og mællt um med stødugum giørníugum, og á þeirri stund og stad, sem vottarnir og giørníngs brefin vísa, og því heita þau skilríki, at þau eiga at ríkia ɔ: afl og fullann myndugleik hafa, þá at verdr spurt, hvat skilir var á, og mællt var um, þegar þau giørduz; og skilríkir menn eiga vottar at vera ɔ: valin-kunnir, at skilum kendir, svo vitni þeirra ríkia megi ɔ: gilda fyrir fullt, þegar áreynir.

Svo heita og Máldagar fyrir jørdum bref þau, er innihallda hvat þeirri jørdu hefir mællt verit til eignar, þat er: ágvedit at hún skuli eiga, og skilir henni til kosta; þat heita og skilríki fyri sømu rok, sem ádr er sagt.

*Meidir Mh. 2. (lædit, mutilat). J. Nks. heita þat allt meidsli, þá Haralldr Gylli let blinda, gellda og fóthøggva Magnús K. Sigurdarson. í Wgsl. 120 k. heitir þat at meida skógarmann, sem ádr í sama kap. nefniz at høggva af honum hendur eda fætur. Grs. 21 k. Grettir feck þá mørg høgg svo at vid meidslum var búit. Sturl. 5. B. 46 k. — qvaddi Sturla til Þorstein Lánga at meida Urækiu — bad Sturla hann þar med útliósta augun — hann (ɔ: Urækia) saung í meidslunum. — Þorsteinn stack í augun knífunum upp at vasinu. En er því var lokit, bad

Stærla þá minnaz Arnbiargar og gellda hann. tók hann þá burt annat eistat. Heraf er lióst, at þvílik ørkumsl at giøra mønnum, þat heitir at meida. Og er svo ecki her í løgmálinu meint nein serdeilis limlesting eda lima afhøgg, helldr sett seinazt eitt almenniligt ord, eins og løgmálit villdi med því segia: Og med hvørium hætti, sem einn limlestir annann af ásettu rádi til at lesta og liótann giøra líkama manz honum til æfinligs meins eda hádúngar, (svo sem at skera nasir af ødrum, brenna á hann þiófs mark eda slík lyti, skera á há-sinar manni edr um þverar afl-sinar), þá er þat níd-ings verk, ef þat skedr at vilia sínum sialfs ɔ: af ásettu rádi. Og leggr til strax eptir þá undantekning: En ef þat skedr í vopna við-skiptum ɔc. því þá er þat eigi nídings-verk, eigi helldr, ef þat verdr í áflogum edr brádræði, en eigi af ásetníngi.

Misseri Ffb. 1. (semestre tempus, dimidium anni) merkir helming af árinu, hvørt sem því er skipt í sumar og vetr, eda seu helmíngar þeß taldir millum fardaga og jóla-føstu inngángs. Um skiptin í sumar og vetr votta Nínin øll. en því getr Víd. her fardaga, at þadan hefiaz mißira skipti þau; er Llb. 8. skipar þeim øllum, er ser hafa tekit 2 mißira vist, og samhlióðar því Grg. Llb. 57 og 59. Verdr þá byriun hins sídara mißiris med Jólaføstu inngángi; nema menn helldr vili byria seinna mißirit á Clemens-meßu,

23 Nov-

23 Novemb. eda Catrínar-meßu þann 25 sama mánadar (*).

Miølvægr matr Kb. 6. (cibaria frumento æquivalentia) er ferskr lax, hørd hrognkelsi, feit rafa-bellti, Myvatz-reydir, ostar, biúgu, slátr allt beinlaust, og svo feitt, at eigi þurfi annarar feiti vid, hvørt sem þat er nýtt edr sallt, sem ádr selt var at vigt, svosem nú tídkaz í ødrum løndum.

*Mórendr Kb. 5. (terra martiali tinctus o: pannus). Þat sýniz líkligazt, at eigi mundi litrinn greindr, nema tilsettr væri af mønnum, og því muni þetta merkia rendr mó o: litat í mó, en mór segiz rettiliga um sortu. Samanb. Sturl. 6 B. 17 k. og 8 B. 10 k. it. Søguna af Droplaugar sonum 11 kap.

Mundáng Mh. 17. (examen, æquilibrium, mediocritas) merkir eginliga túnguna í vog-

 inni,

(*) Mißeri eda Mißiri heitir á Svenska Mißæri og Engil-saxiska Miſſari; ritaz og med hverttveggia móti hiá oß í gomlum skinn-bókum, einnig med 3 eitt í midiu, og mun án efa (þótt Logmanninum þyki þat vandskodat) vera samansett af midr og ár, og þadan kallat Midsæri, Mizæri, helmingr árs; þannig finzt og skrifat á gamla Sólskifu Málverki Mißaung, æquator, midjardar-lína, fyri Mids-gaung. Ihre dregr mißiri af miß, hálfr, og meinar, at hit Grízka ἥμισυς, og Látínska semis, eai her næzta skylldt vid. en skyldara virdiz mer þó hit Látínska medius.

inni, af því, at munar þángat, hvort sem túngunni veitir fram eðr aptr; og er þvílíkt orða tiltæki enn nú til í dagligu tali, svo sem daungum, hann dángaz, þángaz, munar þángat (*). En per Metaphoram merkir þat hóf, máta, stillingu, medal-hóf, hvat bædi af ádrgreindum kap. Mh. og Fml. 2. gløggliga má skilia.

* Múta Llb. 2. (Donum in corruptionem judicis) hefir sinn uppruna af því látínska ordi mutus (**) hlióðlaus, og er úr neutro plurali (hvor-

(*) Ihre segir, ad Mund þýdi í Austr-Gauta løgum BB. 6 kap. víst mál, og þat Engil-sax. Mon nes-eln, álnar mál (*Hickes.* Gr. A. S.). Þat er annars ódsanligt, at mundáng eda mundángr se dregit af Mund, hond, á Látínu manus, af því þat er sá hlutr metanna, sem hendin helldr á eðr um; eins og Móndull kallaz handvinda í Mylnu eda strocki; ít. at munda, hallda eðr hampa í hendi sér, Niálss. blss. 78, og mynda til, manu significare, monstrare. En eigi vil eg ágvarda, hvort endíngin ángr se helldr lengíng (productio) ordsins, eins og þeirra, sem endaz uppá íngr og úngr, (þótt þau ord, sem endaz í ángr, seu flezt samansett, composita, t. d. hardángr, kaupángr ec., af hardr vángr, kaupvángr); eðr hún se dregin af því, at hánga, sem nockrir meina, svo at mundángr kalliz af því, at metin hánga á honum nidr úr mundinni eda hendinni. Mer sýniz hvort um sig standaz mega-

(**) Mutus hallda sumir komit af því Grízka μύω, eg 1) loka, sem vel kann heim at færaz um mútugiafir,

(hvorugu kyni margtila) í vorri túngu bagat í fæmininum singulare (kvennkyn eintila), eda þat er adjectivum (vidrlags-ord) singulare, og undirselst ordit gáfa, svosem sagt væri sú hlióðlausa gáfa, af því at giafir þær, sem hafdar eru til at villa rett manna, hafa hlióðt um sig, fara í kyrr-þey, og tala eigi hávada, nema af dómarans munni, þegar hann spillir rettinum, fyri þau hlióðmæli mútunnar, sem hún talar í dómarans siódi og hiarta; edr þeßi giof hefir nafn sitt af hlióda skipti því, sem verdr á raustu dómarans, svo hann syngr adra raust, sídan hún kom til.

* Mælltir Løgaurar Kb. 5. (Merces lege definitæ). Mælltir meinaz her eigi annat enn áskildir, áqvednir, svo um mællt, at skulld skal í Løg-aurum giallda, eins og í Kb. 18. Nú hefir madr kú mællta í skulld sina, þat er, áskilda. sjá enn framar þat sem ádr er sagt um ordit méldagi.

* Mørk Llb. 19. (Sylva) þýdir her skóg, og er hvergi í Jb. svo Løgm. Víd. minniz, í þeirri meiníngu annarstadar at finna.

Mørk, eyrir, ortug, vída i Løgbókinni (Marca, Uncia, Ortuga). Ordit Mørk þýdir í

giafir, þær er jafnan ske at útiluktum heyrendum og sjáendum. 2) hlida hiá, se ígegnum fingr, yfirhylmi, hvat sá jafnan giorir, er lætr múta sér. Annars heitir Múta á Alamannísku mute, myede og miete. Haltausii Gloss. Germ. hiá Jhre.

Løgbókinni 1) Púnga þann, er giørir at vog 16 lód, edr hálft skála-pund Kb. 6. 26. 2) Mælir þann, er heyrir til fliótandi hlutum, og legi alzkonar, sem ver nú kollum hálfann pott; er þat heilt skála-pund at púnga. 3) Þydir Mørk þat, er af hinni fyrstu merkingu er dregit og eignat dyrleik hlutanna, kallat í Løgunum Mørk silfurs, Mørk løg-aura og Mørk talin, til adgreiníngar frá veginni Mørk silfurs. Þeßa Mørk nefnir Þfb. 2. átta sinnum og Løgbókin sídan allopt. 4) Er Mørk skógr kalladr Llb. 19. (sem ádr er ávikit). Vill Løgm. Víd. einúngis tala her um þá fyrstu og adra merkinguna, og undir eins um ordin eyrir og ortug, med því þau eru bádum merkingunum svo nærskyld. Og fellr her þá fyrst sá athugi, at Jb. nefnir alldrei Mørk silfurs vegna, og Mørk allstalldan med tilløgdu ordinu silfurs, sem hún þó ætíd undirskilr í sakeyris marka-tali; en 8 ortugar og 13 Merkur nefnir hún í K. E. 5. Fml. 8. og Mørk silfurs Fml. 22; samt er í aungri þeßari greiu tilnefnt, at þær merkur silfurs skuli vegnar vera, sem þær Norzku Løgbækur þó jafnan ágveda, þá tilætlat er, at mørk silfurs skuli vegin giallda, og hvar þat eigi er í þeim greint, meina þær ætíd talda mørk silfurs, sem hiá oß heitir Mørk Løgaura. Til var og silfr-metin mørk og silfr-metinn eyrir, sem Eysteinn Erki-Biskup kom á vid bændur í Þrændaløgum (sjá ordit Eyrir), sem vorri Løgbók eckert vidkemr. Hefir Mørk af því nafn

fengit

fengit í dyrleikanum, at hún var svo í púnganum, á medan silfrit var vegit; sama er at segia um Eyrir og Ortug, at þat eru púnga nøfn í fyrstunni. en þá farit var at mynta silfr í peninga, vidhielzt eigi einúngis nafnit, helldr og sú forna venia at vega silfrit at ødru hvøriu, og er þadan kominn greinarmunr talinnar og veginnar markar, eyris og ortugar. er heraf lióst, at nafnit púngans markar, eyris og ortugar se fyrst og eginliga vigtarinnar, en þar eptir er þat í hverfaun skilníng dregit, og eignat verdi hlutanna, þegar farit var at mynta silfrit miklu smærra, svo verd þess gæti sambodit þeim hlutum, sem litlu nema, og silfr-vigtin forna gat eigi tilnád, sokum ofmikils dyrleika svo stórra silfr-stycckia. Nú med því at uppruni nafnsins er sá, at þat heitir Mørk af púnganum, þá getr þat eigi stadiz, sem Joh. Stiernhook de jure Sveonum skrifar, at Mørk hafi nafn af marki því, er silfrit var markat (signatum), serílagi þar aldrei munu svo stórir silfr-peningar slegnir hafa verit á Nordr-løndum, at vegit hafi 16 Lód. Þat er athuga-verdt, at svosem allir voru nøfnum vigtarinnar lángvaranliga vanir, svo at smá-born og almúgi kunnu þann reikníng, þá voru sømu nøfnin sett á smáu hlutina, sem gierduz í mynt, svo eigi þurfti meira at gaumgæfa, en at siettúngr hins vegna eyris af silfri het eyrir talinn á døgum Magnúsar K. og sextugazti hluti af vegnum eyri Gulls var eyrir talinn; og eptir þessum svo nefndu smá-peníngum voru bædi í Noregi og Svíariki verdlagdar

alzkonar eignir qvikar og daudar, og líka Londin sjálf; þurfti þeßa því meir við í voru fátæka landi, at gefa slík nøfn alzkonar eigum, og serílagi verum, sem ver áttum einga mynt, nema tilflutta, svo vær máttum giallda vøru við vøru, og þar fyrir settu vorir Formenn, eins og Nordmenn og Svíar, nøfnin mørk, eyrir, ortug á vøru vora, og eigur allar qvikar og daudar, svo ver skilit gætum verd hlutanna hiá þeim, og þeir hiá oß; en vegna þeß at fátæktin var svo stór hiá oß, at opt numdi varla nema fullri Mørk aleiga hins vesæla, þá giørdum ver medal-nafnit eyrir at mæli-þrædi, og ánefndum vißa hluti, er heita skylldu eyrir at dýrleika; og sýnir þat Statúta Gizorar Biskups, at þar er tekinn fyri mælipráð 6 ál. eyrir løgaura d: talinna aura, til at virda landit allt, og alla femæta hluti á landinu qvika og dauda, og þaraf er komit nafnit Løgeyrir hiá oß, at þeir hlutir vorn eigi veginn eyrir at púnga, heldr sá eyrir, er løg høfdu skipat, at svo skylldi kallaz.

Hvat verdsins upphæd vidvíkr á hverju fyri sig, þá Jb. giørdiz 1280, þá er lióst af Kb. 5., at bædi hiá Nordmønnum og oß gilldti Mørk silfurs vegin 6 merkur taldar d: 48 aura talda edr 2 hundr. 48 ál., en hvør alin 2 fiska, þat er, 4 skálapund af hørdum fiski, og hverr fiskr 2 sk. Danska, sem nú tídkaz; Hvørr veginn eyrir silfurs 6 aura talda d: 6 løgaura, 36 ál. at verdi, en 72 fiska eda 144 sk. Danska; Ortug

ug edr ortugr silfurs veginn, var þridiúngr af eyri silfurs vegnum, og gilldti 2 aura talda o: 12 ál. edr 24 fiska eda 48 sk. þeßarar tídar. 8 aura þúngi o: 16 lód voru í hverri mørk veginni, en hverr veginn eyrir var 2 lód at þyngd, og hver vegin ortug at þúnga þridiúngr vegins eyris, þat er $\frac{2}{3}$ af lódi vegnu. Eins var skamtadr dyrleikinn eptir sømu uidrjafnan, þá nefnin Mørk, eyrir, ortug voru sett á smá-peníngana, sem kalladir voru taldar Merkur, taldir aurar og taldar ortugar, at hver Mørk talin skylldi gilda 8 aura talda o: 48 ál. þ. e. 96 f. edr 192 sk. Hverr eyrir talinn 3 ortugar taldar o: 6 ál. edr 12 f. og serhver ortug talin þridiúng talins eyris o: 2 ál. edr 4 f. Allar þeßar tegundir hafa sannliga verit algengin Mynt á dogum Magnúsar K. Lagabætis, og fódr hans Hákonar K. Gamla. At alin verdaura, sem getit er á sínum stad, hafi gildt 2 fiska eda 4 skálapund af hordum fiski, nefniz aldrei í vorum logum, á þá lund, at eflaust skuli þat merkia dyrleik, fyrr enn, ef svo má skilia R. B. Olafs K 1381 eda 1382 um Toll af Islanz forum í Biorgvin; en likazt þykir, at þetta fiski-nafn pro mensura pretii se fyrst hiá oß í tídknu komit, þegar framandi þiódir, adrir enn Nordmenn, tóku at hendla her meir enn Nordmenn sialfir, svosem framan af giordu Enskir og Irar fram yfir 1467. Þeßir, sem af landinu fluttu heila skipfarma skreidar, en vißu ecki til álna talsins, munu metit hafa sína smá-muni mót fiski og hálf-

um fiſki, og þannig í veiru leidt fiſki-verdit og fiſkvirdis nafnit. Hiá þeim gomlu Nordmönnum var eyrir ſilfurs veginn 1 rd., en í løgaura tali þeirra gilldir 1 rd. 6 aura talda, og verdr ſvo at dyrleika ¾ úr Mørk ſilfurs talinni; á því at ganga fyri talda Mørk ſilfurs 1 Rd. og ⅓ af ødrum Rd., í allann þann ſakeyri, ſem Løgbækur Magnúſar Kongs Lagabætis ſkipa, því hann reiknar ſakeyri allann til talinna marka, aura og ortuga, gierir þá 1 eyrir ſilfurs veginn og 1 ortug veginn, Mørk løgaura; Vill þá þetta fiærri fara því, er Luc. Debes í bók ſinni um Færeyar ſkrifar, at 2 Rd. gángi í hvøria Mørk ſakeyris, en þat kemr ſvo til, at ſídan Magn. K. Løgbók innkom 1280, hefir ſilfrit þriſvar nidrſtigit frá því ſem þat gildti á hans døgum. Er þat líkligazt, at aptrfærſla þeß hafi í fyrſtu ſked, þá hingat á Nordrlønd tók at beraz meiri gnægd ſilfurs, enn menn voru vanir; en hvenær þat ſvo var, þá fell í þat ſinn ſiettúngr verds af vegnum eyri ſilfurs, ſvo þadan í frá gilldti hann eigi meir enn 5 løgaura eda 5 aura talda d: 15 taldar ortugar edr 30 ál. (60 fiſka eda 120 ſk.). Í annat ſinn, þá Hamborgarar fengu høndlun í landinu, var 1 Rd. á 50 fiſka, þat er 4 aurar taldir og ½ ortug edr 1 al. verdaura. Í þridia ſinn, þá Hamborgarar miſtu høndlunina 1604, og þat Danſka Felag tók vid, geck 1 Rd. edr veginn eyrir ſilfurs medal kaupmanna og lands-fólkſins 45 fiſka og hielzt þat allt til 1684. Af ádrgreindum røkſemdum dregr Løgm. Vid-

aungvann

aungvann efa á, at 8 ortugar og 13 merkur silfurs, sem Løgbækur Magnúsar K. Lagabætis ágveda í sakeyri, se eptir silfr-taxta þeirrar alldar 17 Rd. 4 mk. 10 sk. og 2 Hvítingar Danskrar Myntar þeßgra tída, allt reikuat í Specie, til talinna marka, aura og ortuga silfurs, svosem silfr þá gildti hiá Nordmønnum.

N.

*Níðingsverk Mh. 2. (Parricidium, Nefas). Þau eru øll talin í þeßum kap., sem hann ætlar til, at með níðings nafninu vera skuli óbóta-mál, og því er þat gloggt athugandi, at þótt í forn-segum edr ødru gømlu máli finniz níðings nafn lagt við einhveria þá hluti, sem eigi eru í þeßum Mh. 2 greindir, þá eru þat eigi þarfyrir strax óbótamál; svo er í dagligu tali sá kalladr trúar-níðingr, er breitir sínum átrúnadi í einhverin merkiligu, t. d. ef einhverr af vorri trú gisriz Pápisti, Calvíniisti edr þeßkonar, og er hann þó eigi strax dræpr óbóta-madr. It. segir Sæmundar edda í formálanum fyri Grímnismálum: hann er mat-níðingr sá, at hann qvelr gesti sína ef honum þykir ofmargir koma, d: tímir eigi at siá af mat; og enn í dag segir alment mál: eg vil eigi vera níðingr fyrir þat, þá nockur falar þann hlut, er hinn mundi naudugr láta, en þykir ser eigi sóma at neita. Svo eru þeir og níðingar kalladir, er af prælsligum óþockaskap neita dugandi Mønnum um þat

þat, er góðs Manns naudsyn liggr á, en hinn má giora skadlaust, svo sem Hænsa Þórir neitadi Blundkatli um hey-sóluna, og á þat eigi heldr meira skylldt vid Mh. 2. enn heysala sú, er getr um Lb. 12. Víst er þat, at níd er í skyldsemi vid nidran, þat er lækkan þeirrar virdingar, sem annar á med rettu skilit, svo níd og hneixlis ord er allt hit sama Mh. 27. og víðar annarstadar í fornum frædum.

O.

Ódal, Magn. K. Bref, Kdb. 3. Mh. 4. 2c. (Jus Odelicum) hefir þaraf nafn dregit, at aud eignudu þeir løndin, er fyrstir bygdu. Audn heitir óbygt land, audt land, þegar hinir fyrstu menn í hvørt land komit hafa, og ser bólstadi tekit; heita því þeir bólstadir ódal edr audal, ódøl edr audol, at þau aud aldeilis, aud med aullu, alaud komu í eign þeirra, sem fyrstir numu, edr tóku til eiguarhalds (*). Af

sama

(*) Þat virdiz sem Schilter halldi med Løgmanninum í uppruna-leidslu þessa ords; en Wachter heldr þat se komit af od (gott), hvat Ihre útleggr possessio edr eigu, og segir, at kalliz í fyrusku aud og ód (á Islenzku audr, hvadan dregit er, at ódlaz, acqvirere); it. at aith og æth merki á Engilsax. eign edr eigu, og at Gauzka ordit od edr ód hafi audvelldliga getat þaraf myndaz. En þessi ord kunna allteins vel at hafa fengit merkingu sína í fyrstu af því, sem Løgmadrinn segir;

sama uppruna eru ordin audfengit, audvelldt ɔc., hvørium gagnstæd eru torfengit, torfært. Pat auda mátti erfidislaust taka, en hitt torvelldliga. En skylldsemi bókstafanna O í ódal, og au í audr er alkunnig; svo er Odinn og Audunn allt hit sama, sem bædi sýnir Snorri Sturluson og Edda. Medkenna þat og hálærdir menn í ødrum løndum, at ódal og allodium ɔ: egin eign at lángfedga erfdum fengin, (sjá *Jac. Ritteri* jus Feudale c. 3. §. 3.) seu sønnu ættar og uppruna, og at bædi seu náskylld vid audr, audæfi; en audr fyri ríkdóm, góts og garda, kann eigi at hafa sitt nafn annarstadar afdregit, enn af þeim stóreignum og ódølum, er þeir skømtudu ser sjálfir, er settuz í opin og al-aud lønd, og þar eignduz Odølin, aud med øllu. Nú af því, þegar stundir lidu fram, hundrat árum saman, gátu menn eigi minni til þeßa rekit, þókti þó ætíd nockur sæmd at mega med retti teliaz ódal-borinn ɔ: at vera skilgetit afqvæmi þeirra, er ódulin høfdu numit, og eiga rett til at hallda þeim, edr leysa

segir; þótt hitt se eigi ólíkara, at ódal se beint áfram dregit af ordinu audit, edr því, sem audnan unnti nockrum í fyrstu í løndum edr fasteignum, (eins og hreppr af því at hreppa, sjá Felags Rita 3 Bind. Bls. 247.) og sídan geck nidiunum í arf fram eptir øldum, svo at þeir, nær þat med einhverju nóti undangeck, þóttuz eiga tilkall aptr, edr helldu sig hafa ódal- edr adal-rett til þeß.

leysa til sín, ef úrættis gengi, þá hafa Konúngarnir skipat í lögum, hvat lángt fraum menn skylldu rekia sinn rett til ódalanna, og þar at auki sett í lögin fleiri røksemdir, sem skylldu giøra lögmætann Odals-rett, heldr enn þann einn, at hafa óðøliu at erfdum tekit eptir forelldri sitt. Í vorum gømlu lögum er Odalsrettar hvergi getit, fyrrenn landit var komit undir konúngliga stiórnan.

Óknytti Mh. 2. Fml. 14 (Scelera) skyniz dregit vera af knetti, er menn høfdu í leik, og køstudu sín í millum, og mun þat jafnan verit hafa tre-knøttr, og máske yfirklæddr med skinnum og hári undir, en þegar illmenni hafa skipt um þann retta knøttinn, og haft í stadinn járnedr stein-knøtt, hefir þat máske verit kallat þeßu nafni, og svo dregiz í veniu, at kalla øll merkilig skálkapør, óknytti.

Orkneyar Fml. 8. (Orcades) eru eyar þær, sem liggia rett fyri nordan Skotland; Meinar Løgm. Víd., at þær hafi nafn sitt af Orkn, sem er sela kyn, er hinir gømlu kølludu því nafni; Siá Kónga-Skuggsiá og Søguna af Birni Hyrdæla Kappa.

Orlendis Mh. 8. (extra regionem); svo lesa margar gódar Skinn-bækur, og þótt nockrar hafi líka erlendis, þá er þat fávizka tóm at draga þat af erli, ónædi og erlandi, heldr merkir þat úr landi, utanlanz.

Pund

P.

Pund Fml. 13. (Pondo) á Þýzku Pfund, Hollenzku Pondt. Þat er víst at skpd. hit Norska á her at skilia, en þat var, þá Jb. var útgefin, 34 fiórdúngar og 12 merkur.

Púta Mþ. 25 (Scortum) er Italisk glósa, og merkir saurlifis konu óráðvanda, er tekr fe á sig, og er føl hverium manni, sem fe býdr, eda tekr 2 menn á einu dægri.

Th. S. L.

Framhald Agripsins

af

Logmanz Páls Widalíns

Glóserunum

yfir

Fornyrdi Logbókar Islendínga.

R.

Réttari, Sóknari Konúngs, Sýslumadr, Valldsmadr, Umbodsmadr Konúngs (Judex, Justitiæ exsecutor & Quæstor Regius v. Præfectus territorii). Öll þessi 5 Ord eru í lögunum Synonyma edr sömu merkingar, sem eptirfylgiandi Greinir sýna: Í Mþ. 17. heitir sá Réttari, sem laga úrskurdrinn er skipadr, og í Mþ. 22. sá, er stefna skal bádum málspørtunum fyri sig, og ádr í sömu grein kallaz hinn sami Konúngs Umbodsmadr, sem Konúngr hefir sitt réttinda-vald í hendur fengit; en í Mþ. 16. heitir þessi sami Sýslumadr, og er þar lióst, at Sýslumadrinn er Dómarinn, sama og í Mþ. 17. heitir Réttari; Og at hann verdi at vera sama sem Valldsmadr, sýnir bædi Mþ. 22. at Kóngr hefir

honum sitt réttinda-vald í hendur fengit, sem og Mþ. 16. 17. og því heitir hann Valldsmadr Þfb. 1. 2. 3. og 5. Er þat af þessum greinum audsætt, at þótt þat sé af uppruna glósunnar rétt at draga þenna titil, Valldsmadr, til allra nafn-bóta þeirra, er Kóngr skipar valldstétt nockra, þá er þat samt eigi tilætlat hér í Lögbókinni, heldr at hann skuli merkia sérdeilis embætti, þat er ödru nafni heitir Sýslumenska. Þat er einnig liós vottr, at Valldsmenn heiti Sýslumenn, at þar sem Jb. í Þfb. 7 skipar: Sýslumenn skulu þing eiga á leidum, þar segir Hb. Valldsmenn skulo þing eiga eptir alþíng á leidum. ítem Þfb. 5. taki þá vid Sýslumadr, hverr í sinni sýslu; Þar segir Hb. Þá skal Valldsmadr hverr reida úr sínu velldi. Svo er og í Þfb. 9. Þá skal Sýslumadr stefna honum Þing. en í Hb. Þá skulu Valldsmenn honum þing stefna. Nú er þá hinn sami embættismadr Konúngs Umbodsmadr og Réttari, en Konúngs Sóknari heitir hinn sami í Mþ. 14. Konúngs Sóknari skal taka þann mann, er lagdi, og færa á þíng, og umbodsmadr Kóngs taki knif þann, 2c. Þar segir Mþ. 15. Skal Sýslumadr taka þann mann, og færa á þíng, og bióta tenn, 2c. Hér af siez, at sama sé Konúngs Sóknari Mþ. 14. og Sýslumadr Mþ. 15. því sömu embættis verk eru bádum skiput: samanb. Mþ. 23.

23. Syna og þeßar greinir rok til þeß, hvarfyrir Syslumenn þeirrar alldar hétu Konúngs Sóknarar, þvíat embættis skyllda þeirra var at sækia Konúngsins rétt af þegnunum um alzkonar laga-brot, er einhver Málseigandi gaf sakir á, eda vóru merkiliga stór, svo sem lemstrar-sár, og þadan af stærri, í Mannhelgis retti, sía enn framar Þfb. 8. Kb. 10. Fml. 14. Syslumenn heita þeir af því, at þeir hafa syslanir, þat er: erindi og verk í Konúngs nafni at útrétta gódum mønnum til verndar og frelsis, en vondum til aptrhalds og refsingar. Konúngs Umbodsmenn kallaz þeir, því Konúngr hefir bodit (o: skipat) þeim um réttarins handtéran og sakeyri Konúngs, hverium í sinni syslu; en Valldsmenn fyri þá sok, at Konúngr hefir þeim sitt réttinda-vald í hendur fengit.

Nú ern, auk ádrtaldra orda, sumur í Logbókinni, sem skylld eru þeim at merkingu, og þó eigi á somu troppu; Svo talar hún um Sóknarmenn Syslumanna Þfb. 2. og Kþsk. 2. Eigi skulu Sóknarmenn Syslumanna fleiri enn IV. í Fiórdúngi hverium, en II. þar sem Syslumadr sitr í Fiórdúngi. Umbodsmenn Syslumanna nefnir hún Þfb. 1. 2. Mh. 7. 16. Kb. 11. og Lénsmenn Syslumanna Kþsk. 2. og ern hér øll þeßi ord somu merkingar, og meinar þá, sem áttu at giera mønnum løg og rétt í fráveru Syslumanz, og í hans stad, at sækia menn um laga afbrygdi, øldúngis á

sama hátt, sem ádr er sagt um Sýslumenuina, svo hvorgi félli nidr Konúngsins sakeyrir, né sá, sem hann hafdi Sýslumennunum veittann. En svosem Sýslumenn hétu Konúngs Sóknarar fyrir adrtiedar orsakir, og af því peirra embætti var beinleidis frá Konúngi sialfum, svo hétu hinir Sóknarmenn Sýslumanna, af því peir hefdu sinn Myndugleik einúngis af peim, og Umbodsmenn Sýslumanna fyri sømu rek og upprunna sins embættis, sem peß liósara verdr, því giør sem hugleidd er skyllda peirra, tilgreind í løgunum, sérílagi Mh. 7. 16. og einna mezt í Rb. Hákonar Kóngs gefinni í Túnsbergi annann dag Jóla, á IX. ári ríkisstiórnar hans edr 1309, hvar peir sømu heita Lénsmenn Sýslumanna.

Réttr á sér Mh. 23. 30. Pb. 10. (jus personæ, suum). Hvørnig petta skiliaz ægi, verdr bezt rádit af Mh. 30. Par er ágvedit, hvarí hann, sem gengr vid vonarvøl,*) eigi aungvann rétt á sér, þó hann sé naudugr burtrekinn. en þegar hann fær sér sialfr matar og klæda og vopna, eda frænder hans, þá er hann þegar réttnæmr**). og þat segir Mh. 23. at á slíkum tilgiørdum, og at þvílíkum kringumstædum eigi Kóngr aung-

*) Eginliga þýdir þetta ord forunnanz-staf, á Dønsku Bettelstav, og er samansett af von eda van, skortr, ørbyrgd, og vøl, stafr. Segia menn því órett: at ganga á vonar-vøl.

**) Petta ord stendr og í Hákonar bók, og merkir þann, sem sialfr tekr eda taka kann rett sinn og fiár sins.

aungvann rétt á þeim mønnum, er í sømu tilfellum eingann rétt eiga á sjálfum sér, allteins og NL. 6 — 12 — 4. 5. segia um dráp manz í hóru-sæng, at þar er hann óhelgr, en strax sem hann kémr úr sænginni, þá skal hann sækiaz at løgum, og vera friðhelgr til dóms, og síðan, þegar hann verdr dæmdr, helldr hann lífi, limum og Lanz-vist, en bætir brot sitt fé-bótum vid Kóng og Þegn; Svo hit sama hinn, er leggz undir fénad manna, þá er hann óhelgr, medan hann er at verkinu, en komiz hann heill þadan í frá, þá má honum eigi ressa, nema med løgum og dómi.

Riddari Llb. 18. Kb. 24 (Eqves). Þetta ord hefir tvenna merking: 1) er þat heiðurs titill eda nafnbót, sem Kóngar og þvílikir Ríkisstiórnarar gefa sínum trúu þegnum til sæmdar, og svo á þat at skiliaz hér í Løgbókinni. 2) Merkir þat stríðsmenn, er á hestum beriaz í Orustum, og kallaz þvílikt lid á Dønsku Ryttarie, á Frønsku Cavallerie, og á Látínu eqvitatus, til adgreiníngar frá fótgaungu-lidi, Infanterie, peditatu. Minniz Løgm. Við. ei, at Noregs Kónga søgur géti þess, at Riddara-lid hafi þar tídkaz í orustum, utan hvat Høfdingiarnir sjálfir, og kannské fáeinir med þeim, voru stundum á hesti, helldr hafi orustan ávallt verit háð á fæti af megin hernum, og eigi því þessi hin sídari merking Riddara nafnsins eckert skylldt vid Løgbókina, ef þat skal af Reid edr Rit dreg-

it vera, sem Biørn á Skarzá meinar. En til at gisra grein á því, hvørnig Riddara nafn sé fremri heidurs titill ordinn, helldrenn at merkia þá einúngis, er á hesti beriaz í orustum, setr hann fyri sionir, hvørsu Rómveriar deildu lýdnum í 3 flocka; fyrst voru Rádherrarnir (Senatores), svo Riddarar (Ordo eqvestris) og sídazt Borgar-lýdrinn (Plebs). Nú var þó ei þetta Riddara-stand metit hiá þeim eptir því, sem hver hafdi tilunnit med heidurs-verkum í ófridi, helldr eptir ríkidæmi, svo at nær einn hafdi aflat svo mikils fiár, at hann ætti 400000 Sestertios (hérum 12500 Rdl.), þá skylldi hann vera Riddari, og metaz framyfir plebejos, edr nafnbóta-lausa almúga-menn; sylgdi þá þessari upphefd sú æra, at hann feck hest gefins, er hann átti at rída í allar herfarir, og skylldi hann sialfr ala hestinn þadan í frá; Og sidar á timum, var þvílikum mønnum einnig gefinn gullhringr, er þeir skylldu sialfir bera upp þadan. Má því héraf ráda, at Riddara-nafn hafi hiá Rómverium verit æru-titill.

Framar til þess at synt verdi, hvílík og hvørninn þessi nafn-bót sé tilkomin, þá adgæti menn, at nær borgin Jerusalem var komin undir Tyrkia velldi, veittuz Kristnum erfidar pílagríms-gaungur, er svo mikit þótti árída í Pávadóminum, og því kom Jórsala-Patriarki Pávanum Urbano 2 til, at skrifa um alla Nordr-álfuna, at stórir Herrar og Kóngasynir vildu med herskilldi vinna þat Hei-

Heilaga Land undan Heidingium; skylldu peir helga sig Gudi, og verda andligrar stéttar menn; tóku peir svo Pávans blessan, og einkénni á klædi sín; var petta merki í fyrstu hvítr Kross á hægra briósstinu, en klædin voru svört, sídan vard krossinn raudr, og settr á skiølldu peirra; og mun petta verit hafa hit fyrsta Riddara merki; héraf er pat, sem í sögunum stendr: at Krossaz til Jórsala-ferdar, og at Krossaz til útferdar, sjá Knytlínga s. 87. k. Uppkomu svo hvat af hverju margfalldar Ordur eda Reglur í hinsum løndum, og urdu umsídir svo altídar, at Kóngar og Rikisstiórnarar giørdu í pá líking sínum trún piónum, er peir vildu til heidurs hefia, fyrir framkominn trúskap og piónustu, annathvørt í stríði, edr í fridar tídum med hollum landstiórnar rádum, at peir gáfu peim Riddara titil, og parmed einhver einkénni á skiølldum peirra. En sídan Konúngar á Nordrløndum létu nafn-bótinni fylgia Riddara-bandit, og merkit af gulli giørt, eru pau fyrri Riddara-merki eigi jafn-fræg og ádr, og kollut at eins Adalbiálmr og Skiølldr, en fylgir eigi Riddara titill, nema hjá peim, er Gull-merkin odlaz, sem pá til adgreiníngar kallaz gullnir Riddarar (Eqvites aurati).

Hvat því vidvíkr, hvenær Riddara nafnit hafi farit at tídkaz í Norvegi, pá siez af 4 kap. í Hirdskrá, er giør synir 1274., at par stendr Riddara nafn; er því líkazt, at 1273, pegar Magnús Kóngr gaf Eiríki syni sínum

um

um Kóngs nafn, og Hákoni Hertuga-nafn, þá hafi hann gefit fá-einum af sínum villduztu lendum Mönnum Baróna titil, og þeim yppurstu Skutil-sveinum Riddara nafn, en 1277 hafi Kóngr giort þann heidr hverium tveggia í þeirra standi almennann, sem sía má af Arna Bps. s. 20. K., og þá fyrst hafi Riddara nafnbót ordit al-tíd í Norvegi, þat er einum 3 árum ádr enn vor Løgbók kom út á Island, en þat má skýrliga ráda af vorum Llb. 18, at sá heiðurs-titill hafi þá í fyrstu, og nockut fram eptir øldunum, eigi verit jafn-hár at virðingu, sem hann sídan giørdiz, því landnám Riddara er 3 aurum lægra enn Merkismanz, Stallara eda Baróns, og einum 2 aurum hærra enn Haulds.

Rosmhvalr, Rostúngr Llb. 58. (Rosmarus). Rosmhval eiga menn at veida ɔc. Þá þessi grein er samanborin vid Rb. 2. 9. sía menn, at Rosmhvalr og Rostúngr ern hin sama sképna; og enn framar, at þar sem K. R. Þ. og K. greinir, hvat á fostu tídum sé ætt edr óætt, og þá er hann ágvedr, hvat vinna megi á Hátídar-døgum, nefnir hann í hverutveggia sinni Rosmhval, þar nefnir K. R. Arna Bps. Rostúng í bádum stød-um, og láta bádir hann þá eins ætann, at kiøt er ætt og selr; hvaraf skilia má, at þeir vilia hann í sela tølu, hvørum ætum og óæt-um fráskilinn, jafnvel þótt nafnit Rosmhvalr láti hann hvalakyns vera *).

*) Um Rostúnginn má enn framar lesa í Kóngs Skuggsiá, prentadri í Sorøe 1768. bls. 178-80., hvar stærd hans og edli nærmeir útmálaz.

Th. S. L.

Framhald Agripsins af Logmanz Páls Vidalins

Glóserunum

yfir

Fornyrdi Løgbókar Islendinga.

S.

* Samkunda Pfb. 4. Mh. 7. 9. (Conventus, Concio). Hér segia sumar bækur í Pfb. 4. og Mh. 7. Samkund. Pat er eigi til gátu, at uppruna sinn hefir þessi glósa af Samkomu; en merking hennar hin eiginligazta er þat samqvæmi manna, sem sker at brúdkaupum og festar-ølum, er nú á døg-

um kallaz kaup-ol edr trúlofunar veizlur; og er til þeßa lióst vitni Gþb. í Lýsings-lögum, hvadan nefnd grein Þfb. 4 er ordrétt tekin: Nú eru þau vitni, er eigi skulu andvitni á móti koma — og þau vitni, er menn bera um deild manna at Ölor-húsi, segir hún, þar sem vor bók segir á Samkundum. Annar vottr er sá, at þar sem Jb. í Kg. 4. segir: þrýtr brúdkaups vitni, þar hefir Hsþb. Magnúsar K. Lagabætis ordrétt eins, en Frþb. ens sama segir í sömu grein: þrýtr Ölhús-votta, en Hb. þrýtr Samkundu, svo at Brullaup, Öl-hús og Samkunda er hér allt hit sama. Þó eru þær greinir adrar at finna, sem ordit Samkunda merkir hverskyns fiölmenna samkomu, þá er þó sé eigi herflocka sofnudr, svo sem Llb. 40. um tilsegn á saudum, samanber Grg. Lbrþ. 39. 40. Þvílikar Samkomur, Samkundur, Mannfundi, sem í þeßum 3 stodum nefndar eru, kallar bókin Fiøllda, Kg. 3. og jafnar honum vid Þing- og Kirkiu-stefnur; og enn verdr á þeßu máli Løgm. Oddr Gottskálksson, og Biskuparnir Gudbrandr og Þorlákr, sem allir setia ordit Samkunda, Matth. 18. v. 17. þar sem meintr er allr Sofnudrinn, og Gríska Textinn hefir εκκλησια, Lútherus der Gemeine, og Svaningii Biblia Menigheden. Er þá af ollum þeßum rokum audsætt, at Samkunda sé

Fiøl-

Fiølmenni, Fiølldi, Mannsøfnudr, Manna mót, Mannfundir og Fiølmennis Samkomur allar, svo vel at veizlum og gésta-bodum, sem annarstadar, enn þótt brullaup hafi hiá Nordmønnum verit í fyrstunni Samkundur kollut, og stór-veizlur allar, svo sem mikla gilldit í Nidaróſi, er Olafr K. Kyrri kallar Samkundu, sem bædi vottar Snorri Sturluſon, og Noregs K. Sogur.

Samland Fml. 8. (Sambia, Samlandia); svo heitir þat at réttu, því þat er rángliga nefnt Smáland í þinni prentudu Løgbók; en þat er Lanzpláts eitt vid Eystra-sallt í Prussalandi, hvers Innbyggendr kolluduz Austrvindar í fyrri daga.

Seßatal Fml. 24. (Numerus transtrorum). Þat er løglángt (skip) er seßum má telia eda áhøfnum skipa. Nær þeßi grein er samanborin vid Gþb. fornu í Llb. hvar svo stendr: Jørd skal at því nyta, at gióra skip til þurftar sinnar, þat er eigi má Seßum telia. en ef hann giørir þat skip, er Seßum má telia, þá giørir hann þeim þat er jørd á; þá er audskilit, at eigi megi øll skip seßum telia. En til þeß at skilia megi, hvat þat sé Seßum at telia, hefir Løgm. Vid. tilfært hér allt, þat hann í Sogum lesit hefir um skipa-vøxt þeirrar

fornu alldar, á hverri vor Logbók var giørd, og upptalit þau í stafrofs-rød, á þennann hátt.

1) Bátr hét at fornu, eins og enn, þat litla skip er hafskipinu fylgdi, Fml. 17. Vóru þeir stundum í þá daga 2 med skipi, annar stórfarma bátr, en annar minni til mannflutninga, eins og enn í dag Sluppe og Jolle, sjá Egilss. 58 Kap.

2) Buβa. Þat hafa verit stór skip, sem synir Sn. Sturluſ. í Sogu af Haralldi K. Hardráda: Haralldr K. lét reisa skip út á Eyrum, þat var Buβu-skip, var þat giørt eptir vextinum Ormsins Lánga, og vandat at øllu sem mezt, var Dreka-høfud á frammi, en aptr krókr, og vóru svírarnir allir gulli búnir. Þat var hálf-fertugt at rúma-tali (*) og mikit at því og hit fridazta. Meinar Vid. at Buβu nafn hafi þetta skip dregit af skøpunarlagi þeβ, at þat hafi verit belg-mikit, svo sem enn í dag køllum vér þat búβuligt, sem digurt er, og bústit, þat sem þyckvaxit er (**). Kaupskip Islanz

(*) Samanber her at nedan Skeid.

(**) Junius segir í sínu Lexico etymologico Angl. at Buss, á Þýdsku Büse, og Hollenzku Buyse

lanz-far, er nefniz í Sverrisſ. 74. Kap. Vall-buſſan, mun af ſmída-laginu nafn hafa fengit, eins og þetta hit mikla Lángſkip Haralldz K. er Sn. Sturluſ. kallar Dreka, og er þat nafn einúngis af ſmídinu dregit. Líka kalla Nkß. þat Skeid, ſvo þar af er lióſt, at Buſſa má vera bædi Lángſkip og Kaupſkip, og misſtór hvert ſem er. *Biſſar af Bergen buſſa norsk 1344. F. Johann. II. p. 92*

3) Byrdíngar hafa nafn ſitt af því, at ofan vid bordin er ſettr vidr, ſvo ſkipit verdr miklu dýpra, og þeir vidir bædi negldir og bundnir, og ſídan ſtappat í millum þeirra, ſvo vatzhellt verdi; eru þau þá hladin svo mikid, at allt ſkipit er í ſió uppá bordſtocka, edr yfir, en bordin, ſem fyri báru eru ætlud, eru af byrdíngar-vidum. Má þat ſiá af Sverrisſ. 140 Kap. at Byrdíngar hafi hvorki verit svo lángir né bordhair, ſem Lángſkip; og enn þá liósara af Sn. Sturluſ. er hann talar um Erling

Buyſe, þýdi ſtórt Fiſkiſkip, er gángi at Síldfiſki; og helldr Spelmann, at þetta ſkipsheiti ſe dregit af hinn þýdſka Büſſe, á Látínu pyxis, af því at þvílík ſkip, ſem mikid ern breid á framſtafn og um búkinn, líkiz mezt ſkiuformi; kemr þetta mikid ſvo ſaman vid Vídmeiníng um uppruna ordſins Buſſu, jafnvel þótt menn eigi fyri víſt viti, at Buſſur hafi á fornolldum til fiſkiveida brúkadar verit.

Skacka, þá hann fór á móti Prændum, og kéndi þeim landráð við Magnús K. son sinn: Lét Erlingr búa Sneckiu tvítugseßa og Skútu fimtánseßa og Vista-Byrðing, 2c. Hér er Byrðingr minni enn Skútan fimtánseßa, því Snorri gengr niðr eptir verti skipanna. Ber svo þeßu, er nú er sagt um Byrðinga, saman við þat, sem enn eru þeir, þat er nýrit stór og stöðug fiski-ródrar skip, þá ofanaf er byrðingin, en farma-skip, þá hún kémr til; þó géfaz nockr dæmi um haf-færa Byrðinga, sjá Olafs. Haralldss. 1 K. og Orkneyingas. 58 Kap.

4) Dreki heitir þat skip, á hverju framanverðu útskorit er Dreka- o: Orms-hofuð, en aptan Krókr, í þá líking, sem Orms-hali væri krók-beygðr; sjá hér at framan Bußa. Vóru þeßir Drekar miog mis-stórir, er sjá má af Orminum lánga og Orminum skamma, og alltíðir í hernaði.

cf. Suhm. D. Hist. I. 567. 5) Drómundar vóru geysi-stór skip sudr í heimi, hér ókénd á Nordrlöndum, miklu borðhærri enn Lángskip, sem vottar Orkneyingas. 79 og 80 Kap.

6) Eikia edr Eikkia vóru litlir bátar, sem at Ferium vóru hafðir yfir ár, sund edr

voga,

voga, sem sjá má af Frþb. er segir: Nú ef ár falla vid þiódgøtu, þær sem eigi eru stór-skipum færar, þeir skulu giøra veg færann, er tvovegu jardir at eigu, og giøra brú yfir, ef þeir hafa afla til, eda flota og røk í bædi lønd, eda Pramm eda Eikiu, nema øðruvis hafi fyrr verit; og enn segir Sæmundar Edda í Harbards-liódum, Þórr qv. Styr þú hingat Eikiunni, ec mun þér stødina kénna; eda hverr á skipit, er þú helldr vid landit. Petta hverttveggia samanborit synir berliga, at Eikia sé skip, sem í ferdustødum er haft til flutninga; og jafnvel þótt Løgm. Vid. géti þess, at þau máské hefdi nafn af því, at þau í flutningunum komi í stadinn Eykia o: hestanna, þá sýniz þó eigi ótrúligra, at þau í fyrstu eintriáningar verit hafi, svo þau hafi nafn þar af, at þau sén af einni skógar-eik smídut.

7) Ferja. Svo eru nú á døgum kalladir bátar þeir, er brúkaz á stór-ám og vøtnum til flutninga, eins og í Llb. 45. og Landn. 5 part. 3 og 4 K. Annars hafa þau skip verit misjøfn at verti, og optazt med stórskipum talin, sjá Sturl. 5 b. 45, og 7 b. 14 K. og enn framar segir í 7 b. 26 K. at eitt af skipum þeim, er Þórdr Kak-

Kakali hafdi til bardagans á Húna-flóa móti Kolbeini Unga, var Stadar-Ferja frá Hollti í Önundarfirdi; og er þat líóst af ordinu sjálfu, at þat merkir flutninga edr farma-skip, en eingin vóru þau skip haf-fær, er Þórdr hafdi til þeirrar Orustu, og eigi heldr skip Kolbeins; því ella væri þat eigi tilgreint um skip þat, er Kolbeinn stýrdi sjálfr, at þat var nærri haf-færandi, 29 K. Samt má sjá af Sturl. 3 B. 65 K. at Ferjur hafi einnig verit haf-fær Kaupskip.

8) Galeidur. Þeirra skipa minniz Vid. eigi gétit í Sögum nordar enn vid Spán og í Midjardar-sjónum, hvar nafnit enn er tídt á herskipum þeim, er þar brúka bædi kristnir menn og Tyrkiar. Er þeim bædi siglt og róit, en óvíst er, hvort smídislag þeirra sé nú med öllu eins og á fyrri dögum, þó nafnit halldiz.

9) Haf-skip. Þetta nafn á eigi meirr skylt vid eitt skipa-form enn annat, því þat hafa þau öllsaman, sem svo eru stór, at yfir haf megi þeim sigla landa í millum.

10) Her-skip. Nafnit á heima bædi hjá Haf-skipum og ödrum smærri, svo sem sýnt verdr um Skútur, Karfa, Skeidur og

og Langskip, Kneri og Kugga, Kaupskip og Snekkiur.

11) Karfi. At Karfi sé kalladr bátr sá, sem fyri Feriu er hafdr yfir á, synir Olafss. Haralldss. eptir Flateyar-bók 83 Kap. þar segir um för Sighvats Skálldz frá Olafi K. til Rognvallds Jarls: Fóru þeir austr til Eyda-skógs, og fengu illt far yfir ána, Eikiu-Karfa einn, og komuz naumliga yfir ána, samanb. Eikia. Einn stærri Karfa nefnir Egilss. 58 Kap. þann er Rognvaldr sonr Eiriks K. Blódaxar átti, reru honum 6 menn á bord, hann var steindr allr fyrir ofan sió. Um annann stærri Karfa gétr sama saga 36 K. þeir høfdu Karfa þann, er reru á bordi 12 menn edr 13, og høfdu nær 30 manna. skip þat høfdu þeir fengit um sumarit í víking, &c. Enu nú gétr Grs. 20 K. Karfa eins, er reru 15 manna á bord, og 21 Kap. hann settu alldrei færri menn á sió enn 30. Allt þetta samanborit synir, hvat misstór skip Karfar hafi verit, og lika þat, at þeim var róit at endilaungum bordum; en at Karfar hafi og í Herskipa flota brúkadir verit synir Sverriss. 143 Kap.; einnig gétr Olafss. Helga 40 K. Karfa þeß, sem syniligt er verit hafi full-

komit Lángskip og Seßum talit, en eigi róit at endilaungum bordum. Hvat nafninu siálfu vidvíkr, þá ætlar Vid. þat eflaust, at af einhverju smídislagi slíkra skipa, því er korfu (corbi) hafi líkt verit, mumi þau hafa nafn fengit, eins og Drekar af Orma- eda Dreka-høfda og spordamyndum fram og aptr, einnig Vísundrinn mikli Magnúsar K. Góda, er Snorri Sturluſ. gétr um og Gamrinn í Niálsſ. 75 K. af høfdinu, samanb. Olafsſ. H. 38 K. um Karlshøfdann Olafs Kóngs. Hér á skyllt vid, og sérílagi vid Karfann, þat er Gerhardus Wossius skrifar á þennann hátt: Corbitæ dicuntur naves onerariæ, quod in malo earum pro signo Corbes solebant suspendi. þ. e. Corbitæ (þat kætr Vid. vera Karfa, þó þeir nordr hér eigi væru farma-skip) eru kóllut farmaskip af því, at útaf mastri þeirra er veniuligt at hángi Korfur fyri merki. Lypting heitir á skipum aptan hús-korn, sem nú er Kvíhytta kóllut; virdiz þat af Sogunum líkligazt, at hún hafi verit á Lángskipum einúngis, og þeim ódrum, er Seßum mátti telia; en af því at Karfarnir vóru eigi tídum svo stórir, og þó þrýdi-skip, þá mun Lyptingin á þeim hafa gior verit med karfar formi, og Karfa kóllut verit, og skipin svo af henni nafn

dreg-

dregit (*), svo sem það er gátulaust, at fleztøll skip fornalldar hafa nafn haft, annathvert af byggingar-forminu, svo sem Bußur, Drómundar, Galeidur, Lángskip,

(*) Til frekari upplýsingar og thugunar um ætterni orðsins Karfi, vil eg her til setia það, er Junius í hans Etymolog. Angl. skrifar: Caravell, celox, dromas, (Jagtskip, gott gángskip) á Frønsku Caravelle, Italísku Caravella, Spønsku Caravala, Cimbrísku (sem eg vil kalla danska túngu) Karfi, Hollenzku Karaveel, Kareveel, Korveel, er dregit af Καραβος; því svo sem Καραβοι eru halldnir at vera hit sliótazta krabba-kyn, svo er það líkligazt, at hin skiótuztu og gángbeztu skip hafi nafn fengit af skipunarlagi og hvatleika þessara dýra; samt er það atgætsluverdt, hvert hit Hollenzka Karaveel og Korveel eigi kunni at heimfæraz uppá Corbitas edr þau skip, er høfdu korfu í mastri. Her vid bætir Lye: hit cimbríska ord Karfi kemr nærst því Irska Karbh, skip, skipkorn, hvadan mer, segir hann, sýniz allt þetta dregit. Framar má finna í Gloss. Manuali ad Script. Mediæ & infimæ Latinitatis, at Breydenbach Itin. Hierosol. p. 34 segir: En í sudr liggr eyin *Carpathos*, af henni eru carpasiæ kallut stór og rúmgód skip, er brúkaz í Midjardarsiónum. Líka finzt í sama Gloss. ordin Carraca, Carrache edr Carraqva, Carrica og Carica, sem þýdir farma-skip, er Frackar kalla Vaisseau de Charge. Og er það athugaverdt, hvert þessar glósur ecki muni eiga skyllt vid Karfa, jafnvel þó mer virdiz Junii meining nærfelldari.

Knerir, Kuggar, Skútur, eins og nú á tídum heita þau Fløjte, Galioth, ɔc. edr og af merkium þeim, sem á þau vóru málut eda úthoggvin framan edr aptan, eda hverttveggia, svo sem Ormrinn, Vísundr, Drekar, Sneckiur, Gammr, og enn á dögum Elephanten, Norske Løve, o. s. f.

12) Kaup-skip. Þetta skips-heiti eiga saman bædi Knerir og Kuggar, sem og Ferja og Buβa.

13) Kiøll eda Kiølr er skips-heiti, eigi einúngis almenniligt svo sem í Volu-spá: Kiøll fer austan, því hér kynni þat at verda Synecdoche Membri, heldr einslags skipum eiginligt, sem sýnir Orkneyingas. 108 K. Munu þeβi skip smá Kaup-skip verit hafa, og líkazt eigi fær í stór-hofum. Nafnit sialft er annars, án efa, allt hit sama og þat, er Jacob Waræus í Antiqvitt. Hibern. Cap. 2. kallar Ciulos, en Torfæus í hans Hist. Orcad. Lib. I. C. 2, Cyulos (*), sem er eitt og hit sama skips-heiti; því þó sá fyrsti meini hér stór-skip, og

(*) At þetta ord se allt hit sama og Kiølr, sýnir enn framar ádrgetit Gloss. Man. hvar svo stendr: Ceola, Ciula er Lángskipa-kyn, á Saxverska Ceol, sia Log Adalráds Engla Konúngs af

og hinn annar smá, þá umbreytiz eigi þar fyrir nafnit eptir vaxtarmun skipanna, heldr ræðr form þeirra nafninu, en eigi vøxtrinn.

14) Knørr. Þau skip vóru allstór og hafsærandi. Heita þau í Segunum hmizt Kaupskip eda Knerir. Svo segir Egilss. 17 K. Þórólfr (Kvolldúlfss.) átti skip mikit, þat var lagt (ɔ: lagat) til hafs (ɔ: at fara yfir haf, og bera stórsió í høfum), þat var vandat at øllu sem mezt, steint miøg fyrir ofan sió, þar fylgdi med segl stafat med vendi bláum og randum, allr var reidi vandadr miøg

af hverium þat er lióst, at Ceola hafi eigi verit smáskip eins og Spelmann meinar; styrkir þat og líka Wilh. Malmesbur, er hann útmálar þvílík skip hæfilig til Her-flutninga. Glósunni hallda Enskir enn í dag í ordinu Keel, Carina edr skips-kiolr. Cyula er hit sama sem Ceola. Gildas Sapiens (de excidio Britanniæ) segir og, at Saxar komu þángat á 3 Cyulis, edr á vora túngu Lángskipum. Ordin Kiel, Lángskip, sem og tekz fyri nedsta máttar-treit edr kiolinn í skipinu; hit há-þýdska Zeil, nockurskonar skip, brúkat á Dýna-elfu (*Danubio*), serílagi af Bejurum (*Bavaris*); hit Gríska γαυλος, þat Látínska Gaulus, Italiska Galea, Galeida, og Nordrbúanna Jolle, Jøl-le, Jelle, smáskipa kyn, hafa øll einn og hinn sama uppruna, sem audskilit er.

á skipinu, þat lét Þórólfr búa; og síðan: skipi því lét hann halda til Englanz at kaupa sér klædi, ɔc. Um þetta sama skip segir Hárekr Hilldridarson við Haralld Kóng: Knørr sá, er mestr var á Hálogalandi, var búinn á Sandnesi. Aptr segir sama Saga 25 K. þegar þeir Kvelldúlfr og Skallagrímr biugguz til Islands: biuggu 2 Knørru mikla og á hverium 30 manna. Um þessa Knørru segir Landn. I. P. 18. K. biuggu þeir Grímr og Kvelldúlfr Kaup-skip, og ætludu til Islands, samanb. Landn. 5 P. 3 Kap. og Svarfdœlu 3 K. Enn segir Vidbœtir til Landn. at Knørr tók upp undir Eyasiöllum þann er var 26 rúma, og er þat athugaverdt, at hann er greindr at rúma-tali. Er svo af öllu þessu lióst, at Knerir og Kaupskip séu hit sama, og þar á ofan eru mørg ørnefni á Islandi, sem við Knørru kénd eru, svo sem Knararnes í hmsum stødum, og Knararbriótr skérit í straumnum í Hvamsfiardar-mynni.

cf. samen H.S. Fr. II. p. 107

15) Kuggar (*) vóru stór Kaupmanna-før, eins og þau sem Nordmenn kölludu Austrfarar

(*) Þessi Glósa mun vera hin sama eda eiga skylt við þessar eptirfylgiandi, sem útdregnar eru

farar Kneri, sjá Sverriss. 24. 78. 91. 103. K. og Hákonars. síðsta Kap. orkn. 3. p. 238. cf. Gloss.

16) Lángskip. Par um er at athuga: 1) at þetta nafn á heima við fleira slags skip enn eitt, því Drekar allir, Skeiður og Sneckiur allar, Bußur sumar og Skútur vóru Lángskip; þó vóru eigi öll Lángskip Bußur, Drekar, Skeiður, Skútur og Sneckiur. 2) Öll vóru Lángskip seßum talin eða rúmum; en vaxtar-munr þeirra var furðu mikill, og því meirr jók á vext þeirra, sem lengra sókti fram á alldir, sem þar af er lióst, at Ormrinn (Lángi) var mezta skip á sinni tíð, þar allnærri Skeiðin mikla Haralldz K. Sigurðarsonar (sjá Bußa), en miklu borðhærri Lángskip Baglanna árit 1206, og

eru úr áðrnefndu Gloss. Man. nefnil. Coca, nockurskonar skipa-kyn, sem og kallaz Coccha og Cocca; líka er Cocha og Cochetus skipakyn; en öll þessi orð sýnaz einúngis at vera umbreytíngar af Coggo eðr Cogo, skip-kyni nockru, er Enskir kalla Cogs, Frackar Coquets, Þýðskir Kogge, Kof, Svenskir Kogg, (sjá Ihres Glossar). Í Danmörk, einkum í Limafirði, eru víß innfiarða skip enn í dag kóllut Kog eða Kaag. Math. Paris reiknar Cogones til farma-skipa, og Hist. Archiep. Brem. nefnir eitt stórt skip, sem útbúit var með Herliði, og almenniliga var kallat Kogge. cf. Suhm, Dann. Hist. I. S. 312.

þó allraſtærzt Kroß-Súdin Hákonar K. sem hann bygdi 1253. 3) Er þeß at géta, er Søgurnar benda til um þau smáu Lángskipin. Er þat hellzt til merkis þar um, er Haralldr Kóngr Hardrádi lét á einnri nóttu draga Lángskip sín yfir Eidit um botn Limafiardar vestr á haf, sem vottar Sn. Sturluſ. og Nkß.; þat annat, at eigi hafa þau 3 Lángskip og ein Skúta Magnúſar K. Erlingsſonar riſt diúpann ſió, er hann lét leggia at eyrunum vid Nidaróß-bæ, en menn hans stigu fyri bord strax sem nidrkéndi, og tók þá siór undir hendur þeim, Sverrisſ. 56 Kap. 4) Vóru þau eigi ætíd jafn-stór, þótt rúma-tal edr seßar væri jafn-margir, sem ráda má af því, er segir Snorri Sturluſon um Trønuna og Ormínn ſkamma, at þau væri bædi þrítug at rúma-tali, og var þó Ormrinn miklu stærri; og enn segir hann um Orminn-Lánga: Lét hann (Olafr K.) reiſa Skip mikit inn undir Hlad-hømrum, þat var miklu meira enn ønnur skip, er þá vóru í landinu. Þat var á lengd 4 álnir hins 8 tugar, er gras-lægt var — mælltu þá allir, at alldrei hefdu sied Lángskip jafn-mikit — Konúngr kalladi þat Orminn Lánga. Á Orminum vóru 4 rúm hins fiórda tugar, segir hin prentada

ada Olafss. bls. 230, en Sn. Sturluſ. ſegir: 4 rúm hins ſétta tugar. Høfudit og krókrinn var allt gullbúit. Svo vóru bordin há, sem á haf-skipum. Um Máríu-Súdina, sem var 2 rúm hins 4 tugar, segir Sverrir K. þykir mér þat vænſt, at þáir munu sied hafa meira Láng-skip á vatni flióta. Minniz eigi Vid. þeß, at nockurt skip sé fleirum seßum talit, enn þat sem Snorri segir um Ormiinn Lánga, fyrir utan þat, sem Sagan af Hálfdáni Eysteinss. segir 12 og 26 K. sem hann helldr ótrúanligt. At Lángskip, tvítugseßur og stærri, þó fyrir innan þrítugt, hafi jafnan nied stór-skipum talin verit, sýnir Sverriss. 50, 66 og 143 K. Þó eru enn í Søgunum nafngreind minni Lángskip seßum talin, svo sem fimtánseßur og þrettánseßur, en eigi ætlar Vid. at smærri skip hafi verit seßum talin enn þrettánseßur, og færir þat til máls síns, er segir Gþb. hin forna í Utfarar-bálki: Nú er þeir koma heim, kalla þeir til manntals, og fá ecki, þá skulu þeir af Kili høggva, og skémma svo skip þeirra, sem þeir eigu manntalit, giøri eigi skémra, enn seßum má telia, en ef þeir eru færri enn þeir megi eiga þrettánseßu, þá skulu þeir fara á þing, og bióda sig í tal med ødrum mønnum.

17) Þriáma. Þau skip eru mjog breid í botninn, og af geysi-þyckvum vidum gior, til at bera stór-þúnga, og flutninga yfir siáfar-sund og þvilík stórvetn, sem lygn eru.

18) Skeid. Þat er ádr sagt, at Skeidur allar væri Lángskip, og sumar Drekar, sem fyrr er gétit, þar sem talar um Bußu, og segir af hinn mikla skipi Haralldz K. Kallar Þórólfr Skálld þetta skip bædi Dreka, Skeid og Nad o: Orm; og enn framar er hér athugaverdt, at hann segir þeßu skipi róit sio tygum ára, en ádr er greint þat hafi verit hálf fertugt at rúma-táli, verda þá 2 árar í hverju rúmi, eda ein á hvert bord.

19) Skúta. Þeßi skip hafa verit mjog ó-jafn at vexti, því sumar Skútur hafa verit farma-bátar, er haf-skipum fylgdu, sjá Egilss. 57. Kap. en sumar haf-færandi, sjá Sverriss. 67, og líka tvítugseßur, Sverriss. 107-9 Kap.

20) Snekkjur allar vóru Lángskip, sjá O. Helga Sogu 102 og 110 K., Egilss. 8 og 27 K. og Sverriss. 105 K. Ætlar Vid. at þær hafi haft lítit Dreka-höfud, og nafn þeirra dregit af Snákr, sjá Sogu Olafs Tryggvasonar 46 Kap.; og muni svo Snekkja vera lítill Dreki. Nú

Nú svo at liósara verdi um Seßatalit, skal enn nockut greina um bordhæd og rúmanøfn á Lángskipum, er ætíd skylldi Seßum telia.

Hvat Bordhædinni vidvíkr, þá má sía af Sverrissʃ. 128 K. at ecki var bordamunr meiri á smá-skútum Birkibeina og hinum geysi-stóru lángskipum Baglanna, enn at stafna skútanna bar jafnhátt víggirdlum, og juku þeir þó bordhædina hvorgi minna enn alin; þat má og sía af því, sem ádr er greint um bordhæd Ormsins Lánga (sía Lángskip), at eigi hafi á lángskipum bord verit veniuliga svo há sem á hafskipum, því ella væri þat eigi med stórmerkium talit um vøxt hans.

En til merkis um Dypt Hafskipa á þeim øldum, er þat sem Olafss. Helga 122 Kap. segir um byttu-austrinn á Grænlanz-farinu: I þann tíma var byttu-austr, en eigi dælu-austr, var Þormódr nidri í kilinum, og søckti í byttunni, en Gestr tók vid uppá þiliunum, og bar út fyri bord austrinn. Þormódr var ecki sterkr madr at afli, og seldi hann eigi lángt upp bytturnar, og vard Gestr at seilaz lángt, ádr hann fengi nád. Gestr mællti: sel þú upp lengra bytturnar aud-

vird

virdit. Hvar af sjá má, at mannhæd ein var frá kili undir þiliur, og var þó skip þetta knør, og líkaz eigi alllítill ætladr yfir þvílíkt haf; hvat munu þá lángskip þrettánseßur grunn verit hafa?

Rúmansfn á lángskipum og hafskipum eru þeßi í Søgunum at finna:

1) Austr-rúm. Þau vóru tvø, hit fremra fyri framan siglu, og hit eptra fyrir aptan siglu, Sverrisf. 58, 79 Kap.

2) Fyri-rúm vóru einnig tvø, annat fyri framan siglu, en aptan Raúsnina, og annat fyrir aptan siglu, framan sjálfa lyptínguna, sjá Sn. Sturluf. um fyrsta bardaga Magnúßr Kóngs Góda vid Svein Ulfsson á skipunum, og Olafs Sogu Tryggvaf. blf. 292, 297.

3) Krappa-rúm var næzt fyri framan eptra fyri-rúmit, Olafsf. Tryggvaf. 89 Kap. blf. 291.

4) Þridja-rúm hefir verit næzt fyri framan Krappa-rúm; af hverju ráda má, at hédan frá hafi rúmin nafngipt verit eptir tolured sinni, fram til hins eptra austr-rúms at vísu.

5) Klofa-

5) Klofa-rúm segir í Fml. 7. útpryckilega at vid siglu verit hafi.

Um Stafnbúa, Sexin og Rausnina (:: þar sem bordin hœcka frameptir) á lángskipum, er audsyniligt, at til rúmatals edr seßatals heyri. En svo sem Snorri telr aptr-eptir skipinu, Stafninn, Sexin, Rausnina, og þá Fyrirúmit (freuira), svo má líklegt synaz, at rúmin hafi þadan frá uafugist verit eptir tolurød, allt til hins fremsta austrrúms, og jafnvel allt aptr at siglu, eins og Hákonar Saga telr rúmin at aptanverdu fram til siglu.

Um lidsfiøllda á skipum þeim, er seßum skylldi telia, verdr eigi víst ágvedit; því bædi var mismunr skipanna svo stórr, og líka hinn mezti munr, hversu velskiput vóru þau herskip, er annathvert fóru í víking edr hernad, hvert sem þat var leidángurs lid, edr hird Konúngs, edr sveitir lendra manna. En af margfølldum rokum og sogu-greinum má þat ráda, at eigi skylldu færri enn 40 manns á herskipi, en á velfleztum hafi 50, 60 edr 70 verit, nema þegar Konúngar vildu því betr skipat hafa, edr høfdíngiar Hersins vóru því fleiri, sem sín eigin skip létu bædi at vexti og mannfiøllda fremr útbúa; svo segir til d. Sverrisf. 70 og 71 K. tallda 2 hundrud

og

og 80 á Máríusúdinni, og á Orminum Lánga vóru 30 manna einúngis í fyri-rúmi hinu fremra.

Nú er enn á at líta, sem skip eru talin at mannmergd, nefnil. tveggia, þriggia, fiögra og fim-manna-far; þar næzt eru ródrar-skipa rúm talin, 6æringr, 8æringr, 10æringr og 12æringr, og eigi lengra fram, og eru þau svo nefnd af árunum öllum, sem róit er á bædi bord. Síðan eru þau skip, sem þá eru stærri, talin eptir því sem margir róa á hvort bord, svo sem ádr er sagt um Karfana; samt heyra eigi þar til Karfar þeir, sem í lángskipa-tal komu. Á öllum þeßum skipum, er svo eru talin, var róit at endilaungum bordum, o: af hverri þóptu skylldu liggia tvær árar útbyrdis í sió, sín á hvern veg, eins og á 6æringum og 12æringum enn í dag.

Hér eptir koma þau skip, er svo vóru bordhá, at árarnar þurftu svo lángar, at miög óhægt edr næzta ómögulegt væri at stýra þeim til ródrar, ef sá, sem þeim reri, sæti vid keipinn á þat bordit, sem þeßar árar liggia úti sióinn, og urdu því árarnar at liggia yfir hvert skipit; sátu því þeir ródrarmenn á stiórnborda, sem reru þeim árum, er útlágu bakborda; en hinir, sem á bakborda

sátu,

sátu, þeim er útlágu stiórnborda; og fyri því at þat var ómoguligt, at af sømu þóptu lægi tvær árar í sió, því þar hefdi hverr hindrat annann, þá var rúminu skipt í tvent, og vóru tvær þóptur í hverju rúmi, og þóptustædi hvert kallat Hálfrýmni, sem Edda segir: Þópti er Hálfrýmis Félagi, þat er: sá sem sitr á sømu þóptu; vóru svo hveriar 2 þóptur taldar fyrir einn Seß og eitt Rúm, fyri þá grein, at ef eigi fylgdi sú annur árin, sem róit var med í hálfrýminu, þá var seßinn edr rúmit einhendt, at eigi lá útbyrdis meir enn ein ár ødruhverumegin, medan eigi kom sú annur af hinu hálfrýminu; því segir Frþb. í Landvarnarb. Leysa þeir Skip úr festum, og sækir madr eigi hálfrýmni sitt. Hér af má sía, at menn hafa verit til hálfrýmis nidrskipadir. Vóru menn á Lángskipum misjafnt margir í hálfrýmum, eptir því sem þau vóru vel skipud, og valla færri enn tveir, sía Egilss. 57 K. Á Orminum Lánga vóru 30 manna í fyrirúmi, sem ádr er sagt. Vídazt vóru 4 menn í hálfrýmni, segir Hákonar S.; gétr þar og um, hversu manntalit var misjafnt í rúmunum. Eigi at sídr er þat víst, at á Lángskipum medallagi stórum gat einn madr róit ár hverri, sem lióst er af bodi Sverris K. Sitr madr vid ár, og annar í hveriu hálf-rýmni, Sverriss. 70; gétr þat fullvel komit saman

vid

vid lengd áranna, med því móti at allr þridiúngr af lengd árarinnar sé innanbords, svo sem Isaacus Wossius de structura Triremium skipar at vera skuli. Verdr svo hér af augljóst, at tvø Hálfrými edr tvær þóptur giøri eitt Rúm, svo og hitt, at Rúmatal á skipum og Seßatal sé allt hit sama, svo sem allar Søgurnar brúka þetta miøg á víxl. Svo er líka af hinum sømu opinbert, at þau skip, er seßum má telia, séu fráleit og fremri hinum, sem róit var at endilaungum bordum.

Sifiadr, Sifiar, Sifskapr, Sifiaspell, Pfb. 3. K. E. 4. 7. E., K. E. 10. Kg. 6. Þb. 19. (affinis, affinitates, affinitatis violatio). Þat er víst, at Sifiar eru mægdir, nema Gudsifiar, þær kunnu og at vera mægdalaust at líkamans venzlum; en at Sifiar merki bædi frændsemi og mægdir, eins og Biorn á Skardsá skilr ordit í þeßum hér tølldu greinum, munu eigi skýr røk kunna til at leidaz. En mægda merkinguna vottar Edda, er segir: Mágar heita Sifiúngar. Sama vottar Sæm. Edda í morgum stødum, og paradauki Grg. í Festaþætti 4 K. hún mælir svo: Eigi skulu skylldri Sifiar med heim, ef hann hefir konu átta ádr, edr hún bónda, enn at fimta manni. it. 45 Kap. þat eru Sifiaspell, in meiri, ef mádr

madr liggr med Systrúngum tveim, edr þeirri konu, er Brædrúngr hans hefir barn vidgétit. Samanber sama þáttar 3 K.

Skinndráttr Mþ. 13. (Lusus pellis invicem attrahendæ) hefir verit einhverskonar skinnleikr, bædi til at reyna afl og fimleika, kannské yfir beck edr bálka, synu edr síki, fen edr fángahellu, øllu helldr enn yfir ellda, sem Biorn á Skardsá meinar.

Skióla, Katlamáls-skióla Kb. 5. (Situla certæ mensuræ liquidorum). Þat er víst at Skióla sé hit sama og þat sem almenniliga kallaz Fata, því ordit er enn nú tídkat í Austfiørdum og vídar; líka er þat sýniligt af Løgbókinni í þessum stad, at víss mælir hafi verit á þeim fatum, er eiginlega héru skiólur; en hvat mikinn mæli þessar skiólur hafi halldit, er eigi svo audvellt úr at leysa; þó er nær því, at lióst sé hér af sialfum Texta bókarinnar, at hún vili eigi þessa Katlamáls-skiólu giøra sømu og búskiólu Kb. 26.

Skrúd, Skrúdklædi Ffb. 13. (Ornatus, vestes splendidæ). Ordit Skrúd merkir 1) Alla þarfliga hluti, sem at búsgøgnum lúta eptir Kr. R. Þ. og K. 2) Virdiz þat merkia Ornamenta øll, og daudt Inventarium Kirkna, hverju nafni sem heitir, sía

Grg. í Llb. 52. K. 3) Allskonar búning, er menn hafa á sér, svo sem qvad Harallðr K. Sigurdarson um bryniu sína í Nkß. þann dag er hann fèll á Englandi. 4) Allskonar prýdiklædi þau, er einkum til skarts heyra, og hellzt er af þeim má ráda stand þeß og virdingu, er skrúdann ber, svo sem Kóngsskrúdi, Sverrisſ. 69 K. ít. á hèr vid Meßuskrúdi, og sem vèr køllum at Biskupar og Prestar skrýdiz; en eingin þeßara merkinga er bókarinnar eiginliga meining; því hún meinar hèr 5) allskonar framandi landa klædnad, hvert sem er ull, klædi, silki edr fløjel, ꝛc. hverju nafni sem heitir, þat er til dýrinda kostnadar hørfi, framar því er í landinu siálfu giøriz. Votta þetta Nkß. þar sem Hreidar heimski svaradi Þórdi bródr sínum: Eigi fer þú siáandi eptir, ef þú ætlar at eg láti skrúdklædi koma á minn búk. Samanb. Grſ. 58 K.

Skulldahión, Skulldahiú Kpſk. 1. (Neceſſarii & operarii domeſtici). Svo stendr í þeim gømlu Skinnbókum í stadinn fyrir Skylldubiú, sem hin prentada Løgbók segir, og eru þeßi tvø ord sømu meiníngar, og merkia menn þá alla, sem hann (bóndi, er giallda á skatt og þingfarar-kaup) á at skylldu fram at færa, og þá verkamenn, sem þurfu at skylldu fyrir at vinna, sem bókin siálf segir í þeßum stad. Skuld-

Skuldskeyting Kb. 23. (Delegatio). Nú heimtir madr skuld at manni, ef hann er innan Hérads, og skuldskeytir hann vid annann mann, þá hefir hann lokit þeirri skuld af hendi. Eptir þessu verdr ordit Hann næzt eptir Skuldskeytir at merkia Debitorem (gialldanda fiár), sem skuldskeytir er af Creditore (heimtanda), og verdr þá greinin öll slökin og vandskilin; en nær hún er lesin eins og sumar gamlar skinnbækur hafa: skuldskeytir hann hann, &c.; og fyrir hit fyrra Hann verdr skilinn Debitor, en þat sídara Creditor, þá verdr hún öll liós og audskilin; og styrkir þá meining ein ágæt skinnbók, er segir: Skuldskeytir hinn (*) hann vid annann mann, því hér er þat næzt, at Hann merki Creditorem.

Skyldihøgg Lib. 19. Fml. 16. 25. (Ictus vehemens oblique inflictus) er þvílikt høgg, er lestir skiól eda skyldu á yfirhúd á vidnum edr bikit, edr hefilhúdina d: slétthefils-farit á innvidum skipsins, sá Olafss.

(*) Allteins stendr þetta í einni Skinnbók, sem finzt í bóksafni Hra. Conference-ráds Jóns Eiríkssonar, og skrifud er á 14 öld, en í annari er þat leidrett: Hann hann vid annann; svo Hann, þar skamstafat, er sett yfir línuna, med nýari hendi, at virdiz, en þó gamallri.

Tryggvasonar 2 p. 63 Kap. bls. 230 og Grs. 40 Kap. (*).

Skømm á sér, Mh. 25. (Infamia sui). Hvat þetta sé, upplýsiz bezt af Grg. í Vgsl. 114 K. þar eru ord þriú er svo miøg vesina, 2c. samanb. Niálss. 115. Reykdælu 30 K. og Sæm. Eddu í Lokasennu, Odin qvad: átta vetr varstu fyri jørd neðan, kýr miólkandi og kona, og hefir þú þar børn ofborit.

Snápr, Mh. 17, 31. (Ardelio, vir stolidus, vir de stupro mulieris falso glorians). Þetta ord hefir sømu merkingu, sem Gickr, Narri, Þurs, Dári, nautheimskr Asni, sem vottar Edda, er hún segir í mannkénningum og

(*) Nockrir meina, at Skylihøgg se allt eitt og Skælihøgg (af skæla, skeckia, skæll, skackr) edr Skáhøgg, þ. e. þvílikt eitt høgg, er bruka timbrmenn og skipasmidir, nær þeir rydia stórvidu, á þann hátt, at þeir høggva á ská eitt høgg af odru eptir endilaungum vidnum, eigi at eins lángt inní treit, edr til þess afmarkada máls, helldr og þannig, at jafnan ryfuar fyrir eptir endilaungu, svo at nær þeir høggva annur skáhøgg þvert á móti þessum, hrockva jafnódt stycki og spænir undan øxinni; leidir hellzt til þessarar meiningar sá her at ofan tilnefndi stadr í Olafssøgu; og eptir henni hefir eg útlagt þetta ord her á Látínu.

og Titlum: Heitir og óvitr madr Fysi, Afglapi, Gaßi, Ginnúngr, Gaur, Glópr, Snápr, Fóli, Errr, Odr, Galinn, samanber Eyrbygg. 48 K. og Sturl. 8 B. 2 K. Hvat uppruna ordsins vidvíkr, þá veit almenníngr, at hundar snapa, þegar þeir daunsna eptir matar-molum, og Snøp heita þat, er svo er jørd hulin snió og áfredum, at útigángs peníngr fær eigi fódr sitt, nema hann snápi eptir; hér af kémr at snópa, þ. e. med valltrar vonar lángri dvøl, at bída þeß, sem eins er óvíst, og hundi at géta nasat upp molana. Svo segir í Hávamálum: Snapir oc gnapir, er til sævar kémr, ærna alldinn mar (yfrit gamall hestr); Sva er madr er med mørgum kémr, oc á formælendr fá. Samanber Sigrdrífu-mál: gnapir æ grár jór, yfir Grami daudum. Þetta sýnir dæmi uppá heimskann mann, at hann snópir, snapir og gnapir, o: stendr á vindsvølu bersvædi, þar sem uppá gnapir golan og vedrit, og mun Snápr hédan hafa nafn fengit. Þat er enn í Loka-sennu, er sýnir, at Snápr merki málugann gick, sem fari med qvikføgur og róg á milli manna; þar qvedr Loki vid Byggvi: Hvat er þat it litla, er ec lauggva see, oc snápvíst snapir? at eyrum Freys, mundo æ vera, oc und kvernum klaka. Hann qvedz sía þat laugg-

va, þat er: annathvert at tyllaz á tær, og trana sér fram, svo sem kér þat, er løggum stendr á stocki; edr þat er: at ausa fram øllu því, er í huga kémr, eins og kér þat, sem hallat er á legg, svo at líka renni af því dreggiarnar, og sambýdr hverttveggia naturis ardelionibus. Loki segir þennann snápvísann snópa, og hann muni undan kvernum (d: úr leyndum) klaka uppá Frey, og liggia í eyrum honum, med allskonar mælgi, meinsøgum og málædi. Skorta hér eigi hin réttu kénniteikn narra þeß, er af dárligri heimsku lýgr því á sig, at hafa legit med qvennmanni, og sýnir í því fólsku sína, at vilia giøra hénni smán og sneypu; en ordin Sneypa og Snápr eru systkyn at skyldsemi, því sá sem vænir á sig legordi, fær at launum Snáps nafnit, og Sneypuna vid þat áfasta þadan í frá lífs og lidinn. Má hér af audsætt þykia, at þegar ordit Snápr kémr fram í Mh. 31. þá merki þat Gikk, Narra og Glóp, er fyrir sín dárlig Gickstycki hvergi sé med dánumennum hæfr né teliandi, og ætíd sídan ærulaus edr minni madr; en þar fyrir kann þó eigi ordit at takaz í svo hardri meiningu í Mh. 17. helldr svo sem bókin segdi: Eigi svo sem margr fávís madr edr heimskingi segir, 2c. því á þeßum stad er honum unnt at læra betr, og vera svo frí vid nafnit.

Spá-

Spáfarir Mh. 2. (Haruſpicium). Í þeßari glóſu er fólginn allr sá hluti heidindómsins, er lýtr at frettaleitni Heidingianna, med hverium hætti sem verda.

Spyria til gards manns Þb. 6. (Proſeqvi veſtigia cujus usqve ad prædium ipſius) þat er: at rekia sporin allt at Gardi.

Stacka Lb. 39. (Eqva cui cauda eſt amputata) er sterthøggvit hroß, sem taglit er afsnidit; því þeß Stakkr er stífdr edr réttara styttr, eins og þær gemlu skinnbækur hafa.

Stackgardr Lb. 11. 37. (Septum fænarium). Þat er nú at meztu nidrfallit, at menn kalli Heystack þat sem Heyhladi heitir Lb. 30. og Stadi Lb. 11, en at svo hafi þat kallat verit at fornu, sýnir Egilss. 81 K. og Grg. í Lbr. þ. 46 K. Svo eru og dæmi nóg í Søgunum til þeß, at hey vóru sókt í Stackgarda edr Stødu í Stackgørdum, sá Liósvetningas. 10 K., Eyrbyggiu, þá Arnkell Góði var veginn, og Søguna af Þórdi Hrædu 22 Kap. og enn høfum vér Stacka nafnit eptir á fiskihløbum, sem Stackr kallaz; og af stórkléttum edr smáhøurum, sem skaptir eru í líking slíkra hlada, hafa nøfn sín fengit jardirnar

irnar Stackaberg á Skardstrond, Stackhamar í Miklahollts Hrepp, og fleiri ørnefni.

Steckr Llb. 48. (caula oviaria, in qva agni â lacte depulsi noctu clauduntur). Pat er víst, at þeßi glósa er gømul, og góð Norræna því hún er øldúngis brúkud í sømu meiníngu, sem enn í dag, bædi í Grg. Llb. 11. og í Eddu, þar sem talar um Eggtíd og Stecktíd; en hvadan hún sé upprunnin, er vandara til at géta; þó er þat kunnugt, at þat heitir at stía, þá lømbin eru tekin frá mædrunum í Steckiarqvínni, og sett í króna til næturvistar; en af at stía, kémr at stiaka, d: at frábægia, og þar af mun Steckr dreginn, verdr þá Steckr eptir því Frábægíngar-gérdi.

Stendr mann Mh. 2. (deprehendit aliqvem) stendr fé sitt Þb. 4. (investigat res sibi sublatas). Í bádum þeßum stødum Lagbókarinnar merkir ordit stendr sama sem hittir edr finnr, svo sem lióst er af Frþb. Hákonar K. gamla, Mh. 52, einnig af vísu Ásdísar í Grf. 72 K., Nkß. og St. 3 B. 12 K.

Stiórnborda Fml. 24. (dexterum navis latus). Þat heitir á Stiórnborda, er fram

fram-liggr frá hægri hendi Stýrimanns, er hann sitr undir stiórninni aptr í skut skipsins og horfir fram til stafnsins; en ordit er dregit af Stiórn edr stýringu skipsins, Frþb. í Kb. og Gþb. Kb. 25; og á því eigi at kallaz Stiórborda, sem nockrir vilia, svo sem væri þat af Stióra dregit.

Stockr Mþ. 2. (Tignus). Stockr er hvørt máttar-tré, sem greypingum er fast í hús, skipi edr einhverju trésmíði; svo heitir Ølloustockr á skipi, Hástockr og Bordstockr; Búnkastockr og Backastockr, þar sem skip eru bygd, máttartréin, er undir kilinum liggia, medan skipit er smídat, sem sýnir Sn. Sturluſ. um Orminn Lánga; svo eru hiá oss alkunnir Pallstockar, Rúmstockar og Jotustockar, en í húsum Aurstockar, sjá Eyrb. 21 K., Egilsſ. 22 og 46. K.; er því eigi efandi, at stockr sá, er Mþ. 2. talar um, sé hvørt yzta tré af máttarvidum í grind húsins, sem med greypingum er fast, svo sem eru Andyris aurstockr, sá er gengr um þvert yztr vida vid jørd, og andyris-bitinn, sá er yztr liggr í støfum útidyra grindarinnar, svo at í báda þessa stocka, bitann og aurstockinn, eru þilin greypt, samanb. Rb. 3. Svo er þá innanstocks allt þat, sem er fyrir innan dyra-umbúning í bæar-húsum, á heimili manns, svo sem enn nú í dagligu

máli heitir þat allt innanstocks, sem í húsum er, þeim er menn hafa eigur sínar inní, adrar enn qvikfé, sjá Njálss. 5 Kap.

Svíþjóð Fml. 8. (Svecia). Hvat hér sé meint fyrir Svíþjóð, verdr liósazt af Landslögum Svíanna í Konungsb. 1 K. Svea-Rykes Ryke er af hedhna Várild samankomit, af Svealand och Götha. Svea kalladis nordan Skogh, og Götha sunnan Skogh — Tvenna áro Götha í Svyryke Ostgötha og Västgötha. Þat sem hér kallar Svea nordan Skogh er Svíþjóð bædi í vorum Fml. og í fornsögum öllum meint; þó er eigi líkligt, at Kaupferdir farmanna vorra hafi lengra gengit í Svíþjóð, en á þá sídu, sem veit at austrsjónum, og kannské uppeptir Leginum þángat, sem nú er Stockhólmr, edr hit lengsta til Upsala; því þat virdiz eigi trúligt, at þeir hafi siglt nordr í Botnsfjörd, til Gestrekalands og Helsingialands, þótt þat heyri og til Svíþjódar, sökum þess, at sektarhædin 2 merkur, ef skipan er rofin í Svíþjódu, sambýdr eigi vegalengdinni, þá saman er borin 4 marka sektin á Gotlandi (Gullandi), sem liggr vestar enn rétt sudr fra Botnsfiardarmynni, svo at þeir sem vilia sigla inní fiordinn, megu sigla fram hjá Gotlandi. En hvadan Svíþjóð hafi nafn dregit, kénnir

Edda

Edda eptir Codice Regio: Gotar (Gotnar) eru kalladir af heiti Konúngs hess, er Goti er nefndr, er Gotland er vidkennt, hann var kallad af nafni Odins, og dregit af Gaut, nafni Odins, en Svípiód af nafni Svipris, hat er og heiti Odins (*). Nú vita menn, at Svipr merkir Speking edr Visdóms-meistara (Sapientiæ Magistrum) hann er ødrum kennir Visdóm og speki, snilld og gódar framferdir. En Svipr adjectivum (Vidrlags-ord) og svinnr er allt hit sama, hví h breytiz í

(*) Gerhard Schønning, í hans riti um Nordmanna og annara Nordrhióda upprúna, mótsegir hessari meiníugu, og vill helldr draga Svihió edr Sviaríki af Sudr. Hann helldr, at eins og Norvegr, einkanliga hinn nordari hluti lanzins, svo sem Prándheimr og umliggiandi Herød, hafi nafn fengit af afstodunni, frá sydra parti Svihiódar, edr hví eiginliga Sviaríki; svo hafi og Svíhió dregit nafn sitt af hví hún lá í sudr eda fyri sunnan ádrgetinn part af Norvegi, og hessvegna se nafnit Sviaríki eckert annat enn Sudr-ríki (ɔ: hit sydra ríki, mótsett hinu nyrdra ríkinu Norvegi) edr Sunnur-ríki, har Sudr og Sunnr er hat sama hiá heim gomlu, sem einnig hafa brúkat, til dæm. fidr fyri finnr, mudr fyri munnr, ɔc. Her af leidir, at Sudurskr, Sunskr, Schnskr, Sænskr se allt hit sama og Svenskr, hat er at skilia, sá er býr í sudr, fyri sunnan, eins og Norskr merkir hann, er býr í nordr, eda mót nordri.

Norrænunni margfalldliga í un, sem mørg eru dæmi til í fornum frædum; skilr almenningr, at svinnr er vitugr, sidgódr, framsýnn, og þar af er dregit nafn Odins, Svíþrir, því hann færdi þingat í Nordrlond margar íþróttir, vísdóm, snilld og kunstir, sem Sn. Sturluſ. berliga vottar; heitir þá Svíþióð eptir þeßu Svinnþióð, samansett af svinnr, svidr, sapiens, prudens, honeste moratus, og Þióð, Gens, populus, natio; svo heitir þat Svíþ-þióð, ádr enn burtsleppt er þinu fyrra þ til málfegurdar og miúklætis vid þeyrnina (propter Euphoniam), þat er: vitug, framsýn og sidprúd þióð, eptir nafnsins þlióðan. Og enn er þat til merkis, at þiódin heitir á danska túngu bædi at fornu og nýu Svenskir med bókstafnum n, sem í ordinu svinnr á adalsæti, og er þadan komit ordit Svenskir, svo sem þétu þeir Svinnskir, velsidud þióð, forsiáls herra þegnar, vitugr landsþýdr. Bókstafinn d þafa Þýdverskir enn í dag, í nafni þeßa Konúngs-Ríkis, og eru þat leifar af Svíþris nafni. En at menn þafi Þiódina Svía kallat, svo at þverki stendr n né d í nafninu, er myndat af Svíþióð, þegar búit var at sleppa þ í burt, og þafa menn þá útilátit seinna þluta ordsins, en skapat af þinum fyrra heilt nafn, svo sem í øllum túngum heimsins er tilgengit ótalfalldliga med hinsu móti. (Framhalldit sídarmeir)

Th. S. L.

Framhald Agripsins
af
Lögmanz Páls Vídalíns

Glóserunum

yfir

Fornyrdi Lögbókar Islendinga.

T.

Tialldan á skipum, Fml. 7. (tentoria navalia). Þessum tiöldum uppihéldu tialdáar eptir endilaungum skipum, og munu endar þeirra þasa festir verit, annar á brandinum (o: staungínni upp af skips-stafninum) fram á skipi, og annar vid siglu, en med endilaungum bordum vóru tiöldin fest á milli

tilgiordra fellínga, svo at smá-ásar, sem skopt, fellu inn í greypíngar þar til giordar innan vid bordstockana, urdu svo tialldskarirnar í þessum greypíngum fastar, og vóru þær greypíngar kalladir Klofar; þat skýnir Egils Saga 27 Kap. Qvolldúlfr bad menn gánga hit ytra med bordunum, og høggva tiølldin úr klofa, d: at heggva sundr ásana, sem tiølldunum hélldu føstum med bordunum, og fellu inní greypíngarnar, sía enn framar um Klofa Olafss. Tryggvas. 2 B. bls. 31, og Hr. Gautrekss. Sogu 34 K. hvar bádar segurnar skýna, at þá var lokat, er hurd var rekin eda hnígin í klofa, en þá er hús opit, er hurd er hnígin í gátt, sem vottar Sagan af An Bogsvegi 5 K.

Tíund, Ffb. 9. 12. (Decimæ) Tíundar-giøf, Et. 28. (Donum decimæ partis). Hvør madr má gefa fiórdúngs-giøf af fé því øllu, sem honum hefir aflaz — En tíundar-giøf af svo miklu fé, sem hann hefir at erfdum tekit — En af fiórdúngs giøf skal þat fyrst lúka, er madr gefr Gúdi skrift sálu sinni. Svo sem þat er bódadi, at Fiórdúngs-giøf sé hvør hinn fiórdi hlutr af því, sem manni hefir aflaz; svo er þat og áþreifanligt, at Tíundar-giøf sé tíunda hvørt hundrat edr tíundar-hlutr af erfda-gózi, en eigi fimta hvørt hundrad, eins

eins og nockrir hafa meint (1); en til at fá réttann skilníng á grundvelli vorrar Tíundar, sem og hvat og hversu menn skuli fé til Tíundar virda, þá gétr Vid. þess í fyrstu grein, at bædi nafnit sjálft, og líka annara þióda tíundar-máti, sýni, at tíund skuli vera tíundi hlutr ávaxtanna af hofudstóli þess manns, sem á 10 aura skuldlaust, þá er hann hefir ávöxtu af, og þadan af meira; því skylldi tíund, edr tíunda-hlut giallda af ávaxtarlausum hofudstól, þá væri þat 12 álnir af hundrads hofud-stól, 6 ál. af 10 árum, eitt hundr. af 10 hundr., 2 af 20, og s. fr. mætti menn svo ár frá ári aptr færa tíund sína um jafnmikit sem af hofudstólnum goldit var í umlidins árs tíund, þángat til madr yrdi félaus á fám árum (2). En til þess at tíund eigi

(1) At sönnu framfærir Lögmadr Sveinn Sólvason í hans Tyro Juris 2 B, 10 Kap. bls. 82 og 83, nockrar ástædur þeirra, er svo hafa meint, en þó þykir honum sjálfum óhultara at fylgia Lögmanns Vid. meiningu.

(2) Sál. Biskupinn Mag. Jón Arnason hefir í sinni Decategraphia edr Tíundar-skrá, er hann skrifat hefir móti þessu Lögmannsins riti, hardliga stadit á því, at tíundin skuli eigi giallda af ávexti edr leigu fiárins, heldr af hofudstólnum, svo at tíund se hinn hundradasti partr fiárins, er tíundat er, upp frá því skipti-tíund nemr; þessu samsinnir og Lögmadr Biörn

einúngis at giallda af ollu því, er ávextir ganga af(3), leidir Vid. rök af siálfri Tiundar-Statútunni, er gior var at fortolum Giſſurar Biſk-

Biǫrn Marcúsſon í hans Agripi um tíundargiǫrdar upphaf og framgáng á Islandi, og adrir fleiri, hvar á móti sá hálærdi Biſkup Dr. Finnr Jónsſon, Sýſlumadrinn Magnús Ketilsſon og Prófaſtrinn sál. Vigfus Jónsſon í Hýtardal, hallda med Løgmannsins meiníng í tiedu efni; þó leidir Hra. Biſkupinn Dr. Finnr fyrir siónir, at þetta komi í sama ſtad nidr: svo sem til dæmis: ef høfudſtóllinn er 11 hundr. og 10 aurar, sem gisra 1380 ál. af hvørium lagarenta er einn 10di partr edr 138 ál. og þegar þaraf á at giallda einn 10da part rentunnar, þá verda þat 13⅘ ál. edr 2 aurar, 1 al. og 8 peníngar; en ef giallda skal einn hundradaſti partr høfudſtólsins, þá verda þat í sama máta 13⅘ al.

(3) Þeßi Løgmannsins meiníng, at tíunda einúngis þat fe, er ávørt edr árlegt gagn af ser gefr, mótſtrídir því, er Biſkuparnir Mag. J. Arnaſon og Dr. F. Jónsſon hafa þar um ſkrifat nefnil. at allt ſe eigi at tíunda, hvørju nafni sem heitir, hvørt helldr frídt edr ófrídt, at því einu fráteknu, sem Tíundar-Statútan frásíkir, hvar til Dr. Finnr leidir margar røkſemdir, svo sem:

1) Af siálfrar Statútunnar berlignm ordum, er hún segir: a) Þat er mællt í lǫgum, at menn sculi tíunda fe sitt allt á landi her lǫg-

Biſkups, med beztu manna rádi, árit 1096, hvar svo stendr: Hvar sem vardveitir ó-

lǫgtíund, hvar ordit allt útþryckiliga stendr, og eigi þolir nockra undantekníng, nema þá, sem Statútan siálf sídarmeir giorir. a) Sá madr scal gefa — sem á tíutíu fiár 6 álna aura; her er onnur regla, sem er eins almennilig og hin fyrri. c) Eigi scal ómǫgum fe ætla, þ: ótíundat, hvar af leidir, at ef eg skal tíunda þat mitt fe, sem ómaginn audsiáanlega eydir þat ár, hví þá eigi hitt, er eg á í daudum aurum, og hann ecki eydir? d) Ef madr kemr út hingat, þá scal hann giallda Tíund af því fe hinn næzta vetr, er hann út hafdi um sumarit; þetta má naudsynliga skiliaz um dauda aura, því eptir 900, enn sídr 1096 flutti eingi madr frídann pening til Islanz. e) Tekr Statútan opt til þeß, at madr skuli giallda tíund af hverium 10 aurum, er hann á skuldlausa. f) Skipar hún at tíunda búsafleifar, ef meiri eru enn vætt til manns, svo og ef menn bregda búi; item. hey, ef elldri eru enn ársgomul, og er þó þetta ávaxtarlaus eyrir.

2) Eru Blǫd (Schedæ) Ara Prests hins Fróda (sem lifdi á þeim tíma, er Tíundin var inn-leidd, og var bædi heyrnar- og siónar-vottr þar at) annar vottr til þeß, at allt fe hafi verit virdt og tíundat; þar segir; Var þat í lǫg leidt, at allir menn tǫldu oc virdu allt fe sitt, oc sóru at rett væri virdt, hvǫrt sem væri í lǫndum edr lausa-aurum

maga-fé, þat sem hann tekr ávǫxtu af, þá skal hann þann hlut ávaxtarms tíunda,

um, og gerdu tíund af síðan; þat eru mikilar jarteiknir, hvat hlýðnir lanzmenn voru þeim manni (d: Gizuri Biskupi) at fe allt var virdt med svardǫgum, þat er á Islandi var, oc landit sialft, oc tíundir afgervar 2c.

3) Segir Hungrvaka: Þeir báru þat ráð til samans — at þat yrdi lǫgtekit, at menn tíunduðu fe sitt á hvǫrium 2 miſſirum, og allann taug ávaxtar fiár síns 2c.

4) Stendr í l. Þ. Sturl. er skrifadr var fyrir 1200: Var þat í lǫg leidt, at allir menn á Islandi — skylldu telia og virda fe sitt, og sveria at rett væri virdt, hvǫrt sem væri í landi edr lausum eyri, og giǫrdu tíund af síðan; — allt var virdt med svardǫgum, þat her á landi var, og svo landit sialft og tíund afgiǫr 2c.

5) Talar Kristinnadóms-saga um tíundargiordina á þennann hátt: Var þat lǫgtekit, at allir menn tǫldu og virdu fe sitt og svóru eid, at rett væri, hvǫrt sem var í lǫndum edr lausum aurum, og giǫrdu tíund af; — allt landit var virdt og allt fe þat er á því var 2c.

6) Skipar Kristinrettr Arna Biskups, giordr 1274. ǫllum mǫnnum at tíunda allt sitt fe, hvǫrt heldr í landi edr lausum eyri.

7) Sýn-

da, (o: tíunda hlut af honum svara, en eigi skerda innstædu-eyrinn edr hofudstólinn) sem

7) Sýnir Arna Biskups Saga 15 Kap. þá Sæmundr Jónsson feck Páli Biskupi 60 hundr. voru, a) at árit 1194 hefir þat alment verit at taka leigu af daudum aurum og ávaxtarlausum, svo sem vadmálum, vararfelldum, lambagærum ɔc. því þetta kalladiz þá vara. b) At logleiga af 60 hundr. af þvílíkri voru var á ári 6 hundr. edr einn 10di partr hofudstólsins, allt eins og eptir fridann peníng.

Framvegis sýniz þat og líkleat af þeim miklu Tíundum, er Arna Biskups Saga 73 og 80 Kap., einninn Laurentius Biskups Saga og fleiri skilriki geta um, at allt gótz qvikt og daudt hafi tíundat verit, og at 1 hundr. í daudu hafi verit tíundat sem 1 hundr.; því annars hefdi ríkidæmit mátt vera óskapliga mikit, sem varla edr ecki er líkligt. Af ollu þessu má ráda, at greind Tíundar-Statúta hafi fyrir óbrygdanliga lagareglu halldin verit allt framyfir 1400 edr kannske lángtum lengr, í því at tíunda allt sitt fe. Nú er Statútan innfærd í Kristinrett, sem, eptir at landit kom undir konúngligt vald, af Noregs Konúngum er stadfestr, og hún þess vegna og stadfest og fyri log skipud, og aptr 1734 af Christiáni VI Dannmerkur Konúngi.

Þær Undantekningar, sem Statútan sialf tiltekr, eru þessar:

1) Þat

undir hann ber; og enn segir hún: Ef ávøxtu ber undir mann af þeß manns fé er

1) Þat fe, sem er lagt til kirkna, brúargiørda edr almennilegrar brúkunar; orsøkin er þessara hluta vidrhalld, og ábyrgd høfudstólsins, hvar til ávøxtrinn gánga átti.

2) Prestar þurfa eigi at tíunda bækur, klædi ne þvílíkt. Petta er gjørt til vægdar vid andlegrar stettar menn, og virdíngar vid heilþiónustugjørd, svo allt þetta se ætíd í gódu og heidrligu standi, en allt annat fe sítt eiga þeir at tíunda, og hví þá eigi adrir?

3) Búsafleifar þarf einginn at tíunda, nema hann bregdi búi; því þá eru þær honum eigi lengr eydslu-eyrir, helldr auka fyrirliggiandi høfudstól.

4) Eigi helldr hvørsdags klædi; því þetta er uppgángs-eyrir.

5) Godord, en allt annat se á Godinn at tíunda.

6) Ómaga-eyrir, þann madr hefir eingann ávøxt af. Orsøkin er, at ef ómaginn etr sjálfr allann ávøxtinn, og hinn hefir samt ábyrgd fiárins, sem ósker dt á at vera, þá skal hann vera tíundar-frí; en gángi nockrir ávøxtir af, skal hann þá tíunda, sem sítt eigit.

7) At

er útlendis er, þá skal hann þat fé svo tíunda, sem ávöxtu beri undir hann af

7) At útlendir menn tíundi eigi í 3 ár, nema búreisi, er serdeilis einkaleyfi, gefit í þeirri veru, at menn fæli eigi frá ser framandi.

Lokſins eru vid þeßa Statútu athugandi nockrar hofudreglur, sem hiálpa mikit til at ná hennar rettum skilningi:

1) At hvort hundrad hefir í ser 12 sinnum 10, edr 120 ál., og at af hverju hundradi er lagarenta 12 álnir edr einn 10di partr hofudstólsins.

2) Af minna hofudstól enn 60 ál. var eingin tíund golldin, en af fyrstu 10 aura hofudstól átti eingandinn at giallda 1 ál. og af 1 hundr. (120 ál.) 2 ál., sem hvorttveggia gierir $\frac{1}{60}$ part hofudstólsins, en $\frac{1}{6}$ part rentunnar.

3) Af 2 hundr. átti at giallda 3 ál. edr $\frac{1}{80}$ p. hofudstólsins, en $\frac{1}{8}$ partr rentunnar.

4) Af 3 hundr. 4 ál. edr $\frac{1}{90}$ partr hofudstóls, en $\frac{1}{9}$ partr rentunnar.

5) Af 4 hundr. 5 ál., þat er frekliga $96\frac{1}{2}$ partr hofudstólsins, en lakliga $9\frac{1}{2}$ partr rentunnar.

6) Sá sem átti 5 hundr., skyldi giallda 6 áln. edr eyri ɔ: $\frac{1}{100}$ part hofudstólsins, en $\frac{1}{10}$ part rentunnar, hvor nidrskamtan adgætaz átti, hversu mikill sem hofudstóllinn var.

7) Þann

ómaga-eyri. Nú eru nockrir, sem halda fast vid ógrundvallada venju (svo kémz Legm, Páll

7) Pann ójafnud, er sýnaz kann í upphafi Statútunnar allt til 5 hundr. í því at fátækir eiga at giallda einn 6ta, 8da og 9da, en þeir ríku einúngis 10da part rentunnar, er bágt at útskýra, nema menn álykti, at þeir forsiálu menn, er settu þessi lög, hafi fyrst fastsett, at allir skyldu giallda í tíund einu 10da part rentunnar, og til þess hafi þeir uppsett í hugaanum eda og uppskrifat eina jafna og vel nidrskamtada tíundar-töblu, sem menn kunna at ímynda sér, at hafi verit tilbúin (innrettud) eins og þessi Tabla:

Fiárhæd		Tíundar-gialld		
Hundr.	aurar	aurar	álnir	peníng.
—	10	—	—	6
1	—	—	1	2
1	10	—	1	8
2	—	—	2	4
2	10	—	3	—
3	—	—	3	6
3	10	—	4	2
4	—	—	4	8
4	10	—	5	4
5	—	1	—	—
5	10	1	—	6

og svo framvegis.

En þar þeir sáu, hversu lítil sú tíund yrdi, væri henni skípt í 4 stadi, þá hafa þeir látit hana

Páll at ordi), um þridia hvørt hundrad í daudum aurum, edr ord Stgtútunnar rángs-

hana falla í einn stad, nl. til fátækra, umbreytt lítit tíundar-forminn, og skipat, at þeir menn, er ættu minna enn 5 hundr. skylldu giallda tíundir, eigi eptir þessum hætti, heldr þeim, sem eptirfylgiandi Tabla sýnir:

Fiárhæd		Tíundar-giallð		
Hundr.	aurar	aurar	álnir	penínga.
—	10	—	1	—
1	—	—	2	—
1	10	—	2	5
2	—	—	3	—
2	10	—	3	5
3	—	—	4	—
3	10	—	4	5
4	—	—	5	—
4	10	—	5	5
5	—	1	—	—
5	10	1	—	6
6	—	1	1	2
6	10	1	1	8
7	—	1	2	4
7	10	1	3	—
8	—	1	3	6
8	10	1	4	2
9	—	1	4	8
9	10	1	5	4
10	—	2	—	—
10	10	2	—	6

Fiár-

rángfærd frá hennar áfetníngi. Veniunni skal síðar svara; en ord grundvallarins hlióða svo:

Fiárhæð		Tíundar-giallð		
Hundr.	aurar	aurar	álnir	penínga.
11	—	2	1	2
11	10	2	1	8
12	—	2	2	4
12	10	2	3	—
13	—	2	3	6
13	10	2	4	2
14	—	2	4	8
14	10	2	5	4
15	—	3	—	—
15	10	3	—	6
16	—	3	1	2
16	10	3	1	8
17	—	3	2	4
17	10	3	3	—
18	—	3	3	6
18	10	3	4	2
19	—	3	4	8
19	10	3	5	4
20	—	4	—	—
21	—	4	1	2
30	—	6	—	—
40	—	8	—	—

og munu þeir þetta giort hafa í tvennu tilliti til hinna fátæku a) Þeirra, er giallda áttu, hvorra eignir eigi vóru 5 hundr. virði. En þar þeir vóru frír fyrir ǫðrum almennum þyngslum, sem innifalin eru í Þingfarar-

kaupi

svo: Menn skulu tíunda fé sitt allt løgtíund, og strax eptir: fyrir utan hvørsdags

kaupi, edr þar af flióta, þá sýndiz vidrqvæmilegt, at þeir gæfi nockut framyfir almennilega reglu til sátækra. b) Þeirra er tíundirnar tóku, sem vóru heilsnveikir menn, munadarlaus børn og gamallt fólk, sem lifdu af annara góbgiørdum og almennu tillagi: var þeim þat eigi til lítilla nota, at þeir fengu af hvørinum manni í hreppnum, er átti 10 aura, eina heila alin, í stadinn fyrir $\frac{6}{10}$ al., og af þeim er átti 1 hr. edr 20 aura, 2 álu. í stad $1\frac{8}{10}$ al. og svo fr. allt til 5 hundr. At þeir hafi þannig í fyrstunni tilsett, sýnir grundvallar reglan: Þat er løgtíund, at sá madr scal gefa 6 álna eyri, er hann á tíutýgi fiár 6 álna aura; hvar med og sýniz til kynna gefit, at sá tíundar-máti, sem skipar at giallda einn 10da part rentunnar, se einúngis løglegr og á Guds løgum bygdr, en þat sem tilsett er um þau 4 fyrstu hundrudin, at skuli ødruvís tíundaz, se undantekning frá hofudreglunni.

8) Þegar hofudstóllinn stígr til 5 hundr., á at giallda af hvørju hálfu hundradi, edr 10 aurum $\frac{6}{10}$ al. en af heilu $1\frac{2}{10}$ al., og kemz þat allt heim hvat vid annat, svo at tíundin verdr ætíd einn hundradasti partr hofudstólsins, en einn 10di partr rentunnar.

9) Svo sem þat er bodit at giallda 1 eyri af þeim fyrstu 5 hundr. þat er løgtíund ꝛc. svo eiga og aurarnir at margfalldaz med hvørjum 5 hundr.

dags búning skulldlaust. Petta skilr Løgmadrinn svo, at þat sé allt þat fé, sem manni er

5 hundr. t. d. af 10 hundr. eiga at gialldaz 2 aurar, af 15 hundr. 3 aurar, af 20 hdr. 4, af 30 hundr. 6, af 40 hundr. 8 og s. fr. hvorsu mikit sem gótzit er; og er þetta grundvallat á því, er Statútan siálf ályktar, at gefa skuli einn eyri af 5 hundr., hvat Kristinrettr Arna Biskups enn frámar styrkir, er hann segir í 14 Kap. Sá sem á tíutýgi aura, gialldi 6 ál. og scal tíundin aukaz um 6 áln. við hvǫr 5 hundr.

Peir sem víkia frá þessum reglum, færa inn í Tíundarverkit mikinn ójafnud. Nockrir vilia láta giallda eina al. af hverju hundradi, svo at þá verdi 7 ál. af 6 hundr., 11 áln. af 10, 16 af 15, og 21 al. af 20 hundr. og svo fr. sem siá má af þessari Toblu:

Fiárhæd	Tíundarg.	Fiárhæd	Tíundg.
Hdr.	ál.	Hdr.	ál.
½	1	13	14
1	2	14	15
2	3	15	16
3	4	16	17
4	5	17	18
5	6	18	19
6	7	19	20
7	8	20	21
8	9	21	22
9	10	22	23
10	11	30	31
11	12	40	41
12	13		

og

er eins gagnligt, og hversdags búníngr, er hann hefir hvern dag gagn af, og sé hann því

og er einginn svo blindr, at eigi sjái, hve mikit tíundir hinna ríku minka við slíka atferd. Par fyrir taka adrir annann veg, og auka tíundargialldit við hvert 6, 11, 16 og 21 hundrad; því þeir halda þeßi hundrud fyrir þau fyrstu í hverium 5 hundr og láta þarfyrir tíundargialldit tvøfalldaz við þau, hvat þeir látaz byggia á fyrr tilfærdri grein úr Kristinretti Arna Biskups 14 Kap. sem þó eingin rettsýnis regla er fyrir; og þar þeir her at auk ecki skeyta um tíundar-gialld af hálfum hundrudum, þá heimta þeir opt meir enn vera á, sem sjáz kann af eptirfylgiandi Toblu.

Fiárhæd	Tíundarg.	Fiárhæd	Tíundg.
Hdr.	ál.	Hdr.	al.
½	1	13	16
1	2	14	17
2	3	15	18
3	4	16	20
4	5	17	21
5	6	18	22
6	8	19	23
7	9	20	24
8	10	21	26
9	11	22	27
10	12	30	36
11	14	40	48
12	15		

En

því til samjøfnunar tekinn, at hitt allt, sem dagliga, edr med degi laungum árit um kring gèfr

En þessi adferd a) eykr meir enn burttekr ójøfnudinn. b) Er hún eingannveginn eptir høfudreglunni, sem þeir, eins og adrir, fallaz á, t: at tíund eigi at vera hundradasti partr høfudstólsins, en einn 10di partr rentunnar. c) Meina þeir, at hinir gømlu hafi eigi haft smáa peninga, og þessvegna eigi uppásett smá útsvør; en þat sýniz grundvallarlaust, því fyrir utan þá smápeninga, eda pening taldann, af hvørium 10 gildtu alin (sjá Kristinnret Arna Biskups 32 K.), og í landinu vóru til allt fram undir sidaskiptin (Reformationen) og kolluduz þá nagli, kunni tíundirnar ogsvo at lúkaz í vøxi, vadmálum, ullu, matvælum og annari vøru, sem bædi mátti auka og minka eptir stærd tíundargialldsins. Hafa því adrir haft tillit til allra høfudreglanna, og meint betra at taka af alldúngis í einn eptir 5 hundr. allann ójøfnud med því móti at auka tíundargialldit vid hvør hálf hundr. eda 10 aura, um 6 peninga, hvar af 10 gióra alin, eptir þeim máta, sem Tablan (blf. 11. 12) vísar, og er þetta samstemma því, er Løgmadr Vid. segir: at fiórar tíundir løgliga teknar og samanlagdar í eitt af 12 hundr. seu 14⅔ al. þar þessi tabla heimtir af 12 hdr. 2 aura, 2 ál. og 4 pen. edr 14⅔ al. hvar á móti tablan blf. 15 heimtir þar rángliga 15 áln. Allt þetta er útdregit af Hra. Biskupsins Dr. F. Jónssonar Riti um Tiundargiørd, en mer hefir þókt þat þess naudsynligra at tilfæra her, sem þat gefr svo mikla upplysíng um grundvøll vorrar tíundargiørdar.

gefr ávøxtu, skal tíunda, at klædnuum einum fráskildum, því án þeirra kann madr eigi at nióta hinna ávaxtanna, né hirda þá; hèraf er sýniligt, at gagnit og ávextirnir eru þat, sem tíunda skal, en hitt, sem eingann ávøxt færir edr gagnsemd um árit, er hèr ecki til ífundar skipat; þat væri og skynsemdarlaust at heimta tíunda hlut ávaxta af því, sem eingann ávøxt gefr, og ádr er sýnt, at eigi kunni at tíundaz, svo høfudstóllinn uppetiz; eda hvadan mundi ómaga-fé, og þess manns, sem útlendis er, hafa þat einka-leyfi (Privilegium), at ávøxtinu einann af þeirra fé skuli tíunda, ef adrir eiga at tíunda ávaxtarlausann høfudstól; og svo menn skuli þreifa á, at med sama móti eigi menn at tíunda sitt eigit fé eins og ómaga-féit, nefnil. ávøxtina eina, þá stendr þat hèr sérílagi tilgreint: Skal hann þann hlut ávaxtarins tíunda, er undir hann ber, svo sem þat fé, er hann átti ádr; gætum svo at, hvat Løgbókin segir um innstædu-eyri: at hann er full 5 hundr. í því fé, sem madr má høfdu og uytsemd af hafa, Et. 21, og undir eins Et. 22. hvørfu þurdar-innstædu-eyrir, ef eigi verda þeir fiármunir, sem høfdu má af hafa, full 5 hundr., og því næst at af innstædu-eyri 5 hundr. sem ávøxtu má af hafa, skulu gánga 10 aurar í árliga leigu Et. 22.; berum þetta saman vid Kb.

15. er segir: at 12 áln. vadmáls (þá gildi 1 al. vadmáls 1 al. edr 2 fiska eptir Kb. 5.) skuli leysa 2 fiórd. smiors edr 4 lambsfóðr, og þat sé málnytu kúgilldis leiga, eigi megi hærri leigu taka; eins sé rétt at leigia géldfiár kúgilldi 12 áln. Þótt nú mótstodu-menn þessarar meiningar vili segia, at leg M. K. séu 184 árum yngri enn Statúran, og kunni því eigi tíundargiordin bygd vera á 12 ál. leigunni, edr ávextum af hundradi hverju, þá gæti þeir at, hvat Grg. segir í Llb. 1. Madr scal ecki selia sé sitt dýrra á leigu, enn 10 aurar sé leigdir eyri til jafnlengdar; nú var Grg. log í landinu, er Statútan giordiz, og því er vafalaust, at tíundin sé bygd uppá slíka 12 álna leigu af hverju hundradi, leggium þau 5 saman, þá verdr leigan 5sinnum 12 ál. edr 60 áln. er vér kollum 10 aura, þá eru þeir nú til af 5 hundr. innstædu-eyri, sem hinn úngi madr skal eiga, svo sé hans þurdi hvergi. Giorum nú tíund af 5 hundrudum, er leggin skipa 1 eyri, d: þann 10da eyri, sem geldz í leigu af 5 hundr. Gaungum síðan beint fram at allri tíundargiord, og skiptum þadan í frá, og skulum vér finna, at eptir slíkum jafnadi gángi öll tíundar útsvorun, at mönnum séu ætladir 12 ál. gagnsamnir á 12 mánudum af hundradi hverju, því sem til tíundar skuli teliaz. Hér er at merkia 12 álna

gagns-

gagnsmuni, því hvert menn elida sjálfir elldsgogn, edr byggia þau ödrum, þá nýtr eigandinn gagns þeirra; sama er um húsgagn, kistur, smídatól og ambod; allt af þeßu, sem eg hefi 12 álna gagn af árlangt, á at tíundaz, og leggiaz saman, þángat til gagnit verda 2 aurar, ádr þeßir daudu hlutir reiknaz til tíundarvirds hundrads. Gæti menn nú náqvæmliga at grundvelli fornalldar-manna med tíundina, þá sjáum vér, at sá kétill, sem byggiz fyri eyri, og sjórkérallð, er byggiz fyrir annann eyri, verda bædi samanlegd 1 hundr. til tíundar, og í sama máta sá kétill og kérallð, er madr brúkar sjálfr, giora annat tíundar hundrad; af 10 rdl. sem á rentu standa, fær eigandinn $\frac{1}{2}$rdl. edr 2 aura á ári, og því eru þeir 10 rdlr. 1 hundr. tíundarvirdt (4). Sá sem nú á hundrads-vird-

(4) Alldrei hefir eg vitat ne heyrt, at peníngar hafi nockru sinni verit tíundadir á Jslandi, enda munu þeir eigi helldr tídt hafa þar verit settir á rentu; en med því þar um er nú útkomin ein Konúnglig skipan af 17 Júl. 1782, og hún ásamt áqvardar tíund af ödrum hlutum, þá vil eg her meddeila Lesarunum hennar inntak, at því leiti sem tíundinni vidvíkr, ef ske mætti, hún ecki væri á Jslenzku í almúga hondum. Hún segir svo:

1) "Hvor bóndi skal árliga sækia Hreppaskilin, og "telia fram allt sitt fe fyrir Hreppstjórunum, "sem

aun kétil á búi sínu, er hann fær eigi á leigu bygt óhættum skulldunaut, og stórkér-

alld

" sem eigu at virda þat á sama þíngi, á þann " hátt, at hvort 4 rdla. virdi, er svo geugr í " kaupum og sölum, í fríðum peníngi, fiski- " skipum, &c. skal álítaz sem eitt hundrat til tí- " undar, svo sem:

	hundr.
" 2 hestar edr 3 hryßur 4 vetra tí- " undaz fyrir	1 —
" Hvor leigufær kýr, þángat til þær " eru 7 at tölu (því hvor 7 gengr " úr tíundar-reikníngnum)	1 —
" Öll naut og geldqvigur 3 hundr. at " verdaurum	1 —
" 6 ær mylkar	1 —
" 8 saudir 3 edr 4 vetra	1 —
" Tvævetra geldfe 10 á	1 —
" Vetrgamallt 18 á	1 —
" Allskonar skip og bátar, sem gánga " at sió til fiskiveida	1 —
" Kódir og þorskanet tíundaz vid hálf- " anu bát, þat er at skilia, svo " margt af hverju, sem hverium " báti fylgir.	
" Rentulausir peníngar tíundaz 40 rd. " specie fyrir	1 —
" 20 rdlr fyrir	½ —

" En færri peníngar leggiaz eigi til tíundar.

2) " Hreppstiórarnir megu aunguvannveginn láta " ser lynda, at bændurnir seai tíund sína svo eda " svo mikla undir einu, heldr skulu þeir láta

" þá

alld med sama móti, ásamt 10 rdl. er eingi vill uppá reutu taka, hvor vildi þá vera svo

"þá telia serílagi hvsria teaund af fridum pen-
"íngi, og sídan virda þat sialfir.

3) "Vanræki nockurr Hreppaskilin, sem þar á at
"mæta, þá skulu Hreppstiórarnir setia hann í
"Tíund, sem hann skal skyldr síðann at grei-
"da, og efi menn um at nockurr teli rett, þá
"skal eiga hans virdaz, og sá hinn sami til-
"skylldaz at vinna eid at því, hann eckert vís-
"vitandi hafi dulit, eda giort nockr svik, hvar
"yfir Hreppstiórar og Sýslumenn skulu hafa
"ena nágvæmuztu umsión; en vanræki þeir slíkt,
"þá standi skada þann allann, er af slíku leidir.

4) "Þar á móti skulu Prestar, Kirkiur, Skólar
"og Spítalar frí vera frá at tínnda kúgilldin,
"edr adra innstædu, sem þeim tilheyrir, og eins frá
"því at giallda adra skatta, se þeim þat eigi
"serílagi bodit í konúngl. skipunum, sem þar um
"eru útgefnar.

5) "Eins skulu og lanzins hæztu yfirvolld, Stipt-
"amtmadr, Biskupar og Amtmadr, eptir forn-
"um lanzvana, fríir frá því, at telia góts
"þeirra til Tíundar, edr svara nockru þar af
"til vidkomenda, hvort helldr til hreppsins edr
"annara; hvar á móti þeir gefa frívilingar
"gáfur til fátækra og gudligrar brúkunar eins
"og verit hefir; þó er þetta einúngis at skilia
"um þat, sem þeir hafa til bús og brúkunar
"á heimajordum þeirra.

6) "All-

ágiarn at heimta tíund af þeßu þrennu? Hér til verdr svarat: Þat skal sella til þridiúnga,

6) "Allir Prestar og andligir, sem standa í embættum, skulu eins og adrir rettiliga framtelia gózz sitt, hvar af Tíund á at giallda, og svara henni á rettum tíma, þó eigi nema til fárækra einna; og hvat þá veniu snertir, at setia á þá ómaga, þá kunna þeir eigi rett vel undan því at leysaz, en þó skulu þau börn, er þurfa uppfrædingu, framar ödrum adstodarlausum til þeirra setiaz; eptir þeirri tiltölu, er sveitar naudsyn krefr. Svo skulu og Prestar og Presta-eckiur vera frí frá ödrum þyngslum, svo sem skatti, giaftolli, o fl. eptir þeim konúngl. úrskurdum, sem fyrrum eru vid Rentukammersins tilhlutan útgefnar, en Tygthúß-tollr gialldiz eptir konúngl. skipan af 1759.

7) "Prests- og Kirkiu-Tíund skal gialdaz af sjóbóndanum hálf í peníngum eptir þeim gamla Taxta 90 ß. fyrir 1 vætt, en hálf í bezta fiski; en skorti hann, þá í peníngum, eptir þeim nýa Taxta, vættin á 1 rdl. 76½ ß. hvar á móti Tíundin til sveita borgiz med 4½ ß. fyri hvoria álin, edr og med gódum og útgengilegum vörum, er Prestrinn vill mióttoku veita."

Framvegis segir í 17 §. þeßarar Tilskipunar, at "bædi Tíundin og öll önnur Kirkna og Presta rettindi megi hiá þeim, er prálátliga halda þeßu, upptakaz án undangengins

"[illegible]ms,

ga (5), og telia $1\frac{1}{2}$ h. til tíundar, þat verda þá 30 aurar: þar af $\frac{1}{10}$ partr 3 aurar, t: 18 ál., og svo mikit skérdir höfudstólinn edr innstædu eptir fyrsta árit; annat árit er eigi eptir til tíundar nema 27 aurar, en svo sem Statúian hvergi býdr at tíunda minna fé enn 10 aura, svo verda þeir steku 7 aurar undan at falla, verdr svo sama ár eigi nema 1 hundrad til tíundar; nú tekst 10di

"dóms, eptir Sýslumanns tilhlutan." Hinar adrar greinir í þessari skipan snerta eigi Tíundina, hvers vegna eg sleppi þeim her, sem óvidkomandi þessu efni.

(5) Þessu hefir sál. Biskupinn Mag. J. Arnason í hans ovdverdlega áminzta Riti strángliga ástadit, og vill byggia þessa sína meiníngu á Statútu Bergþórs Logsogumanns, er hann vill at samin hafi verit 1117, og hvorrar trúverduglek hann med morgu móti leitaz vid at forsvara, en Dr. Finnr Jónsson, ásamt morgum odrum hálærdum monnum, hefir álitit þessa Bergþórs Statútu falska og laungu sídar uppdiktada, og færir þar til órekanligar roksemdir. Þat hellzta, er kynni at styrkia þessa ástædu, er dómr þeirra Þórdar og Jóns Logmanna 1574; en þessi Logmanna dómr, sem giordiz eigi fyrr enn 300 árum eptir at landit var komit undir Konúngliga stiórnan, þá Logmenn hofdu eigi vald til at setia ný Log, er alldrei af Konúngi stádfestr, og kann því eigi fyrir log at gilda.

hlutr edr 2 aurar af þeßum 20 aurum, verda þá eptir 18 aurar, og af sømu røkum, og fyrr var sagt, eigi skyllt at tíunda nema 10 aura hit þridia árit; tøkum þar af 10da hlut edr 1 eyri, verda 9 aurar, sem eigi er skyllt at tíunda; er svo madrinn, sem af $4\frac{1}{2}$ hundradi felldr til þridiúnga hefir golldit eina 6 aura á þremr árum, gengnum úr tíund, og á enn nú 4 hundr. 24 ál. óskért. Nú skal þetta eptir sama máta fellaz til þridiúnga, en þat 1 hr. 24 ál. sem þá er afgángs, eigi metaz til tíundar, en þó skal hann af 1 hundr. ávaxtarlausu tíund giallda, þat eru 2 aurar af 20 aurum, og nú er eptir af høfudstólnum 4 hundr. at vidlegdu því 1 hundr. sem ádr mátti eigi tíundaz, og enn tíundar hann zia árit 1 hundr., og verdr tíundin svo sem fyrr 2 aurar af høfudstólnum, og fer svo fram, at hann tapar árliga 2 aurum á hverin tíundarhundradi sins ávaxtarlausa høfudstóls, svo leingi hann á 3 hundr. ávaxtarlaus. Hér siáum vér, hversu þeßar ástædur nidrbrióta sig siálfar. Svo sem nú løgtíund er allr tíundi hluti gagns edr ávaxta, upp frá því skiptitíund nemr, svo hlýtr tíund af daudum aurum ávaxtarlausum, felldum til þridiúnga, naudsynliga at vera svo sem nú er reiknat, annars nær hún hvergi heim undir nockurt tíundar nafn. Nú verdr svarat: her skal tíunda 3 hundr. daud eins og 1 hundr. qvikt, en

en hver gaf lof til þeßa? Menn vilia segia, gamlir Alþingis-dómar; þar til svaraz: alldrei fyrr enn vér vórum fyrir laungu komnir undir Konúngligt vallð, og høfdu þá Løgmenn eckert vallð til at dæma nè skipa þvílik þyngsli uppá Konúngsins land og þegna; mundu og alldrei slíkir dómar gierst hafa, hefdu Løgmenn gèfit sèr tóm at hugleida grundvøll tíundar-gierdarinnar. Sá loflegi Rafn Oddsson skildi vel þat hann svaradi sendibodanum Lodinn Lepp, sem undradiz at hèr á landi væri dandt sè tíundat, og hugdi at eins mundi þat eiga hèr at tíundaz sem gagnlaust væri; en Rafn viβi þat betr, og sagdi því, at góð væri tíund vor af løgleigu fiár alls (6), edr rentu, edr eigin

(6) Biskup Jón Arnason segir í sinu Tíundarriti, at þat se eintómr diktr, at Rafn Oddsson hafi talat þeßum ordum: af løgleigu fiár alls, og at Løgm. Vidal. hafi uppfundit þau til at giora málefni sitt áheyrilegt. Í sama stad lítr og þat, sem menn meina at Løgmadr Sveinn Sølvason hafi þar um skrifat. Løgmanni Hra. B. Marcússyni sýnaz og þeßi ord koma svo sem úr miðiu kafi og vera nockut grunsamlig, hvar á móti Dr. Finnr vill eigi reingia Løgm. Vídal. í þeßu, þótt ordin sinniz eigi í summum útskriptum af Lífs-sögu Arna Biskups. Til er og eitt Rit, sem eignat er Prófastinum sál. Vigfúsa Jónssyni í Hýtardal, hvar þat gioriz ríimilegt, at Rafn hafi

gagnsmunum árligum, en eigi sú at tíunda þat, sem eingin væri gagnsvon að; sá Nafn og hvat framandi landa tíundargjörð vildi fátækt þessa lanz óbærilig verda; lítum einúngis til N. L. 2 B. 22. K. 1, 2 og 3 A. og D. L. 2-23-1. 2. og hugleidum undir eins qvikfé og fiski-afla vorn af sió og ferskum vetnum, eggver vor og fuglveidi, dúntekiur og skipa-leigur, þá munu allir svo skyggnir, at þeir siái, hvat þúngt þessá lanz fátækt mundi verda, at þola þá tíundargjörd, sem ádrgreind Densku og Norsku Lög bióda.

Önnur Grein
um hina meiri Tíund.

Þat dregr hellzt til líkinda, at meiri tíund, er Grg. talar um, hafi verit allr tíundi hlutr lausafjár-eigu manna, at Magn. Konúngr setti þat í lög, at gefa Tíundargjöf úr ollu erfdagóssi, og af þeirri tíundargjöf skylldi fyrst lúka sálugjafir, svo at þat eitt gengi til veralldligra audæfa, þeim er madr gefa villdi, sem af þeirri tíundar-gjöf yrdi

hafi talat þessi ord, og þar at auki eru þar ánægianlegar röksemdir tilfærdar, at leiga edr renta hafi tekin verit af dauðum aurum í hinni þapisku tíd, og þar med líka, at af þvílíkri leigu hafi Tíundin átt at gioraz, eins og Lögmadr Vídalín segir.

yrdi umfram; þetta styrkir Grg. í Festarþ. 55 Kap. Scal Biskup hafa fiórdúng, sá er yfir fiórdúngi er, en annann fiórdúng tíundar scal giallda til þingvallar. Síðan scal sá, er giallda á, ráda fyrir þeim tveimr fiórdúngum tíundar við ráð Biskups er þá eru eptir. En ef maðr giørir eigi tíund ena meiri, þá ver þat Fiørbaugsgarð. Hér af siez, at í Grg. er þat skyldugt, at giora þeßa meiri tíund eitt sinn á æfi sinni, sem liósara er af Erfdaþ. 11 K. Tíunda á maðr fé sitt til sálubóta sér, ef hann vill. Eigi á hann optar at tíunda enni meiri tíund fé sitt enn um sinn fyri ráð scaparfa sins. Nú ber fé undir þann mann siðarr eðr vex hontum fé, þá á hann at tíunda sem hann giøri ena meiri tíund um sinn af øllum aurum sínum þeim sem hann á. Ef maðr giørir eigi hina meiri tíund af fé sínu, þá á hann at gefa sálugiafir jafnmikla aura, sem hann hefði tíundat alt fé sitt um sinn hinni meiri tíund. En þat eru sálu-giafir, ef maðr gefr þeim mønnum, er eigi eiga at gegna þingfarar-kaupi oc þurfa fé sitt, eðr verc til ómaga biargar at hafa. Hér af er auðsætt, at þeßi Tíund sé skylduverk, en í løgum Magnúsar Konúngs er þat leyft verk en eigi skylðat; þat skyniz og sem Grg. meini

ein-

einúngis um lausafé, því bera scal hundrad í løgrettu oc fiórdúng einn til þingvallar. Hér verdr svarat: at løgtíund gialldiz hér bædi af landi og lausum aurum. Þar til svaraz: einúngis í tilliti til reutunnar, en eigi høfudstólsins. Framvegis vili menn seaia, at Magnús Konúngr leyfi at gefa laust og fast, þá er atgætandi, at hann leyfir en skipar eigi. Þat er og merkiligt, er hér stendr í Grg. at hann scal af øllum sínum aurum gióra ena meiri Tíund; og enn stendr hér: á hann at gefa sálugiafir jafnmicla aura. Í bádum þessum stødum merkir ordit aurar lausafé einúngis, en eigi fastar eignir (sjá ordit Eyrir). Nú verdr enn spurt: hví munu þat eigi og fastar eignir verit hafa, edr hvernin mundi annars slíkt jardagóz komit undir Stólana? Þar til svaraz: þeim var vel fyrirséd med Frfb. 8 Kap. enda mundi allr fiórdúngr lanz undir stólana komit á hundrad árum, hefdi þessi meiri Tíund verit af føstum eignum; og enn framar, væri þat af fasta-eign, hvat gierdiz þá af þeim fiórdúngi, er til þingvallar skyldi gialldaz? At øllu þessu hugleiddu, sýniz líkara, at þessi meiri Tíund hafi verit af høfudstól lausafiár øllum hvør 10di peníngr, og enn er þat til líkinda, at hundrad skylldi í Løgréttu bera, og þat kallaz 5 aurar af hverium fiórdúngi tíundar, og þat, at svo mikit, sem løgtíund

tíund nemr, qvittaz af hiuni meiri Tíund, sem allt sýnir Grg. í Festarþ. 55 Kap. Þat er menn sculu giøra Tíund ena meiri af fé sínu fyri rádahags sakir, þá scal af því tíundarfé bera í løgrettu hundrad álna, oc er þá sem 5 aurar giallðiz af hvørium fiórdúngi Tíundar, því madr scal og giallda løgtíund hvørt ár af fé sínu, jafnvel þá sem ádr, þótt hann giøri hina meiri tíund, en þat var, er hann hefir giallð hinnar meiri tíundar, scal niðrfalla jafnmikit af hvørium fiórdung þeirrar tíundar, sem madr géldr í fiórdúng løgtíundar, en af því tíundar-fé, sem þá verðr eptir, scal Biskup 2c. Allt þetta er um lausafé skilit og skipat, en eigi um fastar eignir.

Þridia Grein
um Svíanna Høfud-tíund.

Af Vástgotha Laghen Kyrkiubalk 28 Kap. §. 2. má sía, at tíundi hvør penínge eigi í þeßa høfudtíund at gánga, eins og tíunda hvør sképpa af korninu; en þó sýniz þat muni vera eiga 10di hvørr penínge rentunnar alleina, en eigi høfudstólsins, svo sem øll mannsins eiga stædi í penínguni uppá rentu fyri 12 af hundradi tólfrædu.

Fiórda

Fiórda Grein.

Til at sía mismun vorrar tíundar og annara landa, og hvat óhæriligt oss mundi verda þeirra tíundar-form, þá skal hér tilfæra nockur dæmi: 60 ær med lombum allar gilldar at alldri og burdum eru 10 hundrud til tíundar; þar af giallda hiá oss í tíund 2 aurar e: 24 fiskar, en utanlanz 10 fráfæru-lomb, eru 50 fiskar, er svo tíundin þar 26 fiskum meiri enn hér. 10 kyr allar gilldar eru 10 hundr. þar af 2 aurar, en utanlanz einn kálfr, hann 6 vikna gamall vel alinn er 20 ál. edr 40 fiskar, og þó hafa þeir dønsku Prestar heimt, at bændr skylldu leingr ala þeirra tíundar kálf, sía Frid. IV Forord. af 24 Júnii 1701. og nú eru 16 fiskar umfram vora tíund, og þar á ofan sá afarkostr, at þenna tíunda kálf skal bóndinn ala, hvort honum er hægt edr óhægt. Enn er tíund útlandanna tíunda hvert kid, en taxtann á geitunum smyr vor Kb. Þar eru 10 geitur 1 hundr. og 80 ál. þat verdr til tíundar epir vorum reglum $1\frac{1}{2}$ hundr., því at hinar stoku 20 ál. metaz eigi. Tíundin þaraf hiá oss epir skipti-tíundar formi verdr $3\frac{3}{5}$ fisk. en kidlingrinn eins og fráfæru-lamb 5 fiskar, munar svo þetta um $1\frac{2}{5}$ fisk á svo litlu, en ef fleiri væru geiturnar, þá fer sem ádr segir um ásaud. Látum nú til útlendra tíundar af dauðum hlutum: 120 fiskar vegnir tíund-

undaz utanlanz 12 fisk. veguum, en hér alls ecki. Af laxi, silúngs-veidum og allskonar fiski-fángi gengr utanlanz í tíundirnar, tíundi hlutr aflans, svo hit sama 10da hvert egg, 10di hvor fugl, sem veiddr verdr o. s. f. Siáum og í Nl. osta-tíundina, mundi hún eigi verda oss þúngbær? Allir þessir dandu hlutir tíundaz hiá oss alls ecki. Hvat sárliga mundi þá ríkum og fátækum íþyngt verda, ef at slík tíundargiord skylldi hiá oss vidgángaz.

Finta Grein.

Lokssins má þess géta, at nockrir kynnu segia, at landskulldir af fostum eignum ecki sambiódi þeim ástædum, sem hér at framan eru talldar um 12. ál. leigu af hundr. hverju tíundarvirdu, en hér til verdr svarat: Nenni menn auga til Landskulldanna, sem hingat til hafa gollduz á Vestfiordum og Austfiordum hellzt í Múla-sýslu, af flezt-um jordum í leglign standi, þá skulu menn finna þar allvída, ef eigi allstadar, hundrads landskulld af 12 hdr. jordu, at frátekinu, þar sem þær eru nidrstignar sídan 1708; þar at auki eru fiórar tíundir þar leglíga teknar og samanlagdar í eitt af 12 hundrudum $14\frac{2}{7}$ ál. Nú hafa ránglátir tíundaheimtarar tekit í hvern stad 1) 3 ál. af 10 hundr. 2) 1 al. af 2 hundr. þar sem þeir áttu eigi at taka

taka nema $\frac{3}{5}$ al. 3) Þeir ofgolldnu $\frac{2}{5}$ ál. fiórumsinnum teknir giora $\frac{8}{5}$ al. edr $1\frac{3}{5}$ al. Þeßar á þenna hátt med raungu teknar fernar 4 ál. urdu 16 ál. í stadinn fyri $14\frac{2}{5}$ ál. breſtr þá einar 8 álnir til þeß, at 12 ál. landſkuld ſé af hundradi hverju; því tíundin, ſem af hverri jordu gelldſt, þar ſem hver jord liggr, var og er landſkuld til húßbóndans; ſkilia þat allir, at eigi á leigulidi at tíunda fé lanzdrottins faſt né lauſt, ſvo þat ecki komi til afreikníngs. Þeßar einar 8 ál. virdaz líkligazt at muni fallit hafa, þá lanzdrottnar tóku at leggia qvadir á landſetana, ſvo ſem dagsverk, ſkips-áróðr, heſta-lán og fl.; og þá þeir ſmámſaman ſettu føſt kúgilldi á jardirnar, ſem í endverdu vórn alls eingin, og at viſu enn þá ecki 1280, þá Jónsbók var útgéfin, því í henni finzt eingi bókſtafr, er tali um leigu-kúgilldi, er ætíd ſkylldu jordunnm fylgia, heldr hin, ſem hver einn má halda og laus láta, eptir því, ſem þeir hafa máldaga á-giervaun ſín á milli, Kb. 15. 16. K. Þegar nú ádr tilfærd (citernd) grein af Grg. Llb. 1 K. um eyris leigu á ári af 10 aurum, og þar med ſameinat hit almenna ord Løgleiga, er vid þetta ſamanborin, þá munu eigi ſkorta rok til, at af jardar hundradi hverju hafi þá gengit 12 ál. leiga, er Fundatían giordiz um Tíundirnar.

Tor-

Torrek, Þb. 6. (Difficultas, *h. l.* jactura difficulter reparanda, detrimentum) er miſsir sá, er eigi mun audvelldliga bætaz, og er svo kallat af því, at þeſs mun torvelldliga rekit verda, þat er, eigi sé hægt at rekia feril til þeſs, hvat af sé ordit, edr hefud edr bætur fyrir at fá. Vitni til þeſsarar ordsins merkíngar er Þáttr af Hálfdáni svarta; þar segir, Høfdíngi sá, er Haralldr Hárfagri gisti hiá um vetrinn, og adrar Søgur kalla Dofra, hafi mælt: Furdu mikit Torrek giørir fadir þinn sér at, er eg tók vist nockurra frá honum í vetr. Sona-Torrek, þ: Sona-miſsir kallar Egill Skallagrímsson qvædi þat, er hann orkti eptir dauda Bodvars sonar sins; þat er og líka audsætt af því, er Sighvatr qvad eptir Ol. K. Helga (242 K.), at ordit þýdir miſsir; en at þat sé af upprunna þeim, sem fyrr er sagt, siá menn af Vafþrúdnis málum: Ulfr man gleipa allda faudr, þeſs mun Vidar reka; samanber Egilssogu 62 K. og Olafssogu Helga 125 Kap. Hitt er øllum kunnugt, at particula (ordkornit) tor er præpositio inseparabilis (óadskilianlig fyrirsetníng) og merkir óaudvelldni (difficultatem); hédan kémr: torfæra, torveldr, torsókt, tornæmr, tormerki, og annat fleira.

Treya, Ffb. 13 K. (Thorax). Biorn á Skardsá meinar, at Treya hafi uafn af

því látínska ordi tres (þrír), því hún sé þridia klædi; en Vidal. segir eins líkligt, at þat sé bagat af Thorax, og hafi bókstafirnir fengit sætaskipti, eins og Corpus Kroppr, Hors Hroß, Conráð Kodrán, svo sé ordit af Thorax, Throax, Throaz, Troia, Treya.

Tröll, Mh. 2 K. (evocati manes, immundi spiritus & spectra omnis generis). Hér merkir ordit Tröll, eptir sinni eigin náttúru, anda óhreina og uppvakta drauga, sem Sn. Sturluson segir um Óðinn: Stundum vakti hann upp dauða menn úr jörðu, eðr settiz undir hánga (þat er hengda menn), því var hann kallaðr Draugadrottinn, eðr Hánga-drottinn, sjá enn framar Olafss. Tryggvas. 2 B. 48 Kap. Sturl. 3 B. 36 Kap. Olafss. Helga 181 Kap. Hervararss. 6 Kap. ɔc. Var þat trú fornalldar, at andar bæði vondir og góðir mættu klæðaz holldi, eðr gjöra með sjónhverfingum á sér holldligt skin, um lengri stund eðr skémri, sem vottar Grs. 20 K. og Eyrbyggia, um aptrgaungu Þórólfs Bæfótar.

Sú önnur merking þessa orðs er sú, at þat þýðir eigi óhreina anda eins og hér í Mh. 2., heldr holldliga menn, annathvört fyrirtaks stóra, og heita þat Jötnar og Risar, eðr eigi stærri enn aðra menn, og þó með einhverjum fjanda-krapti mengaða, eðr hvöru-

hvørutveggia, bædi yfirtaks stóra og med fianda-krapti tryllda.

1) Um þá stóru menn, sem einúngis fyrir vaxtar-sakir vóru Trøll kalladir, eru dæmi í Segunni af Katli Hæng um Brúna Jotun Finna Kóng og Rafnhilldi dóttur hans, módur Grims Lódinkinnu; hana kalladi Hallbiorn fadir Ketils Trøll, en þó var sjálfr hann kallaðr Hálf-trøll. Einnig í Orvar-Odds segu um Hilldir Risa og Hilldi dóttur hans, er Oddr snaf hiá um vetrinn, og gat med henni Vignir. Þó vóru þetta menn, og høfdu manz edli, þvi bádar þessar konur gátu børn vid mennskum monnum. Sjálf Ritningin nefnir og slika furdu stóra menn, 1 Mos. B. 6, 4. 2 Mos. B. 13, 29. 34. 5 Mos. B. 3, 11. Jos. B. 15, 13. 14. 1 Sam. 17, 4. 2 Sam. 21, 16-22.

2) Hinir adrir menzkir menn at vexti og edli, høfdu Trølla nafn af einhverri fiolkyngi edr fiandakrapti, sem þeim jók megn yfir náttúru manna, eda syndi þá í annara skepna liki, svosem vóru Hamrammir menn, eins og þessir: Störólfr og Dúfhakr, Oddr Arngeirsson á Slettu, og Lodmundr hinn gamli, í Landnámu; Prándr á Ingiallzhóli, í Eyrbyggiu 60 K. Sveinúngi og Gunnsteinn í segunni af Drop-

laugarſonum 29 K. og mørg eru til þeſs fleiri dæmi.

3) Vóru holldligar ſképnur Trøll kalladar, er bædi høfdu vext yfir menuſka menn, og þar med ſlikann fiandakrapt allann af fiolkyngi ſinni. Þvílík vóru þau Trøll á Heidarſkógi, er Olafsſ. Tryggvaſ. talar um í 2 B. 13 Kap. (ſamanb. Grſ. 62 Kap.)

Túlkr, Fml. 7. (interpres). Løgmadr Vídal. meinar, at þetta ord kunni máſké at koma af þula og þulur, af því Túlkrinn þylr þat, er hann útleggr fyri bádum. Biorn á Skardsá dregr þat af Tali.

Tvímánudr, Llb. 42. (Bimenſis, *v.* ille menſis, circa cujus initium duo æſtatis menſes reſtabant). Eptir gamla Stíl inngenngr þeßi mánudr á Pridiadag næztann fyri Marium. fyrri, nema á Varnadar-ári kom hann Pridiadag næztann eptir. En ſídan Nýi Stíll er innkominn, þá er reglan þeßi: Tvímánudr kémr á Pridiadag, alldrei fyrr enn 22 Aug. edr Symphorianus-meßu, og alldrei ſídarr enn 28 Aug.; á þeim døgum verdr einn Pridi-dagr, hann er æfinliga fyrſtr í Tvímánudi, nema Varnadar-ár ſé, þá kémr hann á Pridiadag þann 29 Aug. edr ſíálfann Høfudsdaginn. Hin gomlu nøfn mánadanna eru, eptir réttri rød, þeßi: Þorri kémr á Føſt-

á Fostudag, hann er 30 nætr, og endaz Laugardag at aptni. Góe kémr á Sunnudag, einnig 30 nættr, endaz Mánadag at aptni. Einmánudr kémr á Pridiadag, sá er og 30 nætr, og endaz Midvikudags qvelld hit síðsta í vetri. Sumar-mánudr fyrsti kémr á Fimtadag; hann heitir í Eddu Gaukmánudr, því þá koma sumarfuglar, og Sádtíd edru nafni; hann er 30 nættr, og endaz Fostudag at aptni. Annar mánudr sumars kémr á Laugardag; hann heitir í Eddu Eggtíd og Steckтíd, er 30 nætr, og endaz Sunnudag at aptni. Pridi sumar-mánudr kémr á Mánadag; hann heitir í Eddu Sólmánudr og Selmánudr, endaz Pridiadag at aptni; honum fylgia 4 nætur, sem sumar er lengra enn vetr, d: Midviku-, Fimti-, Fostu- og Laugardagr. Fiórdi mánudr sumars kémr á Sunnudag; hann heitir í Eddu Hey-annir, og er 30 nættr, endaz Mánadag at aptni. Fimti mánudr sumars er Tvímánudr, sem Edda nefnir Kornskurdar-mánud; hann kémr á Pridiadag, er 30 nættr, og endaz Midvikudag at aptni. Siøtti mánudr sumars kémr á Fimtadag; hann heitir í Eddu Haustmánudr, er 30 nættr, og endaz Fostudag at aptni. Vetr kémr á Laugardag, og heitir hinn fyrsti mánudr í vetri Gormánudr; hann er 30 nættr, og endaz Sunnudag at aptni. Annar mánudr í vetri kémr á

Mánadag; hann heitir í Bókarbót Ylir og í Eddu Frermánudr, er 30 nætr og endaz Þridiadag at aptni. Þridi mánudr í vetri kemr á Midvikudag; hann heitir í Bókarbót Mørsugr, og í Eddu Hrútmánudr, er 30 nætr og endaz Fimtadag at aptni. Sá einn dagr, er brestr í árit, bætiz med Sumar-auka á sieunda hverju sumri. Líklegazt er, at Einmánudr sé kallaðr svo af því hann er einn eptir vetrarins, og Tvímánudr af því, at þá eru 2 mánudir eptir af sumrinu; en Mánudr dregr sitt nafn af Mána eda tunglinu, og er skamtr mánadar lengdarinnar gierdr eptir Nyi þeß og Nidum, sem næzt mátti. Mánudir í vorri Lögbók eru hverbetna 30 nætr, og hvar hún nefnir hálfann mánud, skulu skiliaz 15 nætur, svo hún fráskilr viku-mánudi, er 13 giera árit (7).

(7) Mer virdiz óparft at skrifa lengra um þetta orð, Tvímánudr, þar sá hálærdi madr Sýslumadr M. Ketilson hefir þarum ágætliga skrifat í Hrappseyar Tídindum 3 Argángi; minn ásetningr er því at eins, at gefa almúga mönnum litinn smeck þer á; en hinir lærdu þar á móti kunna at eptirsiá áðr áminzt Hra. Sýslumannsins Rit.

Th. S. L.

Endir Agripsins

af

Løgmanz Páls Vídalíns

Glósérunum

yfir

Fornyrdi Løgbókar Íslendínga.

U.

Urgur, Rb. 3. (Frusta restium cetis vel eorum segmentis affixarum). Biørn á Skarzá segir: at Urgur sé þumur, hafi sitt nafn af ari eda Urníngi; þat megi og heita festar-stúfar þeir, sem af sjálfum hvalnum hafi skornir verit, en Løgm. Páll veit eingin rok til þess, at Urgur merki þumur, og eigi meinar hann þeß medþurfa, at festarnar sen af sjálfum hvalnum skornar, til þeß, at þær heiti

urgur, heldr mundi alzkonar festar, sem tilætladar ern at festa edr hepta burtflot og fráleysingu peß, er pær festa, urgur kallaz; og til sanninda parum, leidir hann eigi einúngis pat, at í Austfierdum heiti í almennings máli urgur pær ólar, sem hafdar ern í mannbroddum, onnur utan, onnur innan fótar, til at binda upp um ristina og festa pá á fæturna, heldr og sialf Lögmálsins ord, er túta miog svo í pann veg, at urgur í hval-fiósum séu festar-stúfar, pví hér segir: pá helga pær heim er hval átti í fyrstu, og í Rb. I. helgar par festur hval, en mark vid, og enn í Rb. 3. pó at út taki hvalinn, ef sumr festar-stúfr er á landi, en sumr í hval, pá á sá hval er ádr átti. Par á ofan heldr Lögmadrinn, at urgur finniz sömu merkingar í sumum fornvísum, svosem í Knytlingas. 57. kap. í Nkss. um orustu Hákonar K. Herdibreids í Elfi austr, og í Sæmundar Eddu, Helga qvidu Hundingsbana 2. *). Peir, sem vilia at urgur í Fiósum merki Skutiljárn edr ísærur, gæta ei peß, er segir Rb. 8. at

*) Hvat peßa feinustu stadi snertir, pá er pat útkliád hiá hinum nýrri Fornfræda vitríngum, at ordit urgur se par eigi undirstoduligt, og kunni því sídr at merkia, hvat Lögmad. segir, heldr se pat hit forna vidrlags-ord úrigr (úrugr) samandregit, sem pýdir votann, og kemr af undirstodu-nafninu, úr, væta.

at þó menn skióti hval í vøkum med þingbornum skotum, þá eigu þeir eigi heldr enn adrir menn, né þeß er segir í Rb. 5. hvat legmark er á hvalskeytum, af hverju lióst er, at ómarkat skot helgar eingum hval ne hvalfiósir, og ecki þingborit skot, þótt í vøkum skióti, því sídr, þótt einhver skióti dauda hvalfiós í fiorunni, en festar helga bædi hval og fiósir, og svo giora urgur, því þær eru festar eda festar-stúfar.

Utiseta, Mb. 2. (excubationes nocturnæ veneficii excercendi et hariolandi causa). Þótt søgurnar greini eigi, svo Løgm. Vid. minniz, hvílíkt atferli og ceremoníur heidnir menn eda þeir illa kristnu, er galldra hafa framit, tídkat hafi í sínum útisetum, þá er samt enginn efi á, at þær gierduz alltíd edr alloptazt um nætur, og mest á stór-hátídum til þeß, at þeir, er úti sátu, skylldu þá vísir verda þeß, er þá forvitnadi fyri sialfa sig edr adra, og létuz þeir fá spádóm sinn af reikandi vindum, sem þeim skylldu birtaz skuiligir og mæla vid þá ókomna hluti, svo sem vottar Snorri Sturluson, er hann talar um Odinn (sjá ordit Trøll); einnig Orkneyínga S. 55 og 57 kap. um Svein Brióstreip, og fleiri skilríki.

Utlægr, (vída í bókinni) (proscriptus, exilio damnatus). ɔ: Utan laga, sá sem laganna

frid og frelsi hefir af sèr brotit og giort sig óhelgann mann, sem eigi megi laga nióta, nema til at verda gripinn og fángadr til at missa lífit, hvar sem hann náiz, en falla ógilldr, hvórt sem hann fær sár edr bana, óalandi, óferiandi, órádandi øllum biargrádum, sem Grg. segir um Skógarmenn; þeir heita á Donsku fridlausir menn, og svo er merking þessa ords allstadar í Jónsbók; en í Grg. og Kr. Þorl. og Ket. merkir útlægr þann, er fésekt á at giallda, og er dregit af at útleggia, útiláta fébætur fyri sig. Útlægr III. Mørkum þar í móti heita þeir Skógarmenn í þessum bádum bókum, sem í Jónsbók heita útlagar.

V.

Vagn, Llb. 20. (plaustrum, vehiculum). Hvat sem bilar at vøgnum eda sleda. it. Grg. lbr. þ. 37. ef madr fer of scóg annars manz med sleda edr klyfbera, edr vid, bønd edr vagn, oc bilar reidi hans. Þótt skinnbækurnar lesi í þessum stad Jónsbókar vagum edr vøgum, þá sýniz þó af þessu ráda mega, at einhverntíma hiuni vagnar verit hafa á Islandi; en svosem þessi glósa ei stendr í Heidsævis né Frþ. lögum, þá er líkligt, at hún sé med ásettu ráði innfærd í vora Lögbók, um fram þat, er þær ágveda af

reisu-

reisu-manna pleggum; þó minniz Leginadrinn hvergi vagna getit í trúverdum Islendinga Segum, nema í Vígaglúms sögu 23 kap. er segir, at Helga Syslir Glúms lèt hefia Þorvalld Tasallda son sinn í vagn og flytia frá hverá til Laugalanz; eigi er þar tilgreint á hverium ársins tima þat verit hafi, en þó sýniz sem Eyafiardar-á hafi þýd verit, má þó vel ske, at ísalög eda klaki hafi giört vagn-leidfæri til Laugalanz. Og í Niálss. 99 þar stendr í pappirs bókunum, at lik Høskulldar Niálssonar var lagt í vagn, en Skinnbækurnar lesa vagarnar, svo þar af er esasamt at dæma um vagnana, og helldr líkligra þat hafi vøgur verit, svosem þeim má vída vidkoma þar sem vagnhiól sá einkis orkat. Vagnabúr heitir á Biskups-stólnum Hólum og Vagnbraut í Akra Skiolum í Skagafirdi, þat sem í øbrum er ak-braut kallat. Bædi þessi nøfn ásamt sögunni giora þat líkligt, at vagnar hafi hèr brúkadir verit, helst um vetr á hiarni og ísum, meir enn um sumar, fyrir veganna mishædar sakir og óslettleidis. Akneyti þau, sem hèr hafa tíd verit, er líkazt, at sledum hafi ákat og stórvidum á vetrar hiarni. Llb. 21. ef vidr vex um hlódbraut hvera, svo at þar má ei aka ꝛc. Því ordit at aka getr eins vel merkt sleda ferd sem vagna.

Vanst, Pfb. 5. (defectus, vitium). Þetta ord, sem stendr í hinni prentudu Lögbók, en

en eigi í þeim 6 ellstu og beztu skinnbókum, er Lögm. Vid. hefir undir höndum haft, né heldr í ödrum 7 ritudum fyrir og eptir Sidaskiptin (Reformatióuina), er allt hit sama sem óhlutr, er áminztar skinnbækur hafa í þeß stad, og merkir skort þeß, sem manni ber med réttu, svosem er fridhelgin á Lögþinginu. Hefir ordit vanst uppruna sinn af ord-korninu (particula) van, sem bædi þá þat stendr út af fyri sig, og líka í samsettum ordum, merkir ætíd þurd, skort eda brest á þat sem vera skyldi, svosem í vanvitska, vanmáttr ɔc., og eins í Dönskunni vanartig, vanvittig, Vanære, einnig í daglegu tali andvana ɔ: öndu firdr, og s. framv. En atqvædit seinazta er vidrauki til at skapa heilt undirstöduligt ord, úr ordkorninu van.

Vekia Tröll upp, Mh. 2. (manes evocare). Þat var trú í heidni, at menn kynnu med gellorum, þat er yfirsaungvum og vissum ceremoníum at vekia dauda menn, svosem af margra þióda sögum kunnugt er, og líka siálfri ritníngunni um Saul Konúng og galldra konuna í Endor 1. Sam. 28, 8-20 v. og hefir lengi ellt af þeim átrunadi, sia Rúnakapítula og Vegtamsqvidu í Sæmundar Eddu, einnig þat er Snorri Sturlus. segir um Odinn; og vóru slíkir uppvakníngar Tröll kalladir, sem ádr er sýnt í ordinu Tröll; samanb. Hervararс. 6 kap. Vika

Vika [Laugardagr] Llb. 5. 8. 22. 46. Fml. 3 (hebdomas, [dies Saturni). I þeßum stødum hefir Løgbókin Vikna mælir, og er þat tímatal alit frá Heidindómi til vor komit. Er þat lióst af blødum Ara Preſts hins Fróda, at vikum hafa þeir heidnu talit, en valla er þeß væntandi af þeßum ólærdu mønnum her á Nordrløndum, at þeir hafi vitat svo til plánetanna gaungu, at láta vikurnar ſkiptaz eptir þeirra tølu; því þótt þeir eignat hafi sunnu þann fyrsta dag og mánanum þann annann, þá høfum vér eigi í vorum fornfrædum fleiri daga nøfn eptir himin-liósum, heldr strax hinn þridia Aſunum edr Gudunum eignadann í þeirra máli, og svo hvørn af ødrum; er því líklegazt, at þeir nordr hér hafi eptir forfedranna søgn, mann eptir mann, allt frá Babel haft sitt viknatal, en þeir vid Babel halldit því frá Nóa-sonum, af minning ſkøpunar-verksins og af Drottins-hvíldardegi; mun sú søgn med Odni, edr máske fyrr, til vor komin austan úr heimi, hvar viknatalit hefir frá alda ødli tídkat verit, sem mørg eru røk til, en til hans forfedra frá Gydingum, ef eigi fyrr, þá med þeim tíu kynqvíslum Iſraelis, sem Salmanaſſar Kóngr í Aſſyria herteknar færdi til Halah og Habor, hvøriar þiódir Scaliger (de emend. Temp. Libr. 5.) nefnir Cholchos og Iberos, og var þetta nóg til at kénna Vikna-talit í Tyrklandi, þvíat at á Veſtr-

løndu-

lǫndum tídkuðu Rómverjar sitt mánaða og daga tølu skipti með Calendis, Nonis og Idibus, og til vitnis, at eigi hafi Julius Keysari tilætlat viknatal í sínu ríki, þá eru þar átta bókstafir til at merkia þeirra Nundinas eðr Torgdag níunda hvørn, en í staðinn fyrir þessa átta Torgdaga stafi hafa kristnir menn síðan sett sjø viku daga stafi; er svo sá 7 viku daga bókstafa stuðull, er vér kǫllum sunnudags-bókstafi, fyrst í kristindóminum í ríkistockinn innkominn, og með honum vikna talit í þat rómverska ríki, líkast til á þeirri Nicænisku Ráðstefnu, þegar páska reglurnar vǫru gjørðar árit 325, því þá skylldi gæta sunnudags helgarinnar, sem ei var í heiðindómi, þá allir dagar vikunnar voru virkir. Þat sannar Lǫgmaðrinn með mørgum rǫkum, at vorar heiðnu Nordrlanda þióðir eigi þeckti þá guði Suðrheimsins, af hverium plánetunar og vikudaganir vóru nafngiftir, nema sól og mána, og þeðvegna eigi, sem Blanda vottar, kunnat eptir þeim at gefa vikudøgunum nafn, né kalla Martem Týr, Mercurium Óðinn, Iovem Þór, og Venerem Freyiu, heldr hafi þær vikudøgunum nafnkenníngar gefit til þeirra guða, sem hér vóru dýrkaðir, og sett Odinsdag í miðia viku, svosem í æðstann sess, af því at Óðinn var æðstr þeirra guða; og á þann hátt hafi vorir heiðnu fornalldarmenn eignat 2 fyrstu daga vikunnar sólu og túngli, sem

sem þeir dagliga sáu fyrir augum, og hverra verkun þeir þektu, hinn 3 Ty, 4 Odni, 5 Þór og 6 Freyiu, en hinu 7 elldinum, hvar á heidnir menn hafdu stóraum átrúnad, sem Logmadrinn sannar med ótal reksemdum og dæmum úr sögum og ödrum forufræduum, fyrir utan þat, at Er. Pontoppidan skrifar, at elldriun hafi á Laugardøgum tilbedinn verit. Nú þótt þat kynni ei ólíkligt þykia, at nafn hins 7da dagsins, þat er at segia Laugardags edr Þvottdags nafnit, sem er eitt og hit sama, væri med kristindominum til vor komit, þá athugi menn þau ótalfelldu dæmi í sögunum, at menn eins vel í heidindóminum sem kristninni tídkudu Bad, og einna mest eptir aflokit stór-erfidi, og þat optazt á Laugardøgum, og flýtr þá af ollu þessu sú ályktan: at af því hinn seinasti dagr vikunnar var helgadr elldinum hiá þeim heidnu Nordmönnum, og med elldsins tilkomu gieraz Bøðin mönnum til heilsu-bótar, en Bøðunum fylgia hvottar og laugan líkamans, þá hafi þessi viku dagrinn vid laugir og hvotta kéndr verit, eins hiá þeim heidnu mönnum, sem á vora túngu telndu hér á nordr löndum t. Dönum, Nordmönnum, Svíum og Islendingum, svo sem hiá þeirra kristnu eptirkomendum. Nú er elldrinn hit frekazta medal til Badanna (nær vorm ern, sem hér á at skiliaz), og því er eigi undarligt, at þeir heidnu Nordmenn, sér-

um

um átrúnadar á eldsins guddómi, hafi daginn elldinum helgann tilkosit at nióta Badanna, og lauga líkamann, honum til styrkingar, og þeßvegna kallat hann Laugardag; en svosem hann hét Laugardagr hiá Donum, Nordmonnum og Svíum, svo hét hann og fyri sømu grein Þvottdagr hiá Nordmønnum svovelsem á Islandi, sem sýnir Ghb. hin forna Olafs K. Kyrra um sunnudagshelgi, og K. K. Þorl. og Kétils Biskupa. Vika hefir áu esa sitt nafn þaraf fengit, at þegar hún var endut, skylldi víkia til nýrrar daga tølu, sem hófst á sunnudaginn.

Virki, Mh. 3. (claustrum, munimentum, propugnaculum). Svo heita allir manngiørdir veggir, gardar og skansar, sem hafdir eru til varnar móti ossókn og ófridi; þat vottar Sn. Sturluson, er hann segir: Danavirki er svo háttat, at firdir tveir gánga inn í landit sínu megin landsins hvørr, en milli fiardar botna høfdu Danir giørt borgarvegg mikinn af torfi, grióti og vidum, og grafit díki diúpt fyrir utan, en kastalar fyrir borgarhlidum. Hér siá menn, at fyrst heitir Virkit borgarveggr, sídan heilu hlidin á þessum vegg, borgar-hlid, og skansarnir vid hlidin, kastalar. Eins er í Orkneyingas. sami varnar-skansinn hmist kalladr Virki og kastali. Vita menn, at

at kastali er dregit af Castellum. Svosem nú, at herbúda veggir allstadar eru og hafa verit af torfi, grióti og vidum, og hafa þó kastalar fengit nafn af þeim, svo hafa og Virki þvílik øll, mønnum til varnar gior, fengit nafn af verki, sem sia má af Grg. Llb. 16. þar er túngardr, er tødu-vøllr gengr út at gardi, þar á sá kost edr vølld af gerda um, ef hann vill, og taka þá utangards verkit, þat er torf og griót, verkefnin øll til gardsins, og enn segir þar: taka þar efni gards bóta, er þeir taka gards virki. Borgarvirki er enn til synis í Vídidal, þat er at nordan og vestan þverhøggvinn klettr af uátúrunni giorr, og at sunnan nockurupart, en sumpart mannhladit, at austan er mannsgiorr griótveggr, og þar hafa dyrnar verit. Segia menn at Bardi Gudmundsson í Asbiarnarnesi hafi þat giora látit fyrir væntandi ófridi Borgfirdinga, sidan hann hafdi hefnt Halls bródur sins, og skuli þar frá sagt í Heidarvígasøgu. Virkin, í Reykhollti, á Hrafnseyri, á Grund í Eyafirdi, á Hvammi í Hvams Sveit, á Backa í Øxnadal, og á Saudafelli, er Sturl. umgetr, eru øll til grunna gengin. Virkisins á Ospakseyri getr Sturl. en Virkis þeß, er þiófarnir høfdu giort á fiall-vegi fram hiá Forsæludal, getr Vatzdæla.

Væniz, (at vænaz) Þb. 4. (arguo; insimulo) ɔ: segir von er til, sjá áveni. Ordtak er, at væna menn lygi, segia von til at lygi sé, eda reynaz skuli saga hans; og at væna einhvern Stuldi, segia von at stolit skuli reynaz, þat um er talat. Eg væniz vottum (testes allego) ɔ: eg segi von votta, og lofa at leida vitni, en þó nú sé þau ecki vid.

Vætt, (átta Fiórdúnga vætt) Kb. 2. (mensura, octoginta pondo continens); tvær 9 fiórd. vættir Kb. 26. Hér er fiórdúngatalit til-greint í hverri vætt, til adgreiníngar frá þeirri vætt, er í þann tíma, (sem Løgbók giordiz) var brúkanlig í ollum Noregi, og var 28⅔ merkur; og med því vor Løgbók greinir þetta 8 og 9 fiórdúnga vætta mál, en géir hvorgi þeirrar Norsku vættar, þá er lióst, at hún meinar 8 fiórd. vættir þar, sem hún í Kb. 6. telr fyrst 8 fiórd. vætt gamallra sauda ullar og 3 vætt. mislvægs matar; því annars hefdi verit grein á giør, hveria vætt hér skylldi skilia.

Vertu-smídi, Kb. 6. (opificia ad mercandum concinnata) merkir þá smídis-gripi, sem giørdir eru til sølu, med svo miklum hagleik, at þeirra verd er metit edr á at metaz eptir art hagleikans og smídisins verki, meir enn efni því, sem smídisgripirnir er giørdr af. At sonum skilr Bjørn á Skardsá og fleiri

þetta um þá gripi einúngis, er af járni gióraz, en Legm. Páll meinar at hérmed megi skiliaz skápar úthoggnir og snickverk, allt vandat koparsmídi, svosem liósa-stiakar, og látúns-smídi grafit eda drifit, einnig silfr-smídi, svosem víravirki og sigr-verk, drifit bord-silfr og grafit af miklum hagleik, allt eins sem þeir gripir, er af járni gioraz, skrár og lásar og þeßkonar hlutir, því slikt allt verdr þó metsé at vera, aungvu síder enn Eyrkatlar nýir, sem hér eru þó metsé kalladir, edr skorin klædi og hafnar-vadmál, ásamt ödru, sem Kapitulinn uppreiknar.

Þ.

Þing, Llb. 34. (conventus). Þing merkir eginlgazt alzkonar mannfundi og samkomur til markverdra erinda, þótt engvir séu dómar áttir edr málasóknir. Paraf kémr þat at kyrkiu-sóknir heita þing enn nú at dagligu máli og svo at fornu, bædi í þeßum stad og í Kr. Þorl. og Ketils Biskupa og Arna Biskups, einnig í Grg. Llb. 62. Svo stendr í Nkss.: Finnr Arnason átti þing vid bændur í Þrándheimi ɔ: samkomur og sátta umrædur, því at vid samkomur þær allar, er þing skuiu heita, skal ætíd vera umræda einhvor edr rádagiörd nockurskonar. Eins voru Synodi þeirra geistlegu Biskupa-þing kollud, svosem sú lánga Statúta Jóns Erkibiskups

í Nidarósi, kallar sig siálfa Biskupa-þing. Líka var samtal allt, er nockut væri láungort, þing kallat, svo sem vottar Gísla Súrssonarſ. 28 kap. og Grettisſ. 50 kap. en allraliósazt verdr þat af Harbarzliódum: lec ec vid ena lindhvítu oc laung þing hádac, ɔ: átti lángt samtal vid meyna. Hédan er þat, sem enn nú tala Danir: at tinge edr talaz vid um verd hlutanna. Kallaz hér þing gaman-rædur og kærleiks hót vid qvennmenn, eins og í Nkſſ. I Helga qvidu Hundíngsbana heitir þat Draumþing, er fyrir menn ber í svefni, og alloptazt saunaz, at menn dreymi til dagláta, hvern eptir idiu sinni og standi. Marg-títt er Skáldunum at kalla orustur Geirþing, þvíat oddr og egg eru þar dómarar. Orðit siálft dregr Lögmadrinn af þinnig, þíngat, þángat, þegar fleiri koma þíngat, þángat, og leidir þar til vitnis Helga qvidu Hundíngsbana, Kórmaksſögu, it. Gþb. ena fornu og fleiri ſkilríki *).

Þing, (Vorþing) Llb. 12. (Forum, forum vernale). Ætli fyrſt hrossum bónda tradgiøf til sumars, saudfé og geitum

*) Um uppruna þessa orðs siá enn framar þess lærda manz Jóns Olafssonar Glosarium Syntagmatis de Baptismo, hvar ættleidsla þessa orðs er med rettari rokum sýnd.

um til fardaga, miólk-kúm til þings. Nockrir halda, at hér skuli meinaz Alþing, en þat er víst: 1) at þetta þing, er hér meinar, á at vera sídar enn vorir fardagar, því Løgmálit skipar fyrst hroßin af giesinni á sumarmálum, þarnæzt saudfé og geitur í Fardøgum, og sídan Kyrnar, þegar hefia skyldi þetta þing. 2) At ecki skyldi þat þing vera í siálfum fardøgum, því þá þæri kyrnar eigi taldar í annari grein enn saudfé og geitur. 3) At eigi skyldi þat vera fyri fardaga, sem kapitulinn synir. 4) At eigi skylldi þá ætla kúm fódur, er skyldugt var í Sel at færa úr húshaga, því þat væri ómøguligt at vænta, at sel-hagar mundi þá gróuir fram til fialla, er kúm þyrfti fódr í bygd at ætla; nú er þat lióst af Llb. 24. at skyldt er í sel at fara, þegar 2 mánadir eru af Sumri, d: mánadaginn í 9du viku sumars, því allt mánada tal skal, eptir tilætlan Løgbókar, vera þrítugnætt, sem synt er í Tvímánudi. Af øllu þeßu sylgir, at þetta þing skuli vera syrr á vorinn enn skylldugt var í sel, at fara; á þeß hér at gæta, at þegar Jónsbók kom út 1280, voru lidin ein 17 ár frá því Grágás gèck fyri Løg, og því øllum í fersku minni, at eptir henni skyldu Vorþing árlega halldin á vissann dag, svo þau voru óhræraulig at ødru, enn því sem sumarit hræriz, því at takmark þeirra var miðat við sumarkomuna, en þat setr Grg. í Omaga þ. 3.

33 og 34, þá átta vikur eru af Sumri, og nær Kr. Þorl. og Ketils 13 kap. er við Grg. á þessum stöðum saman borinn, þá verðr þat langardagrinn í 8du viku sumars; nú með því þingit, sem takmarka skylldi fóðr kúanna, hlýtr at hafa verit ávallt á víssan tíma, en mátti eigi vera fyrr enn eptir fardaga, og eigi eptir þat búsmali skylldi vera kominn í sel, þá leiðir þaraf, at þat þing, sem Llb. 12 skipar takmark kúa fóðrsins, sé allt hit sama sem þat Vorþing, er eptir Grg. hefir haldit verit um land allt. Er svo af ollu þessu auðsætt, at hverki á fyrir þetta þing at skilia Alþing þat, sem halldit hefir verit síðan landit kom undir Kóng, og Hákonarb. ásamt Jb. setr á Péturs-messu og Páls, né heldr alþing hit forna, þó þat væri nockru fyrr, sem skylldi byriaz á fimta-dag, þá 10 vikur eru af sumri, en endaz á miðvikudags kvelldi þess, er endar hina 12 viku sumars.

Þing, Ag. 6. (res muliebres, quæ massam dotis non ingrediuntur) merkia hér 1) gripi kvenna, kvennskart og klædnað þann, er afbrigði nockurt er á, og eigi hafa komit í þann þriðiúng heiman fylgiunnar, sem í þesskonar fé er leyft at gésa Ag. 1. 2) Lítilfiærliga smá-hluti, sem giptingarmenn ógiarna í reikning setia, og eru þó þarflig kvenna þing, svosem: pall-kistill, kniplaskrín, fingrbiærg, nálar, þráðr, priónar, snúðr

ſnúdr óg ſnælda, ſkautaſébli, og hverſdags klædnadr, er ſambýdr hennar ſtandi; þetta býdr Løgbókin, konu ſé lokit auk heiman-fylgiu eptir mann hennar látinn. Sannar þat Grettis ſ. 58. kap. um vidr-eign þeirra Grettis og Gísla, at þing merki klædi og annat er madr med sér færir, hvorin Kr. Þorl. og Kétils og líka nefndrar Søgu 54. k. ſamſinnir. Enn framar tilfærir Løgmadrinn á ſínum døgum tídkadann málshátt: þat er mikill munr, hvar madr kémr sér og þingum sínum. Glósan er og í ſømum erlingu enn þá allíd í Danſkunni, ſvoſem: ingen Ting, alle Ting, og ſvo framv.

Æ.

Æſta, Er. 25. Llb. 42. 56. (poſcere, poſtulare). Merkir at beida med alvøru, ſem ſiá má af Llb. 10. 15. 34. Kb. 3. og virdiz ordit ſegia, at háſum hliódum ſkuli kalla bænder til lidveizlunnar, ſvo þeir æſiz til þeſs, eins og vopnat lid er fram-æſt og eggiat med hrópi. Siá enn framar Sódul-kollu víſur Grſ. 49. kap.

* * *

Þeſsi eru þau forunyrdi Løgbókar vorrar, glóſerut af Løgmanni Vídalín, ſem eg hingattil hefi gétat yfirkomiz. Þat ſafn, er eg fyrir gódvild

gódvild nockurra Lærdóms-elſkenda, og þar á-medal nú at ſíduztu Hra. Copíiſtans Magnúſ-ar Stephenſens, hefir at láni haft til þeßa ágrips, helldr eigi fleiri. En med því eg veit Lögmadrinn hefir ſkrád um nockur onnur Log-bókinni tilheyrandi (auk þeirra, er hann út-liſtat hefir úr Grágás og ödrum fornalldar ſkiolum); þá ſkal þat ſkyllda mín og ánægia at útvega og meddeila þau gódfúſum Leſara, ſvo ſkiótt, ſem hentugleikar géfa færi á; hvar-til eg og audmiúkliga og vinſamliga beidi alla þá, er nockut þeß-háttar kynnu í höndum hafa, og eigi finzt í neinum parti þeßa míns Agrips, at audſyna Félaginu og mér þann gód-vilia, at géfa mér ávíſun og náqvæma útſkrift af ſlíkum ordum.